

**SKOÐUN** Bjarnheiður Hallsdóttir og Pétur Óskarsson skrifa um passa. 22



**MENNING** Jakob Bjarnar skrifar um umbrotaár í íslenskum leikhúsum. 32



**LÍFIÐ** Gunnar Karl Gíslason á Dill ræktar grænmeti og jurtir í gróðurhúsi. 48



**SPORT** Geir Sveinsson er að gera frábæra hluti með Magdeburg í Þýskalandi. 42







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Mánudagur**
**29. desember 2014**
304. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



### Hvarf af ratsjá

162 er saknað eftir að flugvél hvarf sporlaust á flugi í Suðaustur-Asíu í annað sinn á árinu. 12

**Aflið skortir fé** Starfsemi Aflsins, systursamtaka Stígamóta á Akureyri, er í hættu því fjármagn skortir. 2

**Til skoðunar að leysa upp EBÍ** Bæjarráð Kópavogsbæjar kannar hvort ráðlegt sé að leysa upp Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands vegna lítillar ávöxtunar. 6

**Búist við miklum vatnsflaumi** Varað er við mikilli hálku og miklum vatnsflaumi í dag. Ráðlegt að hreinsa vel frá niðurföllum. 6




20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 6° | S | 15 |
| Akureyri | 8° | S | 10 |
| Egilsstaðir | 8° | S | 12 |
| Kirkjubæjarkl. | 7° | S | 8 |
| Reykjavík | 8° | S | 10 |

**VATNSVEÐUR** Sunnan 10-18 m/s og mikil rigning um sunnan og vestanvert landið en úrkomulítið NA-til. Hægari SV-átt í kvöld. Hiti 5-10 stig. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

**Áramót | Fólk**




# Hugsanlegt að vöruskorts verði vart í upphafi nýs árs

Forstjóri heildsölunnar Innnes segir innflytjendum mismunað þegar vörugjöld eru felld niður. Félag atvinnurekenda telur að vöruskortur gæti orðið í kringum áramótin þar sem innflytjendur halda að sér höndum.

**VIÐSKIPTI** „Þetta er enn ein birtingarmynd þess að innflytjendur sitja ekki við sama borð og framleiðendur á Íslandi,“ segir Magnús Óli Ólafsson, forstjóri heildverslunarinnar Innness, um vörugjöldin sem verða afnumin 1. janúar 2015.

Innflytjendur telja að með gildistökuákvæðum laganna sé þeim mismunað þar sem innflytjendum sé gert að greiða vörugjöldin við tollafgreiðslu vara en innlendir framleiðendur standi skil á gjöldunum eftir að hún er seld. Þannig munu vörur sem fluttar eru inn fyrir áramótin af innflytjendum en seldar eftir þau þurfa að bera vörugjöld en ekki hjá framleiðendum.

„Með þessu er verið að mismuna erlendum framleiðendum miðað við íslenska framleiðendur. Það er spurning hvort innflutningsverslunin eigi að leita réttar síns varðandi þetta,“ segir Magnús Óli.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir möguleika á því að einhver vöruskortur verði vegna þessa.

„Menn eru búnir að flytja eins lítið inn og þeir komast af með fyrir áramót. Hjá aðildarfyrirtækjum Félags atvinnurekenda hafa menn sagt að þetta geti þýtt að dagana fyrir og eftir áramót geti orðið einhver skortur á þeim vörum sem bera vörugjöld,“ segir Ólafur og nefnir sem dæmi af matvöru sósur, sultur, kökur og kex, sælgæti, gos, safa og aðrar sykraðar vörur.

Félag atvinnurekenda lagði það til við stjórnvöld að vörugjald sem greitt hefði verið við tollafgreiðslu yrði endurgreitt þeim innflytjendum sem ættu vörur á lager um áramót. Á það var ekki hlustað.

„Þetta þýðir líka að fyrst gildistökuákvæðunum var hagað svona þá getur vörugjaldið verið áfram í verði varanna í þrjár til fjórar vikur eftir áramótin. Verðlækkunin skilar sér ekki strax til neytenda,“ segir Ólafur.

> **Það er spurning hvort innflutningsverslun eigi að leita réttar síns.**
>
> *Magnús Óli Ólafsson, forstjóri Innness*

Almenn vörugjöld leggjast í dag og til áramóta á sykruð matvæli og drykkjarvörur, byggingavörur, varahluti í bíla, stærri heimilistæki svo sem ísskápa og þvottavélar auk annarra raftækja eins og sjónvarpa og hljómflutningstækja. - fbj



**VONUM FRAMAR** Flugeldasala hófst í gær og nóg var að gera á sölustöðum Landsbjargar. Jón Ingi Sigvaldsson, markaðsstjóri Landsbjargar, segir söluna hafa farið vel af stað og jafnvel betur en oft áður. Meðlimir björgunarsveitanna voru í óða önn að undirbúa söluna þegar ljósmyndari Fréttablaðsins heimsótti þá í gær. Sjá síðu 8. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stækkun virkjunar enn í bið:

## Langvinn áhrif Kröfluelda

**ORKUMÁL** Vegna áhrifa Kröfluelda, sem brunnu á árabilinu 1975 til 1984, hefur Landsvirkjun neyðst til að bíða átekta með frekari nýtingu orku á svæðinu og stækkun Kröfluvirkjunar. Unnið er með gömul og ný gögn fyrir nýja aflstöð norðan við núverandi Kröflustöð.



Landsvirkjun hefur unnið að undirbúningi að stækkun Kröfluvirkjunar lengi og fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum fyrir allt að 150 MW stækkun. Ekki hefur verið sótt um framkvæmda- eða virkjanaleyfi þótt kostinn sé að finna í nýtingarflokki Rammaáætlunar. - shá / sjá síðu 4






Tvíburasystur greindust með sjaldgæft heilkenni sem bitnar á fjölskyldunni:

## Með sjaldgæfan litningagalla

**HEILBRIGÐISMÁL** Eineggja tvíburasysturnar Sonja Ósk og Þórunn Björg greindust á árinu með sjaldgæfa litningagallann Ring chromosome 20 syndrome, önnur í mars en hin í ágúst. Aðeins er vitað um 40 tilfelli í heiminum frá árinu 1973 þegar fyrsta tilfellið var greint. Systurnar eru einu tvíburarnir í heiminum sem vitað er af með litningagallann og einu Íslendingarnir. Heilkennið lýsir sér meðal annars með miklum flogaköstum en einnig hefur atferli þeirra gjörbreyst og mikið álag hefur verið á fjölskyldunni vegna þess. Systurnar fá heiftug skapofsaköst sem erfitt getur verið að eiga við. „Þetta eru ekki sömu stelpur og ég átti í byrjun

> **Þetta eru ekki sömu stelpur og ég átti í byrjun árs.**
>
> *Kristbjörg Kristjánsdóttir, móðir Sonju og Þórunnar.*

árs,“ segir Kristbjörg Kristjánsdóttir, móðir stúlknanna. Veikindin hafa bitnað mikið á fjölskyldunni en auk systranna á hún tvö önnur börn og tvö stjúpbörn sem dveljast á heimilinu eina helgi í mánuði. Fjölskyldan er búsett á Ólafsvík og hefur Kristbjörg þurft að dvelja langdvölum á Barnaspítala Hringsins með dæturnar í rannsóknum og læknismeðferðum. - vh / sjá síðu 10



**SYSTURNAR** Líf þeirra Sonju Óskar og Þórunnar Bjargar hefur gjörbreyst frá því að þær greindust með litningagallann.




## SPURNING DAGSINS



Jóhannes, heldurðu þá að þú gangir bara heim?

**„Já, þetta er brjálæðislegt „game“.“**
Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, gagnrýnir að lækkun eldsneytis á árinu hafi ekki skilað lægri fargjöldum leigu- og hópbíla.

Líklegast er talið að nýr ráðherra Framsóknarflokksins taki við umhverfisráðuneytinu af Sigurði Inga:

# Sigrún róleg yfir orðrómi um ráðherrastól

**STJÓRNMÁL** Búist er við því að ráðherrum Framsóknarflokksins fjölgi úr fjórum í fimm á næstunni. Talið er líklegast að umhverfis- og auðlindaráðuneytið, sem verið hefur í umsjón Sigurðar Inga Jóhannssonar, verði fært undir nýjan ráðherra.

Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, hefur verið nefnd líklegur ráðherra. Sigrún segist sjálf róleg yfir orðróminum. „Ég er mjög ánægð með þau verkefni sem ég er með,“ segir Sigrún. Hún segist sjálf ekkert hafa heyrt frá kollegum sínum í flokknum vegna málsins heldur aðeins séð það sem ratað hefði í fjölmiðla.

Sigrún minnti á að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra og formaður Framsóknar, hefði gefið út að breytingar væru fyrirhugaðar á ráðherraembættinu. Það gæti verið um áramótin en Sigrún nefnir líka upphaf þings sem líklegur tímapunktur. Alþingi kemur saman þann 20. janúar.

Auk Sigrúnar hafa Vigdís Hauksdóttir og Silja Dögg Gunnarsdóttir verið nefndar sem líklegir ráðherrar þar sem Eygló Harðardóttir er eini kvenkyns ráðherra Framsóknarflokksins.

Sigrún minnir þó á að vangaveltur fjölmiðla þurfi ekki að endurspegla það sem í gangi sé í flokknum. Rifjar hún upp nýlega skipun Ólafar Nordal í embætti innanríkisráðherra sem hafi komið mörgum á óvart.

- ktd, ih



**ÞINGFLOKKSFORMAÐUR** Sigrún Magnúsdóttir segir líklegt að nýr ráðherra verði skipaður í janúar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Á LEIÐ ÚR MESSU** Elísabet, drottning Breta, mætti í sunnudagsmessu í gær.
NORDICPHOTOS/GETTY

Elísabet Bretadrottning og fleiri konungbornir í kirkju:

# Drottningin mætti í messu

**LONDON Elísabet drottning fór í sunnudagsmessu í Kirkju heilagrar Maríu Magdalenu í gær. Hér er hún á leið aftur upp í bíl eftir messuna en fjölmargir aðrir konungbornir mættu í kirkjuna þennan sunnudaginn. Meðal annars sonur hennar, Karl prins, Filippus hertogi af Edinborg og Anna prinsessa.** - vh

Notendur Facebook leiðir:

# Biðjast afsökunar á nýrri viðbót

**NEYTENDUR** Forsvarsmenn vefsíðunnar vinsælu Facebook hafa beðið þá afsökunar sem voru minntir á slæma tíma á árinu sem senn er á enda með viðbót sinni, The Year in Review.

Þessi viðbót virkar þannig að vinsælar myndir Facebook-notenda á árinu eru settar saman í hátíðlega áramótafærslu.

Einn þeirra sem hefur gagnrýnt uppátæki samfélagsmiðilsins er Eric Meyer, rithöfundur og vefsíðuhönnuður. Hann missti dóttur sína á árinu og segir hann sárt að opna Facebook og við honum blasi andlit hennar undir orðunum: „Svona var árið þitt.“

- nej

Heimsótti Vatíkanið aftur:

# Lagði rósir á hvílustað páfa

**VATÍKANIÐ** Tyrkneskur maður sem sýndi Jóhannesi Páli páfa II banatilræði fyrir 33 árum heimsótti Páfagarð um helgina og lagði rósir á leiði hans. Að því loknu vildi hann hitta Frans páfa.

Maðurinn, Mehmet Ali Agca, var dæmdur í lífstíðarfangelsi á Ítalíu árið 1983 fyrir árásina en var náðaður árið 2000.

Heima í Tyrklandi beið hans síðan tíu ára fangelsi fyrir morð á þarlendum blaðamönnum og smáglæpi á áttunda áratugnum.

Í skýrslu ítalskrar rannsóknarnefndar frá 2005 var fullyrt að stjórnendur Sovétríkjanna sálugu hefðu skipulagt árásina.

- jóe






**STÍGAMÓT Í REYKJAVÍK** Stígamót og Aflið eru systursamtök. Aflið sinnir þjónustu á öllu Norðurlandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Óvissa um starfsemi Aflsins á Akureyri

Aflið, systursamtök Stígamóta á Akureyri, hefur ekki fengið neitt vilyrði fyrir rekstrarfé á næsta ári. Samtökin sitja ekki við sama borð og Stígamót þegar kemur að fjárlögum. „Óvíst að starfsemin verði af sama krafti,“ segir formaður Aflsins.

**VELFERÐARMÁL** Starfsemi Aflsins, systursamtaka Stígamóta á Akureyri, er stefnt í voða fái félagið ekki fjármagn til reksturs ársins 2015. Aflið sinnir þjónustu fyrir alla sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi eða heimilisofbeldi og aðstandendur þeirra á öllu Norðurlandi.

Anna María Hjálmarsdóttir, formaður Aflsins, segir starfsemina í mikilli óvissu. Samtökin hafi ekki verið á fjárlögum líkt og Stígamót og þurfi þar af leiðandi að reiða sig á styrki frá ári til árs. Einnig er samningur við Akureyrarbæ laus nú um áramótin og viðræður hafa ekki farið fram um framlengingu á þeim samningi.

„Aflið hefur á þessu ári sinnt um eitt þúsund einkaviðtölum við þolendur kynferðisofbeldis og þörfin á svæðinu er mjög brýn. Svo virðist sem það fjölgi alltaf skjólstæðingum okkar. Við erum með sólarhringsþjónustu fyrir þolendur og höfum svo verið með sjálfshjálparhópa. Óvíst er að þessi vinna verði af sama krafti ef ekki kemur fé til rekstursins,“ segir Anna María.

Aflið er systursamtök Stígamóta en býr við það að vera ekki á fjárlögum líkt og Stígamót. Það rekstrarfé sem Aflið fær er aðeins brot af því sem Stígamót fá árlega til að sinna verki sínu. „Það er einhvern veginn auðveldara að ná í fjármagn nálægt höfuðborginni, maður sér það í þessu sem og öðru. Auðvitað væri það mun betra fyrir okkur að fá einnig að vera á fjárlögum og vita í hvað stefnir,“ segir Anna María.

Rekstur Aflsins á þessu ári verður undir fimm milljónum króna. Telur Anna María að ef vel ætti að vera ætti rekstrarfé að vera í kringum 15-20 milljónir. „Rekstur okkar er erfiður um þessar mundir. Við höfum á þessu ári tæplega fimm milljónir úr að spila og nýtum fjármagnið sem best. En ef við fáum ekki fjármagn á árinu 2015 þá dvínar starfsemin.“

Sigríður Huld Jónsdóttir, formaður félagsmálaráðs Akureyrar, segir það fullan vilja bæjaryfirvalda að Aflið haldi áfram starfsemi sinni. Akureyrarbær hafi hingað til veitt samtökunum húsnæði að kostnaðarlausu og ekki sé á döfinni að breyta því. „Hins vegar er það umhugsunarvert hvers vegna Aflið er ekki á fjárlögum líkt og Stígamót í Reykjavík,“ segir Sigríður Huld.

sveinn@frettabladid.is

Skattrannsóknarstjóri vinnur hörðum höndum að kaupum á upplýsingum:

# Búist við niðurstöðu í lok janúar

**EFNAHAGSMÁL** Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri segir viðræður um kaup á gögnum um Íslendinga í skattaskjólum í fullum gangi. Þetta sé algert forgangsverkefni þótt hægt miði.

Mörg Evrópuríki, til dæmis Þýskaland, hafa keypt slík gögn og endurheimt mikið af skattfé. Á Íslandi miðar þó frekar hægt í þessum málum að margra mati enda margir mánuðir síðan gögnin voru boðin embættinu til kaups.

Fjármálaráðuneytið gaf grænt ljós á það fyrir tæpum mánuði að gögn um Íslendinga í skattaskjólum yrðu keypt en setti þó ýmis skilyrði. Til að mynda að greiðsla yrði ekki innt af hendi fyrir upplýsingar nema þær leiddu til aukinnar skattheimtu.

Annað skilyrði var að gögnin væru ekki fengin með ólögmætum hætti. Bæði skilyrðin eru líkleg til að hægja á viðræðum og síðara skilyrðið gæti þó einna helst torveldað samninga við seljandann. Aðspurð hvort viðkomandi seljandi sé erfiður í samningum eða skilyrði ráðuneytisins of þröng, segir hún ekkert hægt að segja um það á þessu stigi.

Bryndís segir að unnið hafi verið hörðum höndum að málinu síðan ráðuneytið gaf grænt ljós á kaupin í byrjun desember. Hún býst við að það dragi til tíðinda í málinu í ársbyrjun og niðurstaða liggi fyrir í lok janúarmánaðar.

- þká



**MIKIL VINNA** Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri segir unnið hörðum höndum að gagnaöflun.


Hjálpsemi.
Sjálfboðaliðar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru til taks hvenær sem aðstoðar er þörf. Myndin er tekin í óveðrinu sem gekk yfir landið þann 16. desember síðastliðinn.
Þegar björgunarsveitarmaður rýkur úr vinnu til að moka bíl upp úr djúpum skafli eða bera þig slasaðan ofan af heiði sjá vinnuveitendur um að dekka vinnutapið.
Það er þeirra hjálpsemi og fyrir hana erum við þakklát.
Björgunarsveitarmenn eru nefnilega sjálfboðaliðar. Þeir hafa ákveðið að vera á sólarhringsvakt fyrir okkur hin.
Það er þeirra hjálpsemi og fyrir hana eru Íslendingar þakklátir.
Ár eftir ár sýnir þjóðin þakklæti í verki með því að kaupa vandaða flugelda af Slysavarnafélaginu Landsbjörg.
Það er hjálpsemi þjóðarinnar og fyrir hana erum við þakklát!
Hjálpsemi borgar sig – gleðilega hátíð og slysalaus áramót!
ÖRYGGIS AKADEMÍAN
NOTUM ALLTAF
FLUGELDAGLERAUGU
- bæði börn og fullorðnir
FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
– berst fyrir lífi þínu

## SVONA ERUM VIÐ



**115 þúsund tonn af makrílafurðum hafa verið flutt út á fyrstu tíu mánuðum ársins.**

Á öllu síðasta ári voru flutt út 111 þúsund tonn af makrílafurðum.

Lögmaður segir ákvörðun um áfrýjun hafa verið tekna en tjáir sig ekki um forsendur dómsins strax:

# Tony Omos mun áfrýja til Hæstaréttar

**DÓMSMÁL** Úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Tonys Omos gegn Útlendingastofnun og íslenska ríkinu verður áfrýjað til Hæstaréttar. Þetta staðfestir Stefán Karl Kristjánsson, lögmaður Omos, og verður það gert snemma á nýju ári.

Héraðsdómur staðfesti fyrir rúmum tveimur vikum niðurstöðu Útlendingastofnunar og innanríkisráðuneytisins að hafna því að taka hælisumsókn Omos til meðferðar.

Stefán Karl segir að sér hafi ekki gefist tími til að skoða forsendur dómsins ítarlega og því treysti hann sér ekki til að tjá sig sérstaklega um þær að svo stöddu.

Omos kom hingað til lands í október 2011 en þá var hann á leið til Kanada. Hann framvísaði kanadísku vegabréfi annars manns og var stöðvaður í flugstöðinni.

Síðar sótti hann um hæli hérlendis en á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar var hafnað að taka þá umsókn til meðferðar þar sem hann hafði sótt um hæli í Sviss árið 2008.

Omos byggði kröfu sína á því að hann ætti sérstök tengsl við landið í skilningi Útlendingalaga. Í október í fyrra sendi hann innanríkisráðuneytinu bréf sem sýna átti að staða hans hefði gjörbreyst. Meðal annars gengi kona, búsett á Íslandi, með barn hans. Engin gögn studdu þá staðhæfingu og var henni hafnað af dómnum. **- jóe**



**Í HÉRAÐSDÓMI** Stefán Karl Kristjánsson, lögmaður Tonys Omos. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**VERKEFNISSTJÓRI** Tryggvi Þór Herbertsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Einn sjötti hefur staðfest:

## Bíða eftir 80 þúsund manns

**EFNAHAGSMÁL** Um 15.000 manns af þeim 95.000 sem gefinn hefur verið kostur á því hafa samþykkt skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarinnar. Þetta segir Tryggvi Þór Herbertsson, verkefnisstjóri leiðréttingarinnar.

Einhverjir einstaklingar hafa gengið frá sínum málum á þann veg að lánastofnunin taki húsnæðið og skulda þeir engin fasteignalán í dag. Í slíkum tilfellum, segir Tryggvi, fær fólk leiðréttinguna í formi aukins persónufrádráttar.

Hver og einn umsækjandi hefur þrjá mánuði til að samþykkja leiðréttinguna. **- jóe**

Bárðarbunga skelfur enn:

## Fimm skjálftar yfir fjögur stig

**ELDGOS** Ekkert lát er á jarðhræringum í Bárðarbungu og Holuhrauni en stærstu skjálftarnir frá því um hádegisbilið á laugardag mældust 4,6 að stærð.

Jarðskjálftarnir urðu klukkan tæplega þrjú á laugardag og klukkan hálfátta í gærmorgun. Þrír aðrir skjálftar voru yfir 4 að stærð og 12 skjálftar á stærðarbilinu 3 til 4. Í allt mældust á fyrrnefndum tíma rúmlega 40 jarðskjálftar í Bárðarbungu. **- nej**

# Kröflueldar setja enn strik í reikning Landsvirkjunar

Ekki er mögulegt að stækka Kröfluvirkjun þar sem áhrifa Kröfluelda gætir enn. Vinna stendur yfir við að yfirvinna vandann. Aðgengilegir orkukostir bíða vegna vanmáttugs flutningskerfis raforku á Norðurlandi.

**ORKUMÁL** Vegna áhrifa Kröfluelda, sem brunnu á árabilinu 1975 til 1984, hefur Landsvirkjun (Lv) neyðst til að bíða átekta með frekari nýtingu orku á svæðinu og stækkun Kröfluvirkjunar. Unnið er með gömul og ný gögn fyrir nýja aflstöð norðan við núverandi Kröflustöð.

Landsvirkjun hefur unnið að undirbúningi að stækkun Kröfluvirkjunar lengi og fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum fyrir allt að 150 MW stækkun. Ekki hefur verið sótt um framkvæmda- eða virkjanaleyfi þótt kostinn sé að finna í nýtingarflokki Rammaáætlunar. Aðalskipulag er samþykkt. Virkjanir á Þeistareykjum og í Bjarnarflagi hafa verið framar í framkvæmdaröðinni þar sem þegar er búið að afla gufu fyrir allt að 50 MW á hvoru svæði fyrir sig.

Við fyrirspurn Fréttablaðsins um ástæður þess að Kröfluvirkjun er ekki, og hefur ekki, verið inni í myndinni segir að eldsumbrotunum sé um að kenna, þ.e. eftirhreytum þeirra. „Niðurstöður borana á árunum 1996-1999 á Kröflusvæðinu höfðu gefið væntingar um að efnasamsetning vökva hefði skánað til muna frá Kröflueldum. Rannsóknarboranir fyrir stækkun Kröflu hafa leitt í ljós að enn eru veruleg áhrif Kröfluelda neðan 1.800 metra dýpis. Jarðhitavökvinn er afar orkuríkur en tærandi gös valda hins vegar erfiðleikum,“ segir í svari Landsvirkjunar.

Unnið er að nýju hugmyndalíkani fyrir Kröflusvæðið þar sem farið er yfir eldri og ný gögn til að finna bestu leiðir til að afla gufu bæði neðan og ofan 1.800 metra dýpis fyrir nýja aflstöð norðan við núverandi Kröflustöð sem er 60 MW. Allar tímasetningar um framhaldið eru óljósar.

Óli Grétar Blöndal Sveinsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Lv, gerði nýtingu vatnsaflskosta að umtalsefni á haustfundi Lv í lok nóvember. Í máli hans kom fram að fleiri orkukostir sem langt eru komnir hvað varðar rannsóknir bíða – en af öðrum ástæðum þó.

Þetta á t.d. við um nýtingarmöguleika á veitusvæði Blönduvirkjunar – en það er eini orkukosturinn í vatnsafli sem er í nýtingarflokki í dag. Þar hefur Lv haft til athugunar að nýta 68 metra fall á núverandi veituleið Blönduvirkjunar – setja þar upp þrjár smávirkjanir sem framleitt gætu 34 MW á ári.

„Hins vegar er ekki unnt að fara í þær virkjanir í dag á meðan flutningskerfið á Norðurlandi er eins veikt og það er. Það þarf að styrkja áður en farið er í þær virkjanir,“ sagði Óli Grétar á fundinum í haust. **svavar@frettabladid.is**



**KRÖFLUVIRKJUN** Alls hefur Landsvirkjun 20 vatnsafls- og jarðvarmakosti til athugunar. MYND/LANDSVIRKJUN

### Kröflustöð nýtir jarðgufu úr 18 holum

- Kröflustöð er jarðgufustöð sem nýtir blöndu af há- og lágþrýstigufu úr 18 vinnsluholum til að knýja tvo 30 MW hverfla.
- Íslenska ríkið reisti Kröfluvirkjun en Landsvirkjun eignaðist stöðina árið 1985. Framkvæmdir hófust árið 1974 með tilraunaborunum en borun á vinnsluholum og bygging orkuvers hófust sumarið 1975.
- Fyrri vélasamstæða stöðvarinnar var gangsett í ágúst 1977 en vegna gufuskorts hófst vinnsla rafmagns ekki fyrr en í febrúar 1978.
- Árið 1996 hófst uppsetning seinni vélasamstæðu stöðvarinnar. Nýjar holur voru boraðar, eldri holur lagfærðar og gufuöflun hefur gengið vel með endurbættri tækni, meðal annars stefnuborun.
- Raforkuvinnsla með seinni vélasamstæðunni hófst í nóvember 1997 með hálfum afköstum en eftir að borun og endurbótum á gufuveitunni lauk 1999 hefur Kröflustöð starfað með tveimur vélasamstæðum og fullu 60 MW afli.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 11° | Friedrichshafen | -3° | New York | 6° |
| Aþena | 14° | Gautaborg | 0° | Orlando | 27° |
| Basel | 5° | Kaupmannahöfn | 0° | Ósló | -9° |
| Berlín | -2° | Las Palmas | 20° | París | 5° |
| Billund | 2° | London | 5° | San Francisco | 12° |
| Frankfurt | 3° | Mallorca | 11° | Stokkhólmur | -8° |




**Á MORGUN** 3-8 m/s.

**GAMLÁRSDAGUR** 8-13 m/s, hægari um kvöldið.

**FLUGHÁLKA** Hvöss sunnanátt með miklu vatnsveðri og hlýindum gengur yfir land í dag og má búast við mikilli hláku og hálku þar sem er pakkaður snjór á götum. Nú er ráð að hreinsa vel frá niðurföllum til að koma í veg fyrir vatnsskemmdir.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# ÁRAMÓTA BOMBA

## 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM

## 20% AFSLÁTTUR AF ALLRI SNYRTIVÖRU

**27. - 31. DESEMBER**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** Hvaða veitingastaður seldi um 600 kebabrétti á aðfangadag?
**2.** Í hvaða kirkjugarði voru skemmdir unnar á leiðum fyrir helgi?
**3.** Hversu margir héldu jól í Kvennaathvarfi Stígamóta?

**SVÖR**

**1.** Ali Baba. **2.** Gufuneskirkjugarði. **3.** Sjö.

Veðurfræðingur brýnir fyrir fólki að fara varlega vegna mikillar hálku í dag:

# Hætta á tjóni vegna vatnavaxta

**VEÐUR** Veðurstofa Íslands varar við mikilli hálku og hættu á vatnstjóni vegna talsverðrar úrkomu og bráðnunar snjós og ís í dag.

Birta Líf Kristinsdóttir, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, telur mikilvægt að fólk hafi varann á vegna veðursins. „Það þarf að passa að ekkert stífli niðurföll,“ segir Birta. Hún brýnir einnig fyrir þeim sem verða á ferðinni í dag að fara varlega vegna mikillar hálku sem gæti orðið um land allt vegna hlýnandi veðurs.

„Það spáir talsverðri rigningu sunnan og vestanlands, sérstaklega seinnipartinn, sem samfara hlýnandi veðri og bráðnun snjós gæti valdið talsverðum vatnavöxtum,“ segir Birta.

Úrkoman verður mest í kringum fjöll og jökla sunnan- og vestanlands. Þar gæti sólarhrings afrennsli, það er samanlögð úrkoma og snjóbráðnun, farið yfir hundrað millimetra á morgun segir í tilkynningu frá Veðurstofunni. -ih



**SVELLBUNKAR** Varað er við mikilli hálku í dag vegna bráðnunar snjós og rigninga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Enn ólga við Miðjarðarhaf:

## Stöðvuðu ferð barna til Ísrael

**PALESTÍNA** Hamas-liðar stöðvuðu í gær rútu fulla af palestínskum ungmennum á leið til Ísrael. Heimsóknin var skipulögð af þarlendum friðarsamtökum.

Ástæðan fyrir aðgerðum Hamas, sem voru tekin af hryðjuverkalista ESB fyrir skemmstu, var sú að einn staðanna sem heimsækja átti er hluti af landtökusvæði Ísraela.

Rúmlega 2.100 manns, nær allt Palestínumenn, létust í átökum milli þjóðanna síðsumars. - jóe



**SKEMMDARVERK** Það var ömurlegt að líta á skemmdarverkin í Gufunesgarðinum á annan í jólum. AÐSEND MYND

Helgispjöll í Grafarvogi:

## Viðurkenndi skemmdarverk

**LÖGREGLUMÁL** Búið er að upplýsa annað atvik af tveimur þar sem bílum var ekið yfir leiði í Gufuneskirkjugarði um jólin.

Þórsteinn Ragnarsson, forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, segir ökumanninn hafa sagt að klaufaskapur hafi ráðið för, en tjónið sem hann olli er töluvert.

„Hann í raun tók þarna rangar ákvarðanir og álpaðist í einhver vandræði og festi bílinn,“ segir hann en bætir við að ökumaðurinn hafi boðist til að bæta tjónið. -sks

Óvenju mikið um mýs í haust:

## Mýs leggjast á kindur og særa

**LANDBÚNAÐUR** Mýs hafa lagst á fé í fjárhúsinu á Hlíðarenda í Breiðdal í Breiðdalshreppi og sært það með því að grafa sig inn í hrygginn eftir æti.

„Það eru allir sammála um að óvenju mikið hafi verið um mýs þetta haustið og nú þegar snjór er kominn yfir allt virðast þær sækja mikið í hús,“ segir Arnaldur Sigurðsson, bóndinn á bænum.

Arnaldur segist hafa orðið þess var um helgina að ein áa hans var særð eftir árás músar. Bóndinn vill ekki útiloka að ráðist verði á fleiri kindur næstu daga. - mhh

# Sveitarfélögin bíða dauða meðeigenda sinna í EBÍ

Framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands segir ekki borga sig fyrir sveitarfélög að slíta félaginu fyrr en sveitarfélögin hafa eignast fleiri hluti fyrirtækja og einstaklinga meðal eigenda sem falla frá.

**FJÁRMÁL** Bæjarráð Kópavogs telur ávöxtunarmöguleika Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands (EBÍ) svo takmarkaða að óskað var greinargerðar um möguleika þess að leysa félagið upp og greiða út eignarhluti.

„Það væri ekki skynsamlegt á þessum tímapunkti,“ segir Anna Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri EBÍ, sem ræður frá slitum á félaginu í bréfi til Kópavogsbæjar.

Brunabótafélaginu var með lögum breytt í eignarhaldsfélag á árinu 1994. Frá þeim tíma hafa fulltrúar sveitarfélaga sem eiga hlut í félaginu farið með völdin.

Samkvæmt lögunum eignast sameignarsjóðurinn hluti einstaklinga í EBÍ þegar þeir falla frá. Sömuleiðis rennur í sameignarsjóðinn hlutur félags sem hættir að vera skráð sem lögaðili. Sveitarfélögin eignast sameignarsjóðinn.

Árið 1994 var hlutdeild sameignarsjóðsins 7,2 prósent. Fyrir tólf árum var skiptingin þannig að einstaklingar áttu 50 prósent í EBÍ, lögaðilar 29 prósent og sameignarsjóðurinn 21 prósent. Um síðustu áramót hafði sameignarsjóðurinn hins vegar aukist í 33,5 prósent en hlutur lögaðila minnkað í 23,4 prósent og hlutur einstaklinga var 43,1 prósent.

Í svari Önnu Sigurðardóttur til Kópavogsbæjar er þannig bent á að hlutur sameignarsjóðsins vaxi í áranna rás. Eignarrétturinn sé óvirkur en verði virkur við slit félagsins.

„Lykilatriðið hér er að sameignarsjóðurinn verður eign aðildarsveitarfélaganna við hugsanleg slit og því skiptir öllu máli fyrir sveitarfélögin að hlutdeild sameignarsjóðsins verði orðin umtalsverð áður en til slita á félaginu kemur,“ segir í greinargerð Önnu.

> **Í hnotskurn má því segja að sveitarfélögin standi frammi fyrir tveimur valkostum. Annars vegar sá að fá lítið strax, það er þessar 670 milljónir, eða horfa til lengri tíma.**
>
> *Anna Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri EBÍ.*

Þá kemur fram að eignir EBÍ séu nú um þrír milljarðar króna. Væri félaginu slitið þyrfti það að greiða út um einn milljarð vegna lífeyrisskuldbindinga og einstaklingar og fyrirtæki myndu eiga um 1,3 milljarða. Í hlut sveitarfélaganna kæmu 670 milljónir.

„Í hnotskurn má því segja að sveitarfélögin standi frammi fyrir tveimur valkostum. Annars vegar sá að fá lítið strax, það er þessar 670 milljónir, eða horfa til lengri tíma, ávaxta eignina og halda áfram ágóðahlutagreiðslum til sveitarfélaganna á meðan hlutdeild sameignarsjóðsins hækkar og lífeyrisskuldbindingin lækkar,“ undirstrikar framkvæmdastjórinn.

Fram kemur að árleg útgreiðsla EBÍ til eigenda hafi verið 222 milljónir króna að meðaltali á fjórtán ára tímabili. „Þessi árangur hefur náðst þrátt fyrir að hér hafi orðið algjört hrun á fjármálamarkaði,“ segir Anna Sigurðardóttir í skýringum sínum til Kópavogsbæjar.



**TÍMANNS TÖNN** Þegar fólk sem á hlut í EBÍ deyr rennur hlutur þeirra til sveitarfélaga sem eiga í félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Á meðan sveitarfélögin sem stjórna EBÍ ákveða að slíta ekki félaginu minnkar hlutur einstaklinganna eftir því sem þeir falla frá. Í dag er hlutur þeirra í hreinni eign EBÍ yfir 800 milljónir króna sem, eftir því sem tíminn líður, færast í hendur sveitarfélaganna.

gar@frettabladid.is



# ALLT FYRIR ÁRAMÓTIN



ÚTIKERTI

VERÐ FRÁ: **149**

**ÚTIKERTI**
Mikið úrval af útikertum. Frábær verð! Vnr. 730213, 600019, 600036, 713415, 714401



KLAPPSTÓLL **1.695**

FRÁBÆRT VERÐ!

**VIG KLAPPSTÓLL**
Klappstóll, fæst í svörtu. Vnr. 3626641



46% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.295 **695**

**KLAUSEN HÚFA**
Flott prjónahúfa með dúski. Fæst í 3 litum. Vnr. 5888300



1 PAR FULLT VERÐ: 1.295 **695**

**CALEB HANSKAR**
Ein stærð. Vnr. 5882700



33% AFSLÁTTUR

57 LÍTRA

FULLT VERÐ: 2.995 **1.995**

**57 LÍTRA PLASTKASSI**
Með smelltu loki og á hjólum. Stærð: 59 x 41 x 33 sm. Vnr. 301-11-1003




VERÐ FRÁ: **279**

**SERVÍETTUR**
20 stk. í pakka. Vnr. 8880000665





33% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.495 **995**

**KARLSEN LÚFFUR OG HANSKAR**
Fást í 5 litum. Lúffur: 1-8 ára. Hanskar: 3-10 ára. Vnr. 5888901, 5888902



25% AFSLÁTTUR

FRÁBÆRIR DÚKAR

NÚ VERÐ FRÁ: **1.995**

**VALENCIA DÚKAR**
Frábærir matar- og kaffidúkar úr míkróefni sem hrindir frá sér vætu. Litir: Svartur, hvítur, kremaður og rauður. Stærðir: Ø160 sm. **2.695** nú **1.995** 140 x 180 sm. **2.695** nú **1.995** 150 x 220 sm. **2.995** nú **2.245** 150 x 250 sm. **3.495** nú **2.620** 150 x 300 sm. **3.695** nú **2.770** 150 x 320 sm. **3.995** nú **2.995** 150 x 350 sm. **4.495** nú **3.370** Vnr. 519-11-1001



100 STK.

VERÐ FRÁ: **470**

**SPRITT-KERTI**
100 stk. í poka. Vnr. 3935500, 302-11-1009, 43687001




400 BLÖÐ Á RÚLLU **549**

**JUMBO ELDHÚSRÚLLA**
Góð eldhúsrúlla eða sem alhliða pappírsrúlla. 400 blöð. Vnr. 8007541007194




1 STK. **499**

**ARINKUBBAR**
Góðir arinkubbar á frábæru verði. Hægt að fá í stöku eða 12 stk. saman í pakka 1 stk. **499** 12 stk. **4.495** Vnr. 1101



29% AFSLÁTTUR

LOÐFÓÐRUÐ

FULLT VERÐ: 6.995 **4.995**

**CHERROX BARNASTÍGVÉL**
Frábær stígvél, loðfóðruð að innan. Litir: Svart og rautt. Stærðir: 25-35. Vnr. CHE-7-13052-10-25



25 GR.

1 DOKKA NÚ **118**

3 GERÐIR 30% AFSLÁTTUR

**DOLLYMIX GARN**
Mjúkt og gott garn. Efni: 100% polyester. 25 gr. dokka. 1 dokka **169** nú **118** Vnr. Y1066




1 DOKKA NÚ **384**

**GALAXY GARN**
Mjúkt og áferðafallegt garn með pallíettum. Efni: 31% ull, 65% acryl og 4% payette. Nokkrir litir. 1 dokka **549** nú **384** Vnr. Y1-687



100 GR.

1 DOKKA NÚ **416**

**PRICEWISE GARN**
Skemmtilegt garn í flottum NEON litum. Efni: 100% acryl. 100 gr. dokka. 1 dokka **595** nú **416** Vnr. Y1036-001

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**TILBOÐIN GILDA TIL 31.12.14**



2 PÖR ULLARSOKKAR

2 PÖR **1.495**

**ULLARSOKKAR**
Góðir ullarsokkar á frábæru verði! 2 pör í pakka. Fást í 2 litum. Stærð: 36-46. Vnr. 24000437

Efnahagsástand skyggir á:

## Króatar gengu til kosninga

**KRÓATÍA** Forsetakosningar fóru fram í Króatíu í gær og Ivo Josipovic, núverandi forseti, þykir líklegur til að hljóta kjör á ný; með naumindum þó. Fjórir frambjóðendur keppast um atkvæði Króata.

Efnahagsástandið í Króatíu er slæmt en það er nýjasta landið í Evrópusambandinu. Vinstri miðjuflokkarnir sem nú sitja í ríkisstjórn hafa verið gagnrýndir fyrir að takast ekki nægilega vel að vinna landið upp úr efnahagskrísunni. - nej

Herlið NATO í Afganistan kveður landið. Eftir áramót koma liðsmenn aðeins að þjálfun heimamanna:

# Yfirgefa Afganistan eftir þrettán ára veru

**AFGANISTAN** Hersveitir Atlantshafsbandalagsins í Afganistan (ISAF) munu ekki taka þátt í frekari hernaðaraðgerðum þar í landi. Þar með lýkur þrettán ára hersetu Bandaríkjamanna í landinu.

Í gær fór fram athöfn þar sem fáni ISAF var dreginn niður og fáni nýs verkefnis hífður að húni. Nýja verkefnið hefur fengið nafnið Resolute Support en þeir sem taka þátt í því munu koma að þjálfun afganskra lögreglu- og hermanna. Undirbúningur þess hefur staðið lengi en því var formlega ýtt úr vör í gær.

„Við höfum leitt afgönsku þjóðina úr myrkrinu og gefið henni von um bjartari framtíð,“ sagði hershöfðinginn John Campbell í ræðu á athöfninni.

Þegar ISAF var sem stærst voru í því yfir 130.000 hermenn af yfir fimmtíu þjóðernum. Alls týndu um 3.500 erlendir hermenn lífinu við störf sín í Afganistan. Eftir áramót verða eingöngu um 12.000 manns eftir og á enginn þeirra að taka þátt í bardögum.

„Öryggismál Afganistan munu héðan í frá vera alfarið í höndum þeirra 350.000 manna sem skipa lögreglu- og herlið landsins,“ segir Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, í yfirlýsingu.

Árið sem nú er að líða undir lok er það blóðugasta í Afganistan síðan árið 2001 en tæplega 5.000 meðlimir öryggissveita landsins hafa fallið í bardögum við talibana. - jóe



**ATHÖFN** Hershöfðinginn John Campbell fjarlægir fána ISAF-sveitanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



**AFTAKA** Fjöldi hefur fallið fyrir hendi liðsmanna Íslamska ríkisins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Tvö þúsund teknir af lífi í ár:

## Liðhlaupar og borgarar myrtir

**SÝRLAND** Skæruliðasamtökin sem kenna sig við Íslamska ríkið hafa myrt um 2.000 manns í Sýrlandi undanfarið hálft ár. Þetta kemur fram í tölum frá Sýrlensku mannréttindavaktinni.

Af þeim sem hafa fallið í valinn eru ríflega hundrað fyrrverandi liðsmenn samtakanna sem vildu yfirgefa þau. Meirihluti hinna voru almennir borgarar en hluti voru sýrlenskir hermenn.

Íslamska ríkið hefur náð nokkrum ítökum í Sýrlandi og Írak. Staðfestar tölur um mannfall á árinu í Írak liggja ekki fyrir. - jóe

Um tuttugu útköll í gær:

## Víða slæm færð

**BJÖRGUN** Björgunarsveitir höfðu í nægu að snúast í gær. Um fimmleytið voru um tuttugu útköll vegna færðar á vegum, mestmegnis á norðanverðu landinu. Björgunarsveitin Berserkir kom ökumönnum á Snæfellsnesi til aðstoðar en bíll fór út af í Helgafellssveit auk þess sem ökumaður lent í vandræðum á Vatnaleið.

Reiknað er með mikilli hálku víðs vegar um landið á næstu dögum og eru ökumenn hvattir til að sýna aðgát. - gló

# Óbreytt verð á flugeldum þrátt fyrir fríverslun

Flugeldasalar segja verð á flugeldum standa í stað milli ára. Ástæðan sé meðal annars aukinn flutningskostnaður. Fríverslunarsamningurinn við Kína tók gildi í byrjun júlí og var tíu prósenta tollur á flugelda lagður af.

**VERSLUN** Verð á flugeldum stendur í stað milli ára þrátt fyrir að innflutningstollar á vörum frá Kína hafi verið felldir niður með fríverslunarsamningnum sem tók gildi í byrjun júlí. Flugeldasalar segja flutningskostnað hafa aukist og að þeir hafi í einhverjum tilfellum greitt fyrir vörurnar áður en fríverslunin tók gildi.

„Samningurinn hefur þau áhrif að við getum verið með flugeldana á sama verði og í fyrra. Menn átta sig ekki alltaf á því að það er verðbólga í Kína og svo er flutningurinn okkar stærsti höfuðverkur og hann er alltaf að hækka,“ segir Jón Ingi Sigvaldason, sölu- og markaðsstjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Einir Logi Eiðsson, framkvæmdastjóri Stjörnuljóss ehf., sem rekur fjórar flugeldasölur og heildverslun sem selur íþróttafélögum og klúbbum eins og Kiwanis, tekur í sama streng og Jón.

„Flutningskostnaðurinn er alltaf að verða meiri milli ára á þessari vöru. Vörurnar koma hingað jafnt og þétt yfir árið en menn eru að ganga frá pöntunum í mars og apríl og greiða inn á þær,“ segir Einir.

Heildarinnflutningur á flugeldum er að þessu sinni um 502 tonn samkvæmt upplýsingum frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Í fyrra voru 406 tonn flutt til landsins en 648 tonn árið 2012.

Verðmæti innflutningsins í fyrra nam tæpum 240 milljónum króna samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Upplýsingar um heildarverðmæti innflutningsins það sem af er þessu ári liggja ekki fyrir en áætla má að það nemi um 300 milljónum króna.

Samkvæmt innflutningstölum Hagstofunnar höfðu rúm sex tonn af flugeldum verið send hingað til lands á þessu ári þegar fríverslunarsamningurinn tók gildi. Við gildistöku samningsins var tíu prósenta innflutningstollur, sem miðaðist við kaupverð, felldur niður.

Árið 2013 komu um sjö prósent af þeim flugeldum sem seldir voru hér á landi frá Hong Kong en restin frá Kína. Hagstofan hefur nú birt tölur yfir innflutning á fyrstu tíu mánuðum ársins og allir flugeldar sem hingað komu á því tímabili voru keyptir í Kína.

haraldur@frettabladid.is




**SALAN BYRJUÐ** Það var nóg um að vera á flugeldasölu þegar ljósmyndari Fréttablaðsins kom þar við í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Flutningskostnaðurinn er alltaf að verða meiri milli ára á þessari vöru. Vörurnar koma hingað jafnt og þétt yfir árið en menn eru að ganga frá pöntunum í mars og apríl og greiða inn á þær.**
>
> *Einir Logi Eiðsson*

www.volkswagen.is




Volkswagen atvinnubílar

Einstakt tækifæri

Nú í desember gefst einstakt tækifæri til að kaupa **sýningar- og reynsluakstursbíla** hjá VW atvinnubílum **á góðum kjörum.** Kynntu þér málið hjá sölufulltrúum okkar á Laugavegi 174.

Atvinnubílar

Takmarkað magn

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

*Veljum íslenskt*
***– okkar hagur!***
*Samtök iðnaðarins - www.si.is*

# Þrettán bræður sem þekkja íslenskar aðstæður

Íslensku jólasveinarnir hafa fylgt okkur í gegnum nístandi frost og skafrenning í margar aldir. Sá útlenski er góður kall og allur af vilja gerður en hann er bara ekki búinn fyrir íslenskar aðstæður.

**Málning hefur í yfir 60 ár framleitt og þróað málningu og viðarvörn sem þolir íslenskt veðurfar.**




**Við óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.**

**málning**
*- það segir sig sjálft -*

# Eineggja tvíburasystur greindust með sjaldgæfan litningagalla

Systurnar Sonja Ósk og Þórunn Björg greindust á árinu með afar sjaldgæfan litningagalla sem hefur breytt lífi þeirra mikið. Mikið álag hefur verið á fjölskyldunni en móðir þeirra hefur þurft að dvelja langdvölum með þær á spítala fjarri hinum börnum sínum.

**Viktoría Hermannsdóttir**
viktoria@frettabladid.is



Eineggja tvíburasysturnar Sonja Ósk og Þórunn Björg greindust á árinu með mjög sjaldgæfan litningagalla. Systurnar eru níu ára gamlar en önnur þeirra greindist með litningagallann Ring chromosome 20 syndrome í mars en hin í ágúst. Litningagallinn er afar sjaldgæfur en aðeins er vitað um 40 tilfelli í heiminum frá árinu 1973 þegar fyrsta tilfellið var greint. Systurnar eru einu tvíburarnir í heiminum sem vitað er af með litningagallann og einu Íslendingarnir. Sjúkdómurinn lýsir sér með miklum flogaköstum en einnig hefur atferli þeirra gjörbreyst.

„Fyrst þegar þetta byrjaði hjá Sonju þá héldum við að þetta gætu verið slæmar martraðir,“ segir móðir þeirra, Kristbjörg Kristjánsdóttir. Fyrstu einkenni voru krampar og flog hjá Sonju að næturlagi. Síðan jukust kramparnir og fyrst var talið að hún væri með flogaveiki. Flogin eru mismunandi og sum standa yfir í langan tíma með miklum verkjum og aukaverkunum. Síðar kom í ljós að um litningagalla væri að ræða. Þegar það var staðfest var hin tvíburasystirin, sem þá hafði ekki sýnt nein einkenni, send í blóðprufu. „Tveimur dögum áður en við áttum að fá út úr blóðprufunum þá byrjaði hún að fá flog,“ segir Kristbjörg.

### Atferli og hegðun breyst

Mikið hefur mætt á fjölskyldunni undanfarið ár. Þau eru búsett á Ólafsvík en systurnar hafa þurft að vera í rannsóknum og sækja læknismeðferðir á Barnaspítala Hringsins vegna veikindanna. „Síðan í apríl hef ég verið meira og minna á Barnaspítalanum. Ég lá lengst inni í 26 sólarhringi með aðra stelpuna, kom heim í fjóra daga og síðan var hún lögð inn aftur í sex daga,“ segir Kristbjörg sem á tvö önnur börn auk tveggja stjúpbarna sem dvelja hjá fjölskyldunni eina helgi í mánuði núna. „Foreldrar mínir hafa verið okkar stoð og styttur og hjálpað okkur með hin börnin þegar ég hef verið frá svona lengi í bænum,“ segir hún.

Systurnar eru á alls kyns flogaveikislyfjum til þess að reyna að stemma stigu við flogunum. Lyfin virka betur á þá sem greindist fyrr en ekki hefur tekist að finna lyf sem virkar nægilega vel á þá sem greindist síðar. En flogin eru ekki allt. Sjúkdómurinn hefur valdið miklum breytingum á hegðun þeirra og atferli. „Þetta eru ekki sömu stelpur og ég átti í byrjun árs,“ segir Kristbjörg alvarleg.

### Erfitt að ráða við þær

Systurnar fá mikil skapofsaköst og erfitt getur verið að ráða við þær. „Þær eru óþekkjanlegar í öllu atferli frá því sem áður var. Þær voru áður mjög lífsglaðar og kátar stelpur sem voru duglegar í skóla. Voru dálítið órar eins og er oft með börn. Núna eiga þær erfitt í skólanum, ég er oft beðin um að sækja aðra þeirra og þær eiga erfitt með að læra. Við erum bitin tvisvar til átta sinnum á dag stundum,“ segir Kristbjörg og tekur fram að oft sé mjög erfitt að ráða við þær.

„Sú sem greindist síðar hefur brotið sjónvarp, tvo fataskápa, hillur og kommóðu,“ segir hún. Erfitt er að biðja aðra um að gæta þeirra. „Foreldrar mínir tóku hana eina helgi svo ég fengi hvíld og pabbi minn var í rúminu í tvo daga á eftir. Maður veit nefnilega aldrei með hana. Hún getur verið róleg en svo allt í einu er hún orðin eins og fellibylur.“

Kristbjörg segir þetta geta reynt mikið á. Til dæmis þegar hún þurfi að skjótast í búð með aðra hvora systurina með sér. „Ég þurfti nokkrum sinnum að hafa aðra hvora þeirra með mér í búð fyrir jólin og tók þá eftir að maður var litinn hornauga. Eins og maður væri óhæft foreldri með óþekkt barn. Það liggur oft svo miklu meira að baki en þetta hefur eiginlega orðið til þess að ég treysti mér ekki til þess að fara neitt með þær. Fólk mætti gjarnan líka stundum spá í því hvort það liggi ekki meira að baki.“

### Allt óljóst

Vonir standa til að lyfin fari að virka betur á hina systurina. „Það á eftir að prófa tvö flogaveikislyf á henni og ef þau virka ekki þá þurfum við að sækja um undanþágu til þess að fá lyf sem er bannað hér en hefur virkað vel fyrir þá sem eru með Ring 20,“ segir hún. Systurnar eru einnig á sérstökum lyfjaskammti fyrir næturnar þar sem önnur þeirra var farin að stinga af á nóttunni. „Við þurftum að skipta um lás til þess að hún kæmist ekki út þar sem hún var farin að fara út á nóttunni.“

Kristbjörg segist vonast til þess að lyfin fari að virka betur á systurnar en segir í raun allt óljóst í þessum efnum. „Eins og læknarnir segja þá er þetta í raun og veru bara tilraunastarfsemi. Þetta virkar kannski á þennan en ekki á hinn sem er með þetta. Við vitum ekkert hvernig þetta þróast. Við vitum að þetta getur versnað mikið þegar þær eldast og fara á hormónaaldurinn en við vitum í raun ekki mikið. Læknarnir hafa líka sagt okkur að við getum búist við að þær þrói með sér asperger, þroskaskerðingu eða einhverfu. Það getur ýmislegt fylgt þessu og maður veit í rauninni ekki hvernig þetta fer.“

### Verkefni sem þarf að vinna

Kristbjörg segist hingað til hafa tekið þetta á hörkunni. „Sem betur fer í þessu öllu þá erum við með dásamlegan lækni sem er ungur og mjög forvitinn um allt og vill finna ástæður. Það er honum að þakka að það fannst þessi litningagalli og þá er hægt að vinna út frá honum. Við erum með dásamlegt teymi á Barnaspítalanum og í skólanum hérna sem maður getur verið í sambandi við. Maður er ótrúlega týndur í þessu, reynir að gera sitt besta í þessum aðstæðum en þetta er búið að vera gífurlegt álag á fjölskylduna. Ég er löngu orðin bensínlaus og var orðin það áður en Þórunn Björg veiktist,“ segir hún og bætir við: „En þetta er verkefni sem ég þarf að vinna.“

### Mikill ferða- og lyfjakostnaður

Fjölskylda þeirra og vinir hafa sett af stað söfnun fyrir þau þar sem ferða- og lyfjakostnaður hefur verið mikill undanfarið ár. Sjálf er Kristbjörg 75% öryrki og vegna veikinda systranna þá hefur maður hennar einnig misst mikið úr vinnu. „Það er dýrt að ferðast svona á milli en svo er það líka það að vera með heimili hér en þurfa að halda sér uppi í bænum þegar maður er svona lengi á spítalanum í einu,“ segir Kristbjörg.

Þeir sem vilja leggja fjölskyldunni lið er bent á söfnunarreikninginn 0190-05-060444 kt. 131082-4289.



**SYSTURNAR** Sonja Ósk greindist í mars en Þórunn í ágúst.



**MEÐ ÖLL BÖRNIN** Mikið álag hefur verið á fjölskyldunni síðan að systurnar greindust. Hér eru þær með Kristbjörgu móður sinni og systkinum.



**SONJA ÓSK** Hér er Sonja í heilalínuriti.

> Við vitum ekkert hvernig þetta þróast. Við vitum að þetta getur versnað mikið þegar þær eldast og fara á hormónaaldurinn en við vitum í raun ekki mikið.

## Heilkennið

Ring chromosome 20 er afar sjaldgæfur litningagalli og einungis hafa greinst um 40 tilfelli í heiminum. Heilkenninu fylgja yfirleitt flogaköst en einnig geta fylgt hegðunarvandamál og þroskaskerðing svo eitthvað sé nefnt. Talið er að fleiri tilfelli séu af heilkenninu en læknar hafa greint. Stundum fylgja því útlitsleg einkenni og hefur þá verið hægt að greina heilkennið strax við fæðingu en líkt og í tilfelli tvíburanna, Sonju og Þórunnar, var ekki um nein útlitsleg einkenni að ræða. Heilkennið greinist yfirleitt frá eins til sautján ára aldurs.

# LÍFEYRISSJÓÐUR ÓSKAST

Óskum eftir lífeyrissjóði sem er tilbúinn til að fjárfesta í byggingu mannsæmandi húsnæðis fyrir aldraða. Húsnæði þar sem eldri borgarar geta notið ævikvöldsins í stað þess að vera bara númer á blaði. Eins og sjá má þarf húsnæðið hvorki að vera stórt né íburðarmikið til að uppfylla sanngjarnar kröfur um þægindi og einkalíf. Lífeyrissjóðum hefur verið heimilt að fjárfesta í íbúðarhúsnæði síðan 2011. Þrátt fyrir það hefur enn enginn sjóður fjárfest í húsnæði fyrir aldraða, þó ekki þyrfti nema brotabrot af tekjum þeirra til að byggja 50 íbúðir á ári.

Helgi Vilhjálmsson,
íslenskur ríkisborgari




Veist þú í hvað peningarnir þínir fara? Farðu inn á **www.okkarsjodir.is** ef þú vilt vera í lífeyrissjóði sem ætlar að fjárfesta í íbúðarhúsnæði fyrir aldraðra.

PIPAR\TBWA • SÍA

Útboð á snjómokstri nyrðra:

# Kærunefndin stöðvar ferlið

**AKUREYRI** Kærunefnd útboðsmála hefur stöðvað útboð á snjómokstri á Akureyri. GV Gröfur ehf. og G Hjálmarsson ehf. kærðu útboðið í haust til kærunefndarinnar.

Kærunefndin hefur ekki tekið efnislega afstöðu til kærunnar en hefur sent Akureyrarkaupstað bréf þess efnis að útboðsferlið sé stöðvað.

Það þykir öruggara þar sem kæra er komin fram og snjómoksturinn var ekki boðinn út á EES-svæðinu. - sa

Ríkissjóður veitir framlög til mataraðstoðar og baráttu gegn ebólufaraldrinum:

# 32 milljónir veittar til aðstoðar

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur ákveðið að veita 32 milljónir króna úr ríkissjóði til mannúðaraðstoðar.

Framlögin fara til Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna, WFP, vegna mataraðstoðar við flóttamenn frá Sýrlandi og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, til baráttunnar gegn ebólufaraldrinum í Vestur-Afríku.

Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu segir að mikil þörf sé fyrir mataraðstoð til sýrlenskra flóttamanna, þeir eru nú yfir þrjár milljónir og fjöldinn eykst enn vegna áframhaldandi átaka og árása hryðjuverkasamtaka ISIS.

Brýn þörf er á aðstoð í Vestur-Afríku þar sem ebóla hefur breiðst út, en börn eru í sérstaklega mikilli hættu á að sýkjast. Með framlaginu til UNICEF er brugðist við neyðarkalli stofnunarinnar til þess að berjast gegn faraldrinum og afleiðingum hans.

Þegar hafa verið veittar 33 milljónir króna í ár til Sýrlands. - gló



**SAMHUGUR UM JÓLIN** Gunnar Bragi ákvað að veita 32 milljónir króna til mannúðaraðstoðar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fleiri vinna á helgidögum:

# Nýr veruleiki í Reykjavík

**VIÐSKIPTI** Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, segist eiga von á því að þurfa að aðstoða launafólk í janúar sem þurfti að vinna yfir jól. Æ fleiri hafi verslanir og veitingastaði opna og það þurfi að virða réttindi launafólks á þessum tíma.

„Þetta er nýr veruleiki í Reykjavík, það hversu margar verslanir og veitingastaðir eru opnir, enda eru að mér skilst um sextíu þúsund erlendir ferðamenn á landinu.“ - kbg



**FLUTTUR Í LAND** Skipið kom í höfn í Ravenna á Ítalíu og voru hinir slösuðu umsvifalaust fluttir í land. NORDICPHOTOS/AFP

Skip sökk við strendur Ítalíu eftir árekstur við annað skip:

# Óttast að þrír sjómenn hafi farist

**ÍTALÍA Sjómaður er fluttur í land eftir að björgunarskip kemur í höfn í Ravenna á Ítalíu. Óttast er að þrír sjómenn hafi farist þegar tyrkneskt flutningaskip sökk við strendur Ítalíu í gær. Skipið hafði rekist á annað skip. Vont veður var á miðunum þar sem skipin rákust saman.** - jhh



**SORGARDAGUR** Ættingjar farþeganna söfnuðust saman á flugvellinum í Surabaya og biðu fregna. Ekkert hefur spurst af vélinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Flugvél hvarf af ratsjá á flugi til Singapúr

Í annað sinn á árinu hverfur flugvél sporlaust án þess að hafa gefið út neyðarkall í Asíu. 162 farþegar voru í vélinni þegar hún hvarf. Vonskuveður var á svæðinu þegar samband rofnaði við vélina. Leit hætt í gær vegna myrkurs.

**ASÍA** Flugvél Air Asia hvarf af ratsjá á miðnætti laugardags að íslenskum tíma. Flugið, sem var númer QZ8501, var á leið til Singapúr frá Surabaya í Indónesíu. Þetta er í annað sinn á þessu ári sem slíkur atburður verður í Asíu en vél frá Malaysia Airlines MH370 hvarf á flugi sínu milli Víetnam og Malasíu í mars. Hvorki tangur né tetur af vélinni hefur fundist nú tíu mánuðum síðar.

Vélin sem hvarf um helgina hafði flogið í um 42 mínútur þegar hún týndist en hún gaf ekki frá sér neyðarkall. Áður en tenging rofnaði við vélina hafði annar flugmannanna þó beðið um leyfi til þess að fljúga hærra vegna vonskuveðurs samkvæmt upplýsingum frá yfirvöldum. Þrumuveður var á svæðinu sem flugvélin flaug yfir. Þetta vonda veður hefur gert leitarflokkum erfitt fyrir.

Flugvélin týndist milli eyjanna Borneó og Belitung. Þar er mikil loftumferð og grunn vötn.

Indónesísk yfirvöld sjá um leitar- og björgunaraðgerðir en þeim var hætt tímabundið í gær vegna myrkurs. Þá hafði leitin engan árangur borið. 162 manns voru í vélinni; 155 frá Indónesíu, þrír Suður-Kóreumenn, einn Breti, einn Frakki, einn malasískur og einn frá Singapúr. Sautján börn voru í vélinni og sjö áhafnarmeðlimir. Fjölskyldur hinna týndu farþega söfnuðust saman á flugvellinum í Surabaya og biðu fregna.

„Takk fyrir hugsanir ykkar og bænir. Við verðum að vera sterk,“ sagði Tony Fernandes, framkvæmdastjóri AirAsia, og bætti því við að þetta væri sín versta martröð. Hann hélt til Surabaya þegar ljóst var að vélina var hvergi að finna; enda flestir farþeganna þaðan. CNN greinir frá því að ef um neyðartilvik hefði verið að ræða hefðu áhafnarmeðlimir sent út neyðarkall en það var ekki tilvikið. Flugvélin fór í skoðun í nóvember síðastliðnum, hún hafði flogið samtals í um 23 þúsund klukkustundir. nanna@frettabladid.is

## Reyndir flugmenn

Flugstjóri vélarinnar hefur flogið í rúmlega sex þúsund klukkustundir með flugfélaginu AirAsia og yfir tuttugu þúsund stundir yfir starfsævina. Fyrsti flugmaður hefur flogið í um 2.275 stundir. Flugmaðurinn síðarnefndi er eini Frakkinn um borð og heitir Remi Emmanuel Plesel.

### → Flugfélagið ódýrt og öruggt

AirAsia er flugfélag sem er staðsett í Malasíu. Þetta er vinsælt flugfélag sökum þess hve hagstætt er að fljúga með því. Það flýgur til um hundrað áfangastaða og hefur þótt öruggt í gegnum tíðina samkvæmt upplýsingum frá CNN. Flugfélagið hefur aldrei tapað vél áður né lent í mannskæðum slysum.

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum skilaði góðri afkomu á árinu 2013:

# Hagnast um tæpa 1,8 milljarða

**ATVINNUMÁL** Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum hagnaðist á síðasta ári um 11,4 milljónir evra eða um tæpa 1,8 milljarða króna á núverandi gengi.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins tæpum 120 milljónum evra í árslok og eigið fé nam 57,3 milljónum evra.

Jafnframt lagði stjórn Vinnslustöðvarinnar til að greiddur yrði átta milljóna evra arður til hluthafa félagsins vegna teknanna af rekstrarárinu.

251 aðili var hluthafi í Vinnslustöðinni í lok árs. Stilla útgerð ehf. er stærsti eigandinn, með um 26 prósent hluta í fyrirtækinu, og Seil ehf. er með um 24,8 prósenta hlut. Stilla útgerð er að mestu í eigu Kristínar Elínar Gísladóttur og Haraldar Gíslasonar. Seil ehf. er alfarið í eigu Kristjáns Guðmundssonar hf.

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum er meðal öflugustu sjávarútvegsfyrirtækja landsins. Í ársreikningi fyrirtækisins kemur fram að félagið hafi höfðað mál gegn íslenska ríkinu vegna sérstaks veiðigjalds. - sa



**VINNSLUSTÖÐIN** Hefur á síðustu tveimur árum hagnast um 26 milljónir evra.




Hátíðar-steikur
100% FULLMEYRNAÐ GÆÐAKJÖT - SÉRVALIÐ FYRIR ÞIG
ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans
ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans
ÍSLANDS GRÍS
Stolt kjötmeistarans
Gerðu vel við þig og þína um hátíðarnar, veldu meyrt og ljúffengt gæðakjöt til að gera hátíðina ógleymanlega...
TILBÚIN BERNAISESÓSA
Fæst í:
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
BÓNUS

leidretting.is

# Samþykkt leiðréttingar
## með rafrænni undirritun

Stærstur hluti umsækjenda getur nú ráðstafað ákvarðaðri leiðréttingu með því að samþykkja hana og undirrita rafrænt. Frestur til þess er 3 mánuðir.

Að lokinni samþykkt gengur leiðréttingin til lækkunar á veðlánum samkvæmt veðröð og/eða hún myndar sérstakan persónuafslátt.

### Þeir sem ekki geta samþykkt núna

Nokkur hluti umsækjenda getur ekki samþykkt ráðstöfun leiðréttingarinnar að sinni þar sem athugasemdir hafa komið fram um útreikninginn og forsendur hans.

Sama á við um þá sem ekki hafa fengið niðurstöðu sína birta. Ástæður fyrir því geta verið nokkrar, m.a. breytingar á hjúskaparstöðu, úrvinnslu á lánaupplýsingum er ekki lokið, svör hafa ekki borist ríkisskattstjóra við útsendum fyrirspurnum eða annað sem þarfnast nánari skoðunar.

Frestur til að samþykkja er 3 mánuðir frá því að umsækjandi móttekur tölvupóst um að niðurstaða í máli hans liggi fyrir.

**Nánari upplýsingar á rsk.is/leidretting**

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

# Það er einfalt að undirrita rafrænt

1 Þú **skráir þig inn** á leidretting.is og velur að „**skoða útreikning**“

2 Þú smellir á hnappinn „**hefja samþykktarferli**“, skoðar niðurstöðuna og smellir á „**samþykkja**“

3 Þú undirritar með **farsíma** eða **korti** og slærð inn **PIN númer**

4 Að lokum færð þú **kvittun** á skjáinn




**Athugið að ferlinu er ekki lokið fyrr en kvittunin birtist á skjánum**

adstod@leidretting.is

442 1900

Opnunartími 9:30-15:30

Hornafjörður semur við N4:

## Umfjöllun um bæinn keypt

**HORNAFJÖRÐUR** Bæjarráð sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur falið bæjarstjóra að ganga frá samningi við sjónvarpsstöðina N4 um umfjöllun í sjónvarpsþáttunum „Um Suðurland“ sem sjónvarpsstöðin ætlar að framleiða.

Kostnaður sveitarfélagsins vegna kaupanna á umfjölluninni er hálf milljón króna. Bæjarráði barst erindi frá sjónvarpsstöðinni þar sem sveitarfélögum á Suðurlandi er boðið að taka þátt í kostnaði við þáttaröðina. - sa

Samband íslenskra sveitarfélaga telur eðlilegt að ráðast í atvinnuátak með styttingu atvinnuleysisbóta:

# Þyrfti að undirbúa breytingarnar betur

**STJÓRNSÝSLA** Kostnaður sveitarfélaga vegna styttingar atvinnuleysisbótatímabils úr 36 mánuðum í 30 mánuði er áætlaður um 500 milljónir króna á næsta ári. Þetta segir Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Halldór telur að með styttingu bótatímabilsins sé verið að færa fé úr einum vasa í annan. Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra hefur gefið út að ríkisjóður spari sér um einn milljarð króna á ári með styttingunni.

Um 500 manns missa rétt til atvinnuleysisbóta um áramót og um 1.000 manns til viðbótar á árinu 2015 vegna aðgerðanna.

Að sögn Halldórs hefði þurft að að undirbúa aðgerðirnar betur og hafa meiri fyrirvara á þeim. „Við höfum farið fram á að farið verði í atvinnuátak samhliða styttingunni og að sveitarfélög fái hlut í almenna hluta tryggingargjaldsins. Kostnaður sveitarfélaganna vegna fjárhagsaðstoðar hefur aukist úr 2,5 milljörðum árið 2009 í 5 milljarða á þessu ári að viðbættum þeim 500 milljónum sem við búumst við að bætist við á næsta ári,“ segir Halldór.

Halldór gagnrýnir einnig orð félagsmálaráðherra sem sagt hefur að sveitarfélögin þurfi í meira mæli að nýta sér verkefni atvinnuleysistryggingarsjóðs. „Hvaða verkefni? Við höfum kallað eftir því að farið verði í slíkt en það er ekkert átaksverkefni í gangi,“ segir Halldór. -ih



**HALLDÓR HALLDÓRSSON** Formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga segir að ríkissjóður þurfi að koma til móts við sveitarfélög vegna styttingar bótatímabils. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**MINNINGARATHÖFN** Fyrrverandi ráðherra voru á meðal þeirra sem tóku þátt í minningarathöfninni. NORDICPHOTOS/AFP

Fjörutíu ár eru liðin frá mannskæðu námuslysi í Lievin:

## Frakkar minntust hörmulegs slyss

**FRAKKLAND Fyrrverandi ráðherrar taka þátt í minningarathöfn í Lievin, í norðurhluta Frakklands, í gær. Þess var minnst að 40 ár eru liðin frá námuslysi sem varð 42 manns að bana þann 27. desember 1974.** - jhh

Grófu hólk undan hornsteini:

## Opna blýhólk þann 6. janúar

**BANDARÍKIN** Blýhólkur sem frelsishetjurnar Paul Revere og Samuel Adams grófu undir þinghúsinu í Massachusetts í Bandaríkjunum 1795 verður opnaður 6. janúar.

Hólkurinn, sem vegur um fimm kíló og er talinn innihalda gamla peninga, dagblöð, skjöl og áletraða silfurplötu, var grafinn upp 11. desember en hann hafði verið grafinn undir hornsteini ríkisþinghússins. Hólkurinn var seinast opnaður árið 1855 en þá var innihald hans skrásett og hólkurinn þrifinn. - þij

Þykir fara illa með heimildir:

## Exodus bönnuð í Egyptalandi

**EGYPTALAND** Egypsk stjórnvöld hafa bannað sýningu á kvikmyndinni Exodus: Gods and Kings. Frjálslega þykir farið með heimildir í myndinni. Sömu sögu er að segja af afdrifum sýninga í Marokkó.

Myndin byggir á annarri Mósebók og segir frá því hvernig gyðingar reistu pýramídana, plágum þeim er herjuðu á Egyptaland og flótta gyðinga frá landinu undir leiðsögn Móses. Meðal annars er sýnt er hann klýfur Rauðahafið. - jóe



**Í ALBERTVILLE** Snjórinn veldur miklum usla í Frönsku ölpunum þessa dagana. NORDICPHOTOS/AFP

# Ófærð í Frakklandi veldur miklu tjóni

Frönsk yfirvöld lýstu yfir appelsínugulu viðvörunarstigi um helgina vegna mikillar ófærðar. Algert umferðaröngþveiti varð í Frönsku ölpunum. Ökumaður lést þegar hann rann á vegi og ók bíl sínum niður í gil. Frosthörkur eru víða í Evrópu.

**FRAKKLAND** Algert umferðaröngþveiti hefur skapast í Frönsku ölpunum vegna mikillar snjókomu og frosts. Frakkar lýstu yfir appelsínugulu viðvörunarstigi vegna þessa, en það er næstefsta viðbúnaðarstigið.

Einn maður lést um helgina þegar bíll hans rann af veginum og hafnaði í gljúfri, eftir því sem breska ríkisútvarpið, BBC, greinir frá.

Yfirvöld í Frakklandi hvöttu fólk á svæðinu til þess að fara með gát og helst varast að vera á ferli nema brýna nauðsyn bæri til.

Þrír létust í atvikum sem má rekja til mikillar ófærðar í liðinni viku, samkvæmt fréttum dagblaðsins Le Monde. Áfram er búist við því að kalt verði í veðri í Frönsku ölpunum í þessari viku og jafnframt er búist við því að frost verði í París. Veðurfræðingar segja að þar hafi síðast mælst frost fyrir meira en ári.

Gavin Rigby, atvinnubílstjóri sem BBC-fréttastofan ræddi við, sagði að það hefði tekið hann ellefu klukkutíma að aka á milli Val d'Isere og Bourg Saint Maurice um helgina, en það er ferðalag sem alla jafna tekur fólk ekki nema hálftíma. Hann sagðist finna mikið til með ökumönnum sem hefðu ekki sett snjókeðjur undir bílinn sinn.

„Lögreglan hefði átt að hvetja fólk til þess að setja keðjur undir bílinn eftir að hálfs metra snjólag bættist við í nótt,“ sagði Rigby við BBC seint á laugardagskvöldið.

Það er víðar en í Frönsku ölpunum sem truflun hefur orðið á umferð vegna mikillar snjókomu. Til dæmis myndaðist 25 kílómetra löng umferðarteppa á A8-hraðbrautinni nærri Stuttgart.

Þá hefur einnig verið kalt í Bretlandi en veðurstofan þar hefur varað við miklu frosti og miklum snjó víðs vegar um landið. Rafmagn fór af hundruðum heimila í hluta Englands um helgina.

jonhakon@frettabladid.is




Áramótabrennur í Reykjavík með hefðbundnu sniði þessi áramótin:

# Tíu áramótabrennur í borginni

**SKEMMTUN** Áramótabrennur í Reykjavík verða tíu talsins að þessu sinni.

Áramótabrennurnar tíu verða við Ægisíðu, í Skerjafirði gegnt Skildinganesi 50, neðan Fossvogskirkjugarðs, við Laugarásveg móts við Valbjarnarvöll, á Geirsnefi, við Suðurfell, við Rauðavatn, í Gufunesi, Klébergi á Kjalarnesi og á Úlfarsfelli.

Verður eldur borinn að þeim klukkan 20.30 á gamlárskvöld með tveimur undantekningum. Á Úlfarsfelli verður tendrað í kestinum klukkan 14.30 og í Skerjafirði klukkan 21.00.

Byrjað verður að taka á móti efni á kestina næstkomandi mánudag. Best er að fá hreint timbur á brennur. Starfsmenn hverfastöðva verða á vettvangi og leiðbeina þeim sem koma með efni.

Gestir eru hvattir til að skjóta ekki upp flugeldum við brennurnar en barnvænni og hættuminni kostir, stjörnuljós og blys, eru leyfðir. - sa



**BRENNUR** Fjöldi fólks sækir áramótabrennur borgarinnar.




Öll tilboð eru birt með fyrirvara um breytingar og uppseldar vörur. Tax-Free tilboð jafngildir **20.23% afslætti** af flestum vörum en 6.54% af þeim sem eru í 7% skattþrepi.

**Meirihluti Íslendinga verslar á netinu! Komdu í hóp tugþúsunda ánægðra viðskiptavina Heimkaup.is**

**Öryggi - ekkert mál að skila eða skipta**
Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

**Hægt að greiða við afhendingu**
Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

**Vefverslunin sem selur allt**
Við bjóðum nú þegar yfir 11.500 vörutegundir og yfir 100 bætast við daglega. Við stefnum að því að selja allt!

**★Frí heimsending samdægurs**
Pantaðu fyrir kl. $17^{00}$ og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantað er fyrir 4.000.- eða meira.

**Heimkaup.is**
**Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700**

HEIMKAUP



**SNÆVI ÞAKIN** Grísalestin fyrir framan Grísasafnið í Stuttgart í Þýskalandi var snævi þakin í gær. Áfram verður snjór á þessum slóðum og er búist við því að frostið verði í kringum þrjár gráður. NORDICPHOTOS/AFP

# ÁSTAND HEIMSINS





**LEIÐBEINIR** Úkraínskur hermaður beinir ökumanni skriðdreka í réttan farveg í borginni Schastya í Úkraínu. NORDICPHOTOS/AFP



**HÖRÐ GAGNRÝNI** Utanríkisráðherra Súdan, Ali Ahmed Karti, hélt blaðamannafund í borginni Khartoum í gær. Fyrr í vikunni ráku súdönsk stjórnvöld tvo sendifulltrúa Sameinuðu þjóðanna úr landi fyrir að móðga þjóðina. NORDICPHOTOS/AFP



**BÖRN AÐ STÖRFUM** Lítil afgönsk börn bera kúamykju í hús í borginni Jalalabad. Mykjan er notuð sem eldiviður þegar íbúðarhús eru kynt. NORDICPHOTOS/AFP



**RÓMANTÍK** Ástfangið par varð á vegi ljósmyndara í Richmond-garði í Lundúnum við sólarupprás í gær. NORDICPHOTOS/AFP



WWW.PIER.IS
70%
AFSLÁTTUR
AF ALLRI JÓLAVÖRU
SKÁL FYRIR NÝJU ÁRI
A WORLD OF INSPIRATION
the PIER
FOR YOUR HOME
2 FYRIR 1 AF GRÍMUM
TILBOÐIÐ GILDIR MÁNUDAG OG ÞRIÐJUDAG
AFSLÁTTUR • 40% • AFSLÁTTUR • 40%
40%
40% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GLÖSUM
TILBOÐIÐ GILDIR MÁNUDAG OG ÞRIÐJUDAG
the PIER
LOKAÐ Á GAMLÁRSDAG
OG NÝÁRSDAG
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson þáði orðuna:

# Hinn íslenski aðall

Hinn íslenski aðall hefur sína siði. Þegar almúginn sér ekki til, á aðalsfólkið til að sæma hvert annað misháum vegtyllum. Allt eftir hvar í virðingarstiga aðalsins viðkomandi stendur. Mestur er forsætisráðherrann. Hann fær stórkross, aðrir minna. Einhver er nú skömm aðalsins þar sem krýningarnar eru gerðar í kyrrþey. Þeim þykir greinilega vont að svara fyrir eigin hégóma. Skömm þeirra er ekki minni þótt hægt sé að benda á að slíkt hafi vissulega tíðkast áður og það í langan tíma.



**Sigurjón Magnús Egilsson**
sme@frettabladid.is

Þau fjögur sem munu hafa afþakkað þessu sjálfvirku viðurkenningu í nafni lýðveldisins Íslands, Hermann Jónasson, Steingrímur Hermannsson, Benedikt Gröndal og Jóhanna Sigurðardóttir, vaxa í áliti fyrir að hafa afþakkað prjálið. Þau eru menn að meiri.

Hvað rekur fólk til að viðhalda þessari aumu hefð? Hégómi, er nærtækasta svarið. Vel má vera eðlilegt að viðurkenna fólk fyrir störf sín, hafi það gert það sem ekki er beint hægt að ætlast til af viðkomandi, ef fólk hefur unnið afrek. Það er allt annað mál en það sem gert var um miðjan þennan mánuð, þegar forseti Alþingis og forsætisráðherra fengu hástigs orður, í nafni lýðveldisins, ekki vegna glæstrar frammistöðu í starfi, vegna fórnfýsi, afreka, sátta eða annars. Nei, vegna þess að þeir höfðu valist til þeirra starfa sem þeir gegna. Svo vill til að forseti Alþingis nýtur almenns trausts samherja sem andstæðinga í stjórnmálum, en alls ekkert umfram það sem gera má kröfur um að forseti þingsins geri. Alls ekkert umfram það.

Það verður seint sagt um forsætisráðherra. Hann er ekki allra og alls ekki pólitískra andstæðinga. Um það eru mörg dæmi. Vægt er til orða tekið þegar sagt er að orðuveitingin hafi fallið í grýttan jarðveg hjá þjóðinni. Í ljósi þess þarf að velta upp hvers virði orðan er. Og hvar á að bera hana? Orðuveitingarnar eru jú í nafni Íslands, lýðveldisins okkar, og ef stór hluti þjóðarinnar hefur á móti þessari flokkun fólks, er hægt að segja að orða forsætisráðherra sé ekki veitt með vilja þjóðarinnar. Þar með er hún einskis virði.

Má ekki breyta til, afnema sjálfvirkar orðuveitingar? Allt er þetta eitthvað svo verðlaust. Má ekki bíða og sjá hver framvindan verður í landinu? Hverju breytir svo brjóstnælan? Er hægt að nota hana til að verjast loftárásum, eða eykur hún þær jafnvel? Forsætisráðherrann hefur ekki lokið helmingi þess starfstíma sem hann réði sig til, samt er hann búinn að fá æðsta merki sem maður í hans starfi getur fengið.

Hvað um það. Þegar forsætisráðherra hefur fengið nóg af spegilmynd sinni er besta að hann dragi gluggatjöldin frá. Fyrir utan er af nógu að taka. Hér er til að mynda læknaverkfall sem hefur haft skelfilegar afleiðingar, verið er að reka atvinnulaust fólk út á guð og gaddinn og áfram er hægt að telja. Er víst að viðkoma forsætisráðherrans í stjórnarráðshúsinu verði honum og þjóðinni svo mikils virði að hann geti með sóma borið merki sem hann, forveri hans á formannsstóli Framsóknarflokksins og þeirra tryggi húsbóndi á Bessastöðum telja til vegsauka fyrir hinn unga ráðherra? Nú þarf hann að vinna vel fyrir hinum snemmbæra vegsauka.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vonlaus þjóð í gjöfulu landi

Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður skrifar á Facebook í gær: „Er að hlusta á Bylgjuna, Sprengisand. Niðurstaða eftir þá hlustun er sú að hér búi vonlaus þjóð í gjöfulu landi. Læknar að fara til útlanda að vinna eins og iðnaðarmenn hafa gert. Þegar fólk er einu sinni farið kemur það ekki aftur. Ísland verður þá eins og dreifbýlið er á Íslandi í dag, gamalt fólk og erlendir farandverkamenn.“ Ekki glæsileg sýn þetta og víst er að Sigurður hefur með neikvæðri líkingunni við dreifbýlið kallað fram harða umræðu frá þeim sem mega ekki heyra á slíkt minnst.

### Staða fyrir stríðsmenn?



Nýju og óvæntu ljósi hefur verið varpað á orðunefnd. Ekki síst fyrir þær sakir að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra gerði forvera sinn á formannsstóli Framsóknarflokksins, Guðna Ágústsson, að formanni nefndarinnar. Sverð Guðna er varla kólnað eftir áratuga baráttu á vígvelli stjórnmálanna og því hljóta margir að spyrja hvort bardagamaðurinn Guðni sé best allra til þess fallinn að vera formaður nefndarinnar. Þau sem muna, þau muna Guðna sem harðan stjórnmálamann og mann sem ekki leyndi skoðunum sínum á mönnum og málefnum. Áhrif Guðna eru umtalsverð. Hann er jú formaður nefndarinnar.

### Eygló fær falleinkunn



„Alveg er þetta ótrúlega harðneskjulegt viðhorf hjá þeim ráðherra sem ber ábyrgð á félagsmálum þjóðarinnar og markmiðið var að spara 1 milljarð króna með því að setja á annað þúsund fjölskyldur út í mikla fullkomna óvissu og erfiðleika – eftir að hafa glímt við atvinnuleysi í tvö og hálft ár! Þessi sama ríkisstjórn, sem lækkaði skatta á ríkustu fyrirtækin um 15 milljarða króna og ríkasta fólkið um 10 milljarða króna, gat fundið sér rök fyrir því að ráðast á þennan hóp félaga okkar sem sannarlega glímir við mikinn vanda. Svona fólk fær falleinkunn hjá mér!“ Svona skrifar Gylfi Arnbjörnsson.

sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Komum þeim frá!

STJÓRNMÁL



**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**
þingmaður Samfylkingarinnar

Reglulega safnast fólk saman á Austurvelli því ríkisstjórnin fer svo illa með umboð sitt. Verk ráðherranna einkennast af lélegum undirbúningi, flausturslegum vinnubrögðum og frekjulegri framsetningu. Tökum nokkur dæmi:

- Fjármálaráðherra lækkar skatta á stóreignafólk og útgerðarmenn en svíkur loforð um hækkun elli- og örorkulífeyris og hækkar matarskatt.
- Heilbrigðisráðherra eykur álögur á sjúklinga um nærri tvo milljarða og stendur ráðalaus gagnvart fyrsta læknaverkfalli sögunnar á Íslandi.
- Menntamálaráðherra meinar fólki yfir 25 ára aldri framhaldsskólavist, hækkar bókaskatt og vinnur skemmdarverk á Ríkisútvarpinu.
- Umhverfisráðherra ætlaði að afturkalla náttúruverndarlög til að koma í veg fyrir að þau tækju gildi.
- Utanríkisráðherra slengdi fram tillögu um að draga til baka aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Komið var í veg fyrir það, a.m.k. tímabundið.
- Félags- og húsnæðismálaráðherra boðar fjölskyldustefnu en afturkallar lengingu fæðingarorlofsins, dregur lappirnar í málefnum fatlaðra og skilar auðu í húsnæðismálum.
- Iðnaðarráðherra hefur eiginlega ekkert gert ef frá er talin framlagning frumvarps um náttúrupassa sem er klúður frá upphafi til enda.
- Sjávarútvegsráðherra er erindreki útgerðarmanna – ekki almennings. Þess á milli vill hann flytja stofnanir á milli landshluta – af því bara.
- Um störf fv. innanríkisráðherra má lesa í væntanlegu áliti Umboðsmanns Alþingis.
- Forsætisráðherra rífst og skammast við allt og alla. Hann útdeilir styrkjum með sms-um, sendir fjölmiðlum tóninn, vænir alþingismenn um lygar og vill fá geðþóttaheimild til að flytja ríkisstofnanir milli landshluta. Hann boðar róttæka rökhyggju sem virðist einna helst byggja á því að allir sem gagnrýna hann séu kjánar með annarleg markmið. Þjóðmenningarráðherranum virðist því líða best í útlöndum.

**➜ Verk ráðherranna einkennast af lélegum undirbúningi, flausturslegum vinnubrögðum og frekjulegri framsetningu.**

Ríkisstjórnin er rúin trausti, fullkomlega skilningssljó og sendir hrokafull skilaboð til launafólks. Getum við sameinast um að nýársheitið fyrir árið 2015 verði að koma þeim frá?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Skiptumst á skoðunum frekar en skotum

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Þetta var ár sundurlyndisins, ár ósáttfýsinnar, ár haltukjaftistefnunnar, jafnvel enn frekar en endranær hjá þessari þrasgjörnu þjóð, með þeim afleiðingum að þeir sem völdin hafa telja sig hafa rétt til að láta kné fylgja kviði gagnvart hinum sem völdin hafa misst, fremur en að leita leiða til að sætta ólík sjónarmið. Ríkisútvarpinu, sameign landsmanna, er beðið griða: gott og vel, rústum því. Við vorum kosin, við ráðum, haltu kjafti.

**Sundurlyndisfjandinn**

Sundurlyndisfjandinn fer á milli og kveikir fúlar hneigðir. Hann fyllir huga fólks af strámönnum og hvetur til atlögu við þá.

Á óvissutímum reynir fólk að að upplifa sérleika sinn. Finna sig í andstæðunni við strámanninn sem vakinn er upp í sinni þess af pólförum umræðunnar; spegla sig í þeim andstæðingi sem athygli beinist að hverju sinni: ég er ekki þú og haltu kjafti.

Við þurfum að fara að horfast í augu. Við eigum að deila af fjöri og innlifun og skoðanagleði þess sem leyft hefur nýjum hugmyndum að vakna innra með sér og lýsa upp hugskotið. Öllum samfélögum er mikilvægt að spenna ríki milli hópa og að tekist sé á um grundvallaratriði og hugmyndafræði. Við eigum að vera ólík og gangast upp í sérkennum okkar, metast hæfilega. Við eigum að vera stolt af því sem gerir okkur að þeim sem við erum. Það eru bara hroðaleg alræðisríki þar sem fólki er gert að draga dám hvert af öðru og aðhyllast í orði kveðnu sömu hugmyndirnar. En það er munur á því að takast hressilega á um hugmyndir, og svo hinu að vera alltaf að jagast þetta og garga ókvæðisorð hvert á annað. Við þurfum að læra að skiptast á skoðunum. Það er gert með því að tala og hlusta til skiptis: Gjörðu svo vel, hér er mín skoðun, hún er svona, þú mátt skoða hana – má ég sjá þína?

Við eigum að vera stolt en ekki of viss. Við eigum að horfast í augu við eigin minnimáttarkennd og draga úr henni eftir föngum en við þurfum samt að vera full efasemda – daglega. Aldrei má ganga út frá einhverjum hugmyndum sem gefnum; við eigum ekki að lifa á forsendum neikvæðninnar en ekki heldur hinnar innihaldslausu jákvæðni – heldur hinnar spurulu jákvæðni, forvitni, vongleði. Við eigum að vera endurskoðunarsinnar eins og bestu sósíalistar 20. aldarinnar voru einatt. En þá verðum við líka að setja spurningamerki af og til við allt það sem við sjálf höfum haft fyrir satt; hugsa allt upp á nýtt í hvert sinn sem við stöndum frammi fyrir því sem kann að riðla hugmyndakerfinu, í stað þess að þétta hugmyndaraðirnar svo að úr verða óhreyfanlegar hugmyndaklessur. Og við eigum að reyna að setja fram hugmyndir okkar og hugsjónir af lítillæti og auðmýkt hinnar leitandi sálar fremur en yfirlæti stórbokkans.

Og umfram allt er mikilsverður og vanmetinn eiginleiki að reyna að setja sig inn í þankagang annarra, og einkum þeirra sem maður er ósammála, því að yfirleitt er óskröp lítið skemmtilegt að sitja eins og Doddi og kinka í sífellu kolli framan í fólk sem segir manni það sem manni finnst sjálfum.

**Hið vanvirka þjóðarheimili**

Að vera partur af íslensku þjóðfélagi er stundum eins og að vera í vanvirkri fjölskyldu. Það er alltaf verið að æpa milli herbergja á þjóðarheimilinu. Sumir hafa ekki talast við í tíu ár. Aðrir láta gagnkvæmar ásakanir ganga á víxl, misjafnlega fráleitar en yfirmáta þreytandi. Enn aðrir fara fram með ógnarfrekju, heimta og heimta. Það er rifist um hegðun og gerðir og framgöngu en aldrei rökrætt um hugmyndir. Það er ögrað og og það er strítt. Reynt er að særa og svo beðið skríkjandi eftir fyrirsjáanlegum viðbrögðum. Þeim er hampað á netmiðlunum sem komið hafa sér upp færni í þess háttar tilburðum: kunna sitt einelti og hárfínu ertni og kunna svo að glotta inn í hópinn sinn og efla samkenndina þar með áreitni við „hina“.

Í hverra þágu starfar Sundurlyndisfjandinn? Hverjum er það í hag að samfélagið logi dag eftir dag út af þaulræktuðum ágreiningsefnum sem aldrei verða til lykta leidd og fólk talist ekki við en skiptist á gagnkvæmum skætingi? Það eru öfl sérhyggjunnar, sem ranglega hefur verið nefnd frjálshyggja á seinni árum, þó að hún eigi lítið skylt við frelsið. Það eru þau öfl sem róa að því öllum árum að hér verði fest í sessi hólfaskipt og stéttskipt samfélag sem einkennist af gagnkvæmu skilningsleysi, hatri, sundurlyndi, ranglæti og misskiptingu gæða sem allir eiga að njóta góðs af sameiginlega.

Og við sýnum pavlovísk viðbrögð þegar hent er til okkar ágreiningsefnum úr þessum ranni. Þau ráða umræðunni sem yst standa á hverjum pól hvæsandi – pólfarar umræðunnar. Við búum við stöðugar pólfarir hugmyndanna þótt miklu skemmtilegra væri að leyfa hugmyndunum að stunda bólfarir; kynnast og hafa mök hver við aðra með óvæntri útkomu og gagnkvæmri nautn. Það gerist ef við hættum að garga en förum að skiptast á skoðunum frekar en skotum. Óskandi væri að við reyndum á komandi ári, þessar hræður sem hér búum, að kynnast svolítið betur hvert öðru, tala saman, skiptast á skoðunum og vera betri hvert við annað.

Gleðilegt ár, kæru landar!

> **➜ Sundurlyndisfjandinn fer á milli og kveikir fúlar hneigðir. Hann fyllir huga fólks af strámönnum og hvetur til atlögu við þá.**

## AF NETINU

### Eineltisbarnið Jesú



Jesús var s.s. eineltisbarn áður en hann kom inn í þennan heim, foreldrar hans áttu lítið undir sér og það gerði samferðafólki auðveldara um vik að hunsa þau. Og allt frá því að drengurinn leit dagsins ljós mátti hann þola andúð og yfirgang ríkjandi yfirvalda.

Niðurlægjandi athugasemdir og vantrú á það sem hann hafði fram að færa. Eins og við vitum þá lauk þeirri vegferð upp á Golgatahæð þar sem hann var krossfestur að hýðingum loknum í bergmáli háðsglósanna sem hrutu af vörum hermannanna.

http://www.pressan.is/pressupennar/Lesa_Hildi_Eir/hungur

*Hildur Eir Bolladóttir prestur*

### Mikilvægt samkomulag



Nú hafa stjórnmálaflokkarnir í Svíþjóð, borgaraflokkarnir svokallaðir og jafnaðarmenn, náð samkomulagi um að minnihlutastjórnin geti starfað áfram, þeir kallað þetta „desembersamkomulag“ sem felist í því að axla ábyrgð á stjórn landsins. Þetta er bráðnauðsynlegt og er vonandi fyrirheit um það sem koma skal í Evrópu.

http://eyjan.pressan.is/silfuregils/2014/12/27/merkilegt-samkomulag-i-svithjod/

*Egill Helgason fjölmiðlamaður*









Gakktu á eitt fjall í viku með Ferðafélagi Íslands á nýju ári
Nýársgjöfin frá þér til þín er bætt líðan og betra form á nýju ári.
Upplifðu íslenska náttúru í skemmtilegum félagsskap undir öruggri fararstjórn og lærðu að þekkja landið.

Dagsferðir allt árið og tvær helgarferðir að auki.

Komdu með okkur og finndu náttúrubarnið í hjarta þínu.
Verð kr. 85.100
Stjórnandi: Páll Ásgeir Ásgeirsson ásamt Rósu Sigrúnu Jónsdóttur.
Kynningarfundur í sal Ferðafélags Íslands í Mörkinni 6 kl. 20.00 7. janúar n.k.

Skráning á skrifstofu Ferðafélags Íslands í síma 5682533.

Heimasíða FÍ
www.fi.is

# Hreyfðu þig daglega, það léttir lund

**GEÐORÐIN 10**
**Grein 5**
*Greinin er fimmta greinin af tíu í greinaröð jafn margra úrræða og/eða félaga á geðheilbrigðissviðinu á höfuðborgarsvæðinu um Geðorðin 10.*

GEÐHEILBRIGÐI



**Sveinn Snorri Sveinsson**
f.h. deildar Geðhjálpar á Austurlandi

**→ Einhvern tímann sagði vitur maður að með reglulegri hreyfingu mætti varðveita æskuljómann örlítið lengur.**

Ímyndaðu þér ungan mann sem á nýjan bíl. Hann fer á hverjum degi út á rúntinn. Vélin malar eins og ánægður köttur og allt virkar eins og það á að gera. Dekkin slitna líkt og þeim er ætlað og ungi maðurinn fer með bílinn í reglulegt viðhald sem hann borgar fyrir með glöðu geði.

Í hvert sinn sem ungi maðurinn fer út á bílnum með vinum sínum rekst hann á einhvern sem hann þekkir. Hann stoppar kannski til að tala við annan ökumann sem er með fullan bíl af skemmtilegu fólki rétt eins og hann sjálfur.

Ímyndaðu þér að tíminn líði og ungi maðurinn verði miðaldra. Bíllinn stendur í stæðinu, en miðaldra eigandinn keyrir hann sjaldan. Hann fer ekki lengur með bílinn í reglubundið viðhald og setur hann sjaldan í gang. Dekkin morkna og eyðileggjast með tímanum. Bíllinn grotnar niður. Og ef þannig vill til að eiganda bílsins langar til að keyra hann jafnvel aðeins stuttan spöl, þá höktir vélin, hann pústar mikið og gengur óreglulega. Dekkin hafa lítið grip og bíllinn verður hálfgerð slysagildra. Og þó að eigandinn vilji alls ekki að bíllinn hans bili, þá er það oft þannig með gamla bíla að ef þeim er ekki haldið við þá bila þeir frekar og launa þannig slæmt viðhald.

Ímyndaðu þér nú að þú sért ungi maðurinn og miðaldra eigandinn í senn og bíllinn sé líkami þinn. Í því samhengi gætir þú velt því fyrir þér hvort betra sé að hreyfa líkamann reglulega og viðhalda styrk og heilbrigði, eða gera það ekki og verða þannig stöðnun og hægfara en öruggri hnignun að bráð. Einhvern tíma sagði vitur maður að með reglulegri hreyfingu mætti varðveita æskuljómann örlítið lengur. Síðan gætir þú líka hugsað út í andlega þáttinn eins og hann kemur fyrir í fimmta geðorðinu, en það hljómar svo: Hreyfðu þig daglega, það léttir lundina.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi.
Sendu greinina þína á greinar@visir.is
og við komum henni á framfæri hið snarasta.

# Komugjöld: Tíu góð rök

FERÐAÞJÓNUSTA



**Bjarnheiður Hallsdóttir**
framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Katla DMI ehf.



**Pétur Óskarsson**
framkvæmdastjóri sumarhúsamiðlunarinnar VIATOR ehf.

Enginn efast lengur um nauðsyn þess að bregðast við auknum fjölda ferðamanna við náttúruperlur landsins. Það hefur loksins skapast nokkur sátt innan ferðaþjónustunnar um að búa þurfi til sérstakan tekjustofn til þess að fjármagna viðhald og uppbyggingu ferðamannastaða.

Enn er ekki komin niðurstaða í það hvernig þessi fjármögnun á að fara fram. Undanfarna 18 mánuði eða svo hefur átt sér stað mikil umræða um þetta mál, bæði innan ferðaþjónustunnar og utan hennar. Bæði kröftug umræða og mikil upplýsingaöflun. Hvort tveggja hefði betur átt sér stað ÁÐUR en stokkið var á óútfærða hugmynd um einhvers konar náttúrupassa, sem iðnaðarráðherra kaus að gera að sinni og situr nú uppi með, og glímir við almenna andstöðu og mótbyr. Innan Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) var gerð könnun á því hvernig félagsmenn teldu gjaldheimtu best komið og er þar skemmst frá að segja að náttúrupassinn fékk falleinkunn en hugmyndin um komugjöld var talin sú langbesta. Stjórn SAF kaus að fara í málamiðlun og lagði til að svokallað gistináttagjald yrði útfært öðruvísi og hækkað töluvert. Því útspili hafnaði ráðherra með framlagningu náttúrupassafrumvarpsins nú í desember.

Það er mjög einkennilegt að sú leið sem flestum virðist hugnast, m.a. stórum hluta fagfólks í ferðaþjónustunni, skuli hafa verið slegin umsvifalaust út af borðinu og því jafnvel haldið fram að hún væri ekki gerleg. Eftir að öll kurl eru komin til grafar, þá kemur upp úr dúrnum að innleiðing komugjalda er vel möguleg og þau eru meira að segja lögð á án vandræða í nokkrum Evrópulöndum.

Rökin gegn komugjaldinu eru fyrst og fremst tvenn. Í fyrsta lagi verða allir, óháð þjóðerni, að greiða komugjaldið. Það þýðir að Íslendingar munu einnig greiða komugjald þegar þeir koma til landsins. Hin rökin eru þau að komugjaldið myndi líka leggjast á flug innanlands. Það er rétt að hafa í huga að með komugjaldi er verið að tala um lága upphæð á hvern farþega og sama hvaða innheimtuleið mun verða farin, þá munu Íslendingar einnig þurfa að greiða það gjald sem upp verður sett. Hvað þessa tvo ókosti varðar, þá teljum við þá léttvæga, séu kostir og gallar komugjalds lagðir á vogarskálar. Svo ekki sé nú talað um aðrar innheimtuleiðir sem nefndar hafa verið til sögu. Auk þess væri ríkisvaldinu í lófa lagið að koma til móts við innanlandsflugið á öðrum sviðum sé vilji þar fyrir hendi.

**→ Innan Samtaka ferðaþjónustunnar var gerð könnun á því hvernig félagsmenn teldu gjaldheimtu best komið og er þar skemmst frá því að segja að náttúrupassinn fékk falleinkunn en hugmyndin um komugjöld var talin sú langbesta. Stjórn SAF kaus að fara í málamiðlun og lagði til að svokallað gistináttagjald yrði útfært öðruvísi.**

En hver eru helstu rökin fyrir því að taka upp komugjöld?

- Komugjöld eru eina innheimtuaðferðin þar sem öruggt er að það næst til allra gesta sem koma til landsins, undantekningalaust (bæði flug- og skipafarþega).
- Komugjöld þurfa ekki að vera há, þar sem innheimtuaðferðin er 100% skilvirk.
- Kostnaður við innleiðingu og innheimtu komugjalda er í lágmarki.
- Komugjöld munu ólíklega valda samdrætti í eftirspurn eftir Íslandsferðum, þar sem þau verða lág og innheimta þeirra fer fram á hljóðlátan hátt.
- Komugjöld greiðast með farmiðanum til landsins og þar með er málið afgreitt fyrir alla hlutaðeigandi.
- Komugjöld hafa engin áhrif á upplifun ferðamanna af landinu.
- Komugjöld þarfnast ekki eftirlitsiðnaðar og náttúruvarða.
- Komugjöld þurfa ekki nýtt skrifræðisbatterí, innheimtuleiðin er þegar opin og þarfnast lítils undirbúnings.
- Komugjöld eru sú innheimtuaðferð sem nýtur mests fylgis í atvinnugreininni.
- Með komugjöldum er ekki verið að finna upp hjólið, heldur velja leið sem aðrar þjóðir hafa notað og nota með góðum árangri. Komugjöld eru þekkt og viðtekin aðferð og engin þörf er á kynningar-, markaðs- og sölustarfi (líkt og innleiðing náttúrupassa myndi krefjast).




HÁGÆÐA FLUGELDAR • ENNÞÁ MEIRA ÚRVAL •
2014
ÁRAMÓT
2015
STJÖRNULJÓS
FLUGELDASALA
GÆÐASKOTKÖKUR
39 Skota
ÆVINTÝRI
30 Skota
STORMUR
36 Skota
LITRÍKAR ÞRUMUR
SKOTKÖKUR Í HEIMSKLASSA
PARTÝBOMBAN
49 SKOTA
VORDRAUMUR
49 SKOTA
SÖLUSTAÐIR!
STÓRHÖFÐI
VIÐ GULLINBRÚ
SKÓGARLIND
PLANIÐ HJÁ ELKO OG KRÓNUNNI
REYKJANESBÆR
DUUSTORG
HOLTAVEGUR 28
KFUM OG KFUK VIÐ LANGHOLTSSKÓLA
DALBREKKA 17
KÓPAVOGI (Dekkjahúsið)
TERTUR
PAKKAR
RAKETTUR
SMÁVARA
GOS
BLYS
www.stjornuljos.is
Opnunartímar:
28. - 29. - 30. des. 10:00 til 22:00
31. des. 09:00 til 16:00
Borgaðu með
Netgíró
STJÖRNULJÓS
FLUGELDAR








ENNEMM / SÍA / NM66292








# > Hápunktar ársins

Samskip styðja við bakið á frábæru íþróttafólki á öllum aldri, enda kunnum við að meta snerpu og lipurð, hraðar sendingar og samstillt hestöfl.

Við þökkum samstarfið á árinu 2014 og óskum um leið viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum farsældar á nýju ári.

Samskip
Saman náum við árangri

## MERKISATBURÐIR

**1845** Texas varð 28. fylki Bandaríkjanna.

**1891** Thomas Edison fékk einkaleyfi á útvarpstækni.

**1898** Verslunarfélag Steingrímsfjarðar, sem síðar varð Kaupfélag Steingrímsfjarðar, var stofnað á Hólmavík.

**1908** Á Suðurlandi gerði austan ofsaveður og brotnuðu kirkjur á Stóra-Núpi og Hrepphólum.



**1985** Brjóstmynd af **Gunnari Thoroddsen** var afhjúpuð við Fríkirkjuveg 11 þegar 75 ár voru frá fæðingu hans.

**1989** Václav Havel var settur forseti Tékkóslóvakíu sem markar formleg endalok Flauelsbyltingarinnar.

**1994** Alþingi samþykkti að Ísland skyldi verða eitt af stofnríkjum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

**2006** Styrkjamálið: FL Group styrkti Sjálfstæðisflokkinn um 30 milljónir tveimur dögum áður en ný lög um styrki til stjórnmálaflokka gengu í gildi.

**ÞETTA GERÐIST:** 29. DESEMBER 1170

# Tómas Becket ráðinn af dögum



Á þessum degi árið 1170 var Tómas Becket erkibiskup myrtur í dómkirkjunni í Kantaraborg. Fjórir riddarar réðu biskupinn af dögum, líklega að skipan Hinriks II Englandskonungs.

Áður bar Hinrik mikið traust til Beckets og skipaði hann erkibiskup af Kantaraborg árið 1162 í þeirri trú að hann myndi stemma stigu við vaxandi völdum kirkjunnar. Becket reyndist aftur á móti dyggur málsvari þess að kirkjan hefði úrslitavald í eigin málum og féll í ónáð hjá konungi. Árið 1164 flúði hann til Frakklands af ótta við hefnd Hinriks. Þeir náðu síðar sáttum og Becket sneri til Kantaraborgar árið 1170. Það kastaðist hins vegar í kekki milli þeirra þegar Hinrik bjó til annað konungsembætti og lét erkibiskupinn af Jórvík krýna son sinn sem konung, þrátt fyrir andmæli páfa. Í gremju sinni gaf konungurinn út opinbera yfirlýsingu þar sem hann barmaði sér yfir að enginn úr hirð sinni sýndi honum tilhlýðilega hollustu og tæki klerkinn í karphúsið fyrir sig. Fjórir riddarar tóku yfirlýsinguna alvarlega, hugsanlega alvarlegar en efni stóðu til, og myrtu Becket á hrottalegan hátt.

Fréttirnar af morðinu á Becket skóku hinn kristna heim og árið 1173 var hann tekinn í tölu dýrlinga. Ári síðar var Hinrik II neyddur til að gera yfirbót við grafhýsi Beckets og lét hann af frekari tilraunum til að binda endi á aðskilnað ríkis og kirkju. Árið 1220 voru bein Beckets færð yfir í kapellu hinnar heilögu þrenningar í dómkirkjunni í Kantaraborg sem varð í kjölfarið vinsæll áfangastaður pílagríma.



**ÁR Í BÍGERÐ** Bergur Þorgeirsson, tæknilegur ráðunautur bókaútgáfunnar Tófu, Anna Guðný Gröndal og Bjarni Klemenz, aðstandendur Tófu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Listrænt hryðjuverk og kapítalískt neysluæði

## Hin nýstofnaða bókaútgáfa Tófa gefur út JÁ.

„Við höfum verið að tala um að stofna útgáfu í ár og þetta er fyrsta bókin sem við gefum út,“ segir Anna Guðný Gröndal, einn aðstandenda hinnar nýstofnuðu bókaútgáfu Tófu.

Útgáfan hefur nú sent frá sér bókina JÁ eftir Bjarna Klemenz. „Það var ekkert endilega áætlunin að gefa Bjarna út en svo kom hann með þessa bók og þá varð það rétti tíminn til að byrja á þessu. Við ætlum að gera meira á næsta ári, erum að skoða handrit og svo er jafnvel pæling að gefa út tímarit sem myndi fjalla þá um bókmenntir og menningu. En svo er náttúrulega þessi virðisaukaskattur á bækur að koma inn, þannig að við sjáum til hvernig þetta fer,“ segir Anna en þess má geta að Benedikt Gröndal skáld er langalangalangafi hennar svo að bókmenntagenin eru svo sannarlega til staðar.

Samkvæmt Bjarna fjallar JÁ um unga listamenn sem beina reiði sinni gegn neysluæði og kapítalisma samfélagsins. „Hún fjallar um listrænt hryðjuverk í Kringlunni sem fer úrskeiðis af því að það leynist einn alvöru hryðjuverkamaður á meðal listamannanna,“ segir Bjarni.

Hann fékk hugmyndina að bókinni á ferðalagi um Asíu. „Það var rosa sýnilegt hvað það er mikil neysla og kapítalismi þar. Þess vegna gerist bókin í Kringlunni því hún er svona Mammon.“ - þij



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**SIGMUNDUR ÓLI REYKJALÍN MAGNÚSSON**
**vélfræðingur,**
**Mýrarvegi 115, Akureyri,**

lést á öldrunarheimilinu Hlíð 17. desember.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 30. desember, klukkan 13.30.

**Þórný Kristín Sigmundsdóttir**
**Stefanía Gerður Sigmundsdóttir** **Helgi Jóhannesson**
**Sigrún Hulda Sigmundsdóttir** **Finnbogi Rútur Jóhannesson**
**Þórir Sigmundur Þórisson**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**Bjarni Reykjalín Magnússon**
**Jórunn Þóra Magnúsdóttir**

# „Mamma, mega konur vera lögreglustjórar?“

## Páley Borgþórsdóttir tekur við embætti lögreglustjóra í Vestmannaeyjum um áramótin. Hún er fyrsta konan til að gegna embættinu og hlakkar til.



**FÆDD OG UPPALIN Í EYJUM** Páley er fædd árið 1975 í Vestmannaeyjum. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Þetta leggst bara mjög vel í mig. Ég hlakka til að takast á við nýtt og krefjandi starf. Það er fullt af tækifærum sem fylgja nýju embætti og ég hlakka til að taka þátt í að móta það og byggja það upp,“ segir Páley Borgþórsdóttir. Hún tekur við embætti lögreglustjóra í Vestmannaeyjum þann 1. janúar næstkomandi en skipað er í embættið til fimm ára í senn. Páley segir þar með skilið við núverandi vinnustað sinn, Pacta lögmenn, þar sem hún hefur unnið sem lögmaður í tæp átta ár.

„Það er alltaf eftirsjá í öllu og maður veit hvað maður hefur átt en ekki hvað maður fær,“ segir Páley spurð hvort hún muni sakna vinnufélaganna. „Ég þekki nú samt til á gamla sýslumannsembættinu. Þar var ég að vinna í fimm ár og var meðal annars staðgengill sýslumanns áður en ég fór að vinna sem lögmaður. Ég þekki meirihlutann af starfsfólkinu og þar er reynslumikið lögreglulið og öflugt starfslið. Ég hlakka til að vinna með því góða fólki.“

Páley er fædd og uppalin í Vestmannaeyjum.

„Ég var hér í grunnskóla og sleit hér barnskónum. Síðan lá leið mín í Menntaskólann á Akureyri þegar ég var sextán ára. Þá var ég ákveðin í að verða verkfræðingur og fór á eðlisfræðibraut. Á síðasta árinu náði ég mér í mann sem er með mér enn og höfum við flakkað hingað og þangað saman. Árið 1997 fór ég síðan í Háskóla Íslands í lögfræði og útskrifaðist með embættispróf úr lagadeild árið 2002,“ segir Páley.

Þann 1. janúar tekur ný reglugerð innanríkisráðuneytisins gildi sem þýðir að umdæmum sýslumannsembætta er fækkað úr 24 í níu og lögregluumdæmum fækkað úr fimmtán í níu. Í Vestmannaeyjum hafa lögreglustjórn og sýslumannsstörf fallið undir sýslumannsembætti en um áramótin breytist það og verða embættin aðskilin. Páley verður einnig fyrsta konan til að gegna embætti lögreglustjóra í Eyjum. Páley er að vonum ánægð með þau tímamót að kona gegni starfinu.

„Ég sagði dóttur minni, sem er tíu ára, að ég væri að skipta um starf fyrir stuttu. Ég sagði henni að ég ætlaði að hætta að vera lögmaður og verða lögreglustjóri. Þá sagði hún: „Mamma, mega konur vera lögreglustjórar?“ Ég var eiginlega orðlaus. Nú hef ég sinnt áberandi störfum í samfélaginu og tekið að mér ábyrgðarstöður. Ég vil líka meina að ég og maðurinn minn séum með afar jafnréttissinnað heimilislíf. En þessi hlutverk eru greypt dýpra í meðvitundina en maður áttar sig á.“

Páley hefur ekki látið sér nægja að starfa sem lögmaður og hefur einnig setið í meirihluta í bæjarstjórn í Vestmannaeyjum síðustu níu ár. Hún hefur óskað eftir lausn frá störfum í bæjarstjórn.

„Það gerir enginn þá kröfu að ég víki úr því starfi. Mér finnst það eðlilegra. Mér finnst mikilvægt að lögreglustjóri gæti hlutleysis og sé bara í einu starfi,“ segir Páley. Hún býst ekki við því að það verði mikill munur á álagi í lögreglustjórastarfinu og lögmannsstarfinu.

„Lögmennskan er held ég álagsmeira starf en flestir halda. Það er ekki alveg eins og í bíómyndunum og lögmannsþáttunum. Það er ekki alltaf hvítvín á skrifstofunni,“ segir Páley og hlær. „Lögmannsstarfið er rosalega víðfeðmt. Þar er unnið á ofsalega breiðu sviði og maður er með stór mál í höndunum fyrir einstaklinga sem skipta það fólk öllu máli. Maður ber því mikla ábyrgð og því fylgir mikil vinna og oft mikil streita. En þetta er líka skemmtilegt starf,“ segir Páley og hlakkar til að ögra sjálfri sér á nýjum vettvangi.

> **Það er fullt af tækifærum sem fylgja nýju embætti og ég hlakka til að taka þátt í að móta það og byggja það upp.**
> *Páley Borgþórsdóttir*

„Lögreglustjórastarfið verður auðvitað krefjandi og skemmtilegt. Og ég vil hafa það þannig. Það er skemmtilegra þegar maður hefur eitthvað nýtt fyrir framan sig og þarf að leggja mikið á sig.“

liljakatrin@frettabladid.is

**SKJÓTUM UPP**
Björgunarsveitirnar hófu að selja flugelda í fjáröflunarskyni í lok sjöunda áratugarins, fyrst í Reykjavík en fljótlega bættust björgunarsveitir um allt land við. Flugeldasalan er mikilvægasta tekjulind björgunarsveita landsins. Því er um að gera að beina viðskiptum sínum til þeirra.

Gleðilegt nýtt ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða.
weber
JÁRN & GLER
Skútuvogur 1H | 104 Reykjavík | S: 5858900 | www.jarngler.is

TUDOR RAFGEYMAR
Nýjir og endurbættir
TUDOR High Tech rafgeymar.
95 Ah, 800 Amper
Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost)
Nýjar blýgrindur (3DX) = lengri ending
Alveg lokaðir og viðhaldsfríir
Mikið kaldræsiþol, örugg ræsing í miklum kulda
Góðir fyrir jeppa með miklum aukarafbúnaði
Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta.
SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



# KJÚKLINGUR MEÐ KANIL OG KARTÖFLUM

**HEIMILI** *Tilraunagleði Kristínar Drafnar Einarsdóttur, fatahönnuðar og matgæðings, mætir litlum skilningi á heimili hennar en hún fær útrás fyrir hana í vinnunni. Við fengum hana til að gefa uppskrift að mánudagsmatnum.*

Kristín Dröfn Einarsdóttir býr til allt frá samlokum og upp í „stríðstertur" eins og hún kallar það, fyrir tímaritið Gestgjafann. Hún nennir alls ekki að elda alla daga heima hjá sér og segir bæði börnin og bóndann mestu gikki sem kunni engan veginn að meta tilraunamennsku í eldhúsinu.

„Stundum er bara skyr og brauð í matinn um helgar, kjötbollur eða steiktur fiskur. Ég fæ útrás fyrir tilraunirnar í vinnunni," segir Kristín. „Mér finnst skemmtilegast að baka og mjög gaman að gera tilraunir í matseld. Ég styðst þó yfirleitt við uppskriftir þegar mikið stendur til en fylgi þeim ekki út í ystu æsar. Í vinnunni bæti ég við þær og breyti og blanda saman."

Hvað finnst þér best að borða?

„Uppáhaldsmaturinn minn fer eftir stemningunni hverju sinni en yfirleitt er það matur sem einhver annar eldar fyrir mig," segir Kristín sposk.

Við fengum hana til að gefa uppskrift að mánudagsmat. *Sjá næstu síðu.* ▶

**MÁNUDAGS-MATURINN**
„Uppáhaldsmaturinn minn fer eftir stemningunni hverju sinni en yfirleitt er það matur sem einhver annar eldar fyrir mig."
MYND/GVA

Gerðu gæða- og verðsamanburð
Jólagjafirnar í ár...
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Reverie
REVERIE 3E Essential með IQ care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 399.900.-
REVERIE 7S Supremem með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-
Ný sending af Reverie
RECOGNIZED FOR EXCELLENCE WOMEN CERTIFIED
20-50% afsláttur
D0mu- og herrasloppar
Mikið úrval
Frábær jólagjöf
20% afsl.
Vinsæli viðhaldskoddinn
Verð áður kr. 19.900.-
Verð nú aðeins kr. 15.920.-
20% afsl.
Frábær jólagjöf
IC-CARE heilsukoddinn
Verð áður kr. 14.900.-
Verð nú aðeins kr. 11.920.-
Sængurverasett
20-50% afsláttur
Frábær jólagjöf
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
Svefn & heilsa
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
www.svefn.is Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði I Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# JÓLALEGIR BÆIR

**JÓLASKREYTINGAR** *Það er misjafnt hversu mikið fólk skreytir umhverfi sitt fyrir jólin. Íbúar borga og bæja víða um heim gera sérstaklega út á það að skreyta mikið og fá til sín ferðamenn til að skoða herlegheitin. Þessir bæir eru oft mjög fallegir og huggulegir á þessum tíma árs eins og sjá má af þessum myndum.*



**MULHOUSE, ALSACE** Jólamarkaðurinn í Mulhouse í Frakklandi er nú haldinn í 24. skipti. Vinsældir hans hafa vaxið jafnt og þétt en staðsetning hans er afskaplega falleg, á Place de la Réunion milli Saint Etienne-kirkjunnar og ráðhúss bæjarins. Á hverju ári í desember er markaðssvæðið skreytt með mörgum tugum metra af efni sem gerir jólamarkaðinn í Mulhouse frábrugðinn öðrum. Steinsnar frá torginu má finna þrjátíu metra hátt, fallega skreytt jólatré.



**ESSLINGEN, BADEN WÜRTTEMBERG** Miðalda- og jólamarkaðurinn í Esslingen í Þýskalandi er einstaklega jólalegur enda eru gamla ráðhúsið og Sankti Dionys-kirkja næstu nágrannar hans. Meira en 180 básar mynda markaðinn og þar eru fjöldi skemmtiatriða í kringum hátíðina, svo sem útitónleikar þar sem hljóðfæri frá miðöldum eru notuð, eldgleypar og aðrir skemmtikraftar.



**NEW YORK, BANDARÍKIN** Enginn listi yfir fallegar jólaborgir er fullkominn án New York. Jólalegar uppákomur og atriði er að finna úti um allt en tvennt það vinsælasta og jólalegasta við borgina sem aldrei sefur er skautaferð í Rockefeller Center og að sjá jólasýningu The Rockettes. Önnur hátíðleg atriði sem gestir borgarinnar ættu að sjá eru leysiljósasýningin í Grand Central Station og Hnotubrjóturinn í Lincoln Center.



**LEAVENWORTH, BANDARÍKIN** Vikurnar fyrir jólin í Leavenworth í Washington-ríki eru íbúar bæjarins fullir af gleði og eftirvæntingu en þá er miðbærinn skreyttur með rúmlega hálfri milljón jólaljósa. Ljósunum er svo leyft að standa þar til um miðjan febrúar. Í bænum má rekast á jólasveina, tónlistarmenn, dansara og söngvara syngjandi jólasálma. Loftið er fyllt ilmi af ristuðum hnetum og hægt er að renna sér á sleða og hlusta jólasögur.



**BRUGGE, BELGÍA** Fáir staðir eru jafn fallegir um jól en miðbær Brugge en bærinn er í miðaldastíl með steinlögð stræti, sögulegar byggingar við hvert fótmál og hestakerrur sem keyra fólk í jólaskapi um. Yfir hátíðarnar er fallegt skautasvell opið sem setur mikinn svip á umhverfið. Torg og götur eru lýst upp með litríkum ljósum, jólamarkaðir eru víða og andrúmsloftið er fullt af gleði og eftirvæntingu.

NORDICPHOTO/GETTY




## HARISSA-KJÚKLINGUR OG RÓTARGRÆNMETI – FYRIR FJÓRA



**1 kjúklingur**
**1-2 msk. harissa-mauk**
**2 msk. ólífuolía**
**1 tsk. cumin-duft**
**1 msk. hunang**
**1-2 sítrónur, skornar í sneiðar (eins mætti gjarnan nota appelsínur)**
**1 laukur, afhýddur og skorinn í nokkuð þunnar sneiðar**
**1 sæt kartafla, afhýdd og skorin í sneiðar**
**1-2 gulrætur, skornar í bita**
**1 gulrófa, afhýdd og skorin í sneiðar**
**2-3 kanilstangir**
**Gróft sjávarsalt**
**Nýmalaður svartur pipar**

*Skolið kjúklinginn og þerrið með eldhúspappír. Snúið fuglinum svo bringurnar snúi niður og klippið bakbeinið burt með kjúklingaskærum. Snúið fuglinum við og þrýstið flötum niður, þetta er gert til þess að stytta eldunartímann, heilan kjúkling þarf að elda aðeins lengur. Blandið saman harissa-mauki, olíu, cumin og hunangi og makið vel á kjúklinginn og undir skinnið. Látið kjúklinginn bíða í 1-2 klst. eða í kæli yfir nótt. Stillið ofn á 180°C. Raðið sítrónusneiðum í eldfast mót, lauksneiðum þar ofan á og að lokum rótargrænmetinu og kanilstöngum. Kryddið með salti og pipar og dreypið olíu yfir. Leggið kjúklinginn ofan á og eldið í u.þ.b. 1- 1 ½ klst. Ef grænmetið er skorið mjög gróft getur það þurft lengri tíma og hærri hita en fuglinn, þá má færa hann á disk, setja álpappír yfir, hækka hitann á ofninum í 220°C og elda grænmetið áfram í 5-10 mín. Berið fram með jógúrtsósu og góðu salati.*

### JÓGÚRTSÓSA

**2-3 dl grísk jógúrt**
**Safi úr ½ sítrónu**
**1-2 tsk. hunang**
**1 hvítlauksgeiri, fínt rifinn**
**Hnefafylli ferskar kryddjurtir, gjarnan blanda af t.d. myntu, steinselju eða dilli**
**Gróft sjávarsalt**
**Nýmalaður svartur pipar**

*Hrærið allt saman og bragðbætið með salti og pipar.*

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, og **Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447. Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



# ÁRAMÓT

MÁNUDAGUR 29. DESEMBER 2014

## Þriggja rétta veisla

Uppskrift að kræklingi í hvítvíni, andalæri og konfektköku. SÍÐA 2

## Sprengjustríð

Gunnar Berg hefur lengi átt í sprengjustríði við frændfólk sitt í Eyjum. SÍÐA 4

## Stóðu upp úr

Vefsíðan E hefur tekið saman umtöluðustu kjóla ársins. SÍÐA 6

NORDICPHOTOS/GETTY








Kræklingur er ljúffengur og hentar vel á veisluborð.

# Gott um áramótin

Sumir hafa alltaf sama matinn um áramótin en aðrir kjósa að prófa eitthvað nýtt. Hér eru uppskriftir að frábærri veislumáltíð sem hægt er að prófa á gamlárskvöld eða á nýju ári. Réttir sem eru vinsælir víða um heiminn.

## Kræklingur í hvítvíni

Kræklingur er vinsæll matur um allan heim, sannkallaður veislumatur. Það er mjög auðvelt að matreiða krækling. Einungis þarf að passa að skelin opnist við suðu. Skeljar sem ekki opnast eiga að fara beint í ruslið. Þá er nauðsynlegt að þrífa skeljarnar vel áður en þær eru settar í pottinn. Uppskriftin miðast við fjóra.

1 kg kræklingur í skel
1 dl hvítvín
3 hvítlauksrif
2 skalotlaukar, fínt skornir
3 msk. ólífuolía
1 msk. steinselja, smátt skorin

*Skolið skeljarnar vel undir rennandi köldu vatni. Steikið lauk og hvítlauk á pönnu í ólífuolíu. Setjið skelfiskinn á pönnuna og hellið hvítvíni yfir. Setjið lok á pönnuna og látið suðuna koma upp. Þegar skeljarnar hafa opnast eru þær tilbúnar. Hendið skeljum sem opnast ekki. Dreifið steinseljunni yfir skeljarnar og berið fram með góðu brauði.*

## Andalæri confit með appelsínusalati

Þetta er afar vinsæll réttur á veitingahúsum. Það er um að gera að prófa að gera hann heima. Uppskriftin er fyrir fjóra, en eitt andalæri með legg er á mann.

4 andalæri með legg
200 g gróft salt
6 dl andafita, fæst í krukkum

*Grafið andalærin með saltinu. Geymið í ísskáp yfir nótt.*

*Bræðið andafituna í potti. Þurrkið saltið af andalærunum. Leggið bitana í eldfast form. Kæfið lærin í andafitunni. Hitið ofninn í 80°C. Lærin eiga að vera í að minnsta kosti fjóra tíma í ofninum, eða þangað til kjötið fer að losna af beinum.*

*Takið lærin úr fitunni, hækkið hitann á ofninum í 180°C. Leggið lærin á bökunarpappír á bökunarplötu og eldið þau áfram í um það bil 20 mínútur eða þar til þau fá gylltan lit og stökkt skinn.*

## Appelsínusalat

3 appelsínur
1 greip
2 blóðappelsínur
1 granatepli


Andalæri confit er vinsæll réttur um allan heim.

4 stilkar fersk mynta
2 msk. pistasíur, skornar niður
2 msk. hunang

*Skrælið appelsínur, blóðappelsínur og greip. Skerið í sneiðar. Hreinsið granatepli. Raðið sneiðunum á fat, dreifið myntunni yfir, granateplinu, hnetunum og hunangi. Berið fram með öndinni.*

## Konfektkaka

Þessi hátíðarterta er algjörlega himnesk og hentar því vel sem eftirréttur.

**Botn**
4 eggjahvítur
125 g sykur
125 g heslihnetur
25 g hveiti

**Súkkulaðimús**
4 eggjarauður
5 dl rjómi
25 g sykur
2 msk. koníak
200 g dökkt súkkulaði
4 matarlímsplötur
½ dl vatn

**Glassúr**
100 g gott súkkulaði
1 dl rjómi
50 g smjör

**Til skreytingar**
100 g pistasíur
Jarðarber
Bláber

*Þeytið eggjahvítur og sykur. Setjið hveitið því næst saman við.*

*Heslihneturnar eru settar í blandara og síðan saman við deigið. Setjið deigið í*


Æðisleg kaka sem hentar vel sem eftirréttur eftir góða máltíð.

*vel smurt hringform (24 cm). Ágætt er að setja bökunarpappír í það.*

*Bakið við 180°C í um það bil 15 mínútur. Kælið.*

*Hrærið eggjarauður, sykur og 1 dl rjóma og setjið síðan í pott. Hitið upp og látið blönduna þykkna, hrærið allan tímann.*

*Bræðið súkkulaði í vatnsbaði og setjið það síðan saman við eggjablönduna. Hrærið vel og kælið síðan smávegis.*

*Matarlímið fer í vatnsbað í 5 mínútur og síðan í smávegis sjóðandi vatn.*

*Þeytið restina af rjómanum og setjið í eggja- og súkkulaðiblönduna. Loks er matarlím sett rólega saman við og síðan koníak.*

*Hellið súkkulaðiblöndunni yfir hnetubotninn (sem er enn í forminu) og geymið í ísskáp yfir nótt. Þá er kakan tekin út og glassúrinn settur yfir. Bræðið súkkulaði og smjör í vatnsbaði. Hitið rjómann í öðrum potti en honum er síðan bætt út í súkkulaðið. Látið aðeins kólna áður en hellt er yfir kökuna. Setjið kökuna aftur í ísskápinn áður en hún er skreytt með fallegum berjum.*

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmaður auglýsinga:** Bryndís Hauksdóttir, s. 512-5434, bryndis@365.is
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.



# Nýju ári fagnað í góðum félagsskap

Álitsgjafar Fréttablaðsins voru hrifnastir af Freixenet-freyðivíninu í fyrra. Stefán Guðjónsson, einn fremsti vínsérfræðingur landsins, tekur undir. Hann segir vínið þurrt, létt og sýrurikt. Það er að hans sögn bragðgott og hefur langt eftirbragð.

Einn fremsti vínþjónn og vínsmakkari landsins, Stefán Guðjónsson, segir spænska freyðivínið Freixenet Cordon Negro Brut vera eitt af betri freyðivínum sem fást hérlendis í dag. „Vínið er þurrt, létt og sýrurikt. Það er mjög gott á bragðið og hefur langt eftirbragð. Það hefur mjög skemmtilegan sítruskeim og er því tilvalið þegar mikið stendur til og tilefni er til að fagna."

Stefán, sem auk þess er eigandi vín- og ölstofunnar Vínsmakkarans, segir vínið henta vel eitt og sér, til dæmis sem fordrykkur eða þegar verið er að fagna eins og á gamlárskvöld. „Freyðivínið passar einstaklega vel með léttum skelfiski og fiskréttum sem ekki eru í þungri sósu. Það á því einstaklega vel við með humri eða rækjuréttum."




## Söluhæst sinnar tegundar

Vínið er verðlagt mjög sanngjarnt að sögn Stefáns sem sé stór kostur. „Flaskan kostar rétt um tvö þúsund krónur sem telst afar sanngjarnt verð miðað við gæði. Það er því engin tilviljun að freyðivínið er eitt það söluhæsta sinnar tegundar í heiminum í dag enda ljóst að almenningur kann vel að meta það."

Stefán er ekki einn um þessa skoðun sína. Margir kollegar hans hérlendis eru einnig hrifnir af spænska freyðivíninu sem valið var besta freyðivínið af álitsgjöfum Fréttablaðsins árið 2013 þar sem allir kusu þurr freyðivín fram yfir sæt. „Þetta hreinsar alveg bragðlaukana," sagði Dominique Plédel, vínsérfræðingur og eigandi Vínskólans. „Það skilur eftir sig gott bragð. Þetta er vín sem maður gæti drukkið bara eitt og sér," sagði Bjarni Freyr Kristjánsson, þjónn og vínsérfræðingur. „Mjög góður fyrsti sopinn," bætti blaðamaðurinn Björn Þór Sigbjörnsson við um Freixenet.




Stefán Guðjónsson mælir með Freixenet-freyðivíninu.
MYND/VALLI

> **Freyðivínið passar einstaklega vel með léttum skelfiski og fiskréttum sem ekki eru í þungri sósu. Það á því einstaklega vel við með humri eða rækjuréttum.**

# Slökkviliðið mætir á hverju ári

Gunnar Berg Viktorsson fagnar ávallt nýju ári með hressilegri flugeldasýningu en fjölskylda hans í Vestmannaeyjum hefur árum saman átt í sprengjustríði við frændfólk sitt. Fjölskyldurnar búa við sömu götu sem nötrar af sprengjugný strax eftir að skaupi lýkur.

Þetta byrjaði allt saman árið 1995. Þá fórum við að kaupa dálítinn slatta af rakettum og fagna vel milli stórra bomba. Svo vatt þetta upp á sig. Menn fóru að prófa sig áfram með nýjar gerðir og búa til fossa og fléttur. Þetta var orðið að keppni á hverju ári hvor héldi flottari sýningu,“ segir Gunnar Berg Viktorsson, framkvæmdastjóri Íslenskra fjallagrasa, en fjölskylda hans í Vestmannaeyjum hefur í mörg ár átt í sprengjustríði við frændfólk sitt.

Fjölskyldurnar búa við sömu götu sem hver áramót nötrar af sprengjugný um leið og skaupinu lýkur svo björgunarsveitin lokar jafnvel götunni.


Gunnar Berg Viktorsson fagnar nýju ári með flugeldastríði við frændfólk sitt í Vestmannaeyjum.
MYND/GVA

„Við bræðurnir erum mest í þessu og pabbi skipar fyrir. Við erum með her manns í vinnu, frændfólk og vini, við að bera bomburnar úr kjallaranum og út á götu. Eitt árið var ákveðið að sameina flugeldaskotin hjá fjölskyldunum en við gerum það ekki aftur. Þá vantaði alla keppni í þetta. Mín fjölskylda hefur reyndar unnið svo mörg ár í röð að það er varla hægt að kalla þetta keppni lengur,“ segir Gunnar og blæs á það að sprengingarnar geti farið í taugarnar á nágrönnum.

„Við látum það ekkert á okkur fá. Langflestir hafa nú bara gaman af þessu og fagna með,“ segir hann og vill meina að það sé einmitt langskemmtilegast að vera mitt í sprengjuhávaðanum.

„Bróðir minn horfði eitt árið á flugeldana úr Perlunni og það var ekki það sama. Það þarf að vera alveg ofan í þessu. Þegar búið er að sprengja rölta allir á milli í götunni og þeir rífa kjaft sem unnu flugeldasýninguna og gera grín að hinum, í góðu samt. Mótherjar okkar hafa stundum farið í fýlu, en þeir hljóta að vera farnir að venjast því að tapa.“

Gunnar segir blessunarlega lítið hafa orðið um meiðsl í hamaganginum öll þessi ár enda viðeigandi öryggisbúnaður ávallt notaður. Þá sé farið að draga úr sprengjumagninu síðustu árin.


Vestmannaeyjabær lýsist upp um hver áramót þegar sprengjuglaðir frændurnir hafa lokið við að horfa á áramótaskaupið.
MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

„Ég man einu sinni eftir því að einn úr hinu liðinu brenndi sig á hendi. En það hefur svo sem kviknað í grindverki og í malbiki og flugeldar hafa komið inn í hús og niður um glerið í sólhúsinu hjá pabba. Öllum bombunum sem búið er að sprengja er síðan hent í fiskikör sem komið er fyrir í götunni og ég held að það sé árlegur viðburður að það kviknar í öllu saman og slökkviliðið mætir. En annars hefur þetta gengið merkilega stórslysalaust fyrir sig.“





Frá áramótunum í fyrra á Times-torgi í New York.

## *Sú fyrsta úr tré og járni*

Þegar klukkan nálgast miðnætti þann 31. desember ár hvert snúa þúsundir manna höfðum sínum í sömu átt, að fallandi kúlunni á Times-torgi í New York. Áramótafögnuðurinn þar er orðinn að miklu meira en bara hátíð, þau eru orðin að hefð sem vekur athygli um allan heim.

Á hátíðinni á torginu kemur fjöldi þekktra skemmtikrafta fram og er talið að um milljón manna sé samankomin á Times-torgi á þessum tímapunkti og fylgist með þeim og kúlunni fallandi sem markar það að áramótin séu gengin um garð. Yfir milljarður manna um heim allan sé svo með augun á skjánum og verði vitni að þessum tímamótum úr fjarlægð.

**Skemmtilegar staðreyndir um kúluna á Times-torgi:**

- Kúlan var fyrst látin falla árið 1907, þegar 1908 gekk í garð. Sú kúla var gerð úr tré og járni og lýst upp af hundrað ljósaperum.
- Kúlan í ár er tæp 5,4 tonn að þyngd.
- Hún er þakin 2.688 Waterford-kristalsþríhyrningum sem eru mismunandi að stærð.
- Kristalarnir eru festir á 672 LED-ljósaeiningar sem eru svo festar á stálgrind kúlunnar.
- Kúlan er lýst upp með 32.256 Philips Luxeon Rebel LED-ljósum. Á hverri LED-einingu eru 48 ljós, tólf rauð, tólf blá, tólf græn og tólf hvít og þar með 8.064 perur í hverjum lit í heild á kúlunni.
- Hægt er að hafa kúluna í meira en sextán milljón mismunandi litaafbrigðum og mynstur hennar eru nánast óteljandi.


ora
Ástríða í matargerð
Ora óskar landsmönnum
gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári
ora
GRÆNAR BAUNIR
www.ora.is

# Bestu kjólar rauða dregilsins

Vefsíðan E online tók saman þá kjóla sem þóttu áhugaverðastir á rauða dreglinum árið 2014. Hópurinn sem valdi kjólana hafði ekki aðeins fegurð kjólanna sem viðmið. Markmiðið var að finna þá kjóla sem fólk talaði um í vikur og jafnvel mánuði á eftir.





**EMMA STONE**
Hin geðþekka leikkona var í kjól frá Valentino á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum.

**BLAKE LIVELY**
Í kjól frá Gucci á Cannes-kvikmyndahátíðinni.

**LUPITA NYONGO**
Leikkonan þótti bera af í glæsileik þetta árið. Hér er hún í kjól frá Ralph Lauren á Golden Globe-verðlaunahátíðinni.

**KATE HUDSON**
Á Óskarsverðlaunahátíðinni klæddist Kate kjól frá Atelier Versace.

**RIHANNA**
Söngkonan í dressi frá Adam Selman á CFDA-tískuverðlaunahátíðinni.

**SOFIA VERGARA**
Klæddist kjól frá Roberto Cavalli á Emmy-verðlaunahátíðinni.

**HAYDEN PANETTIERE**
Bumban var falleg og glitrandi í kjól frá Lorena Sarbu.




MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*



HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

Gullborg

ÓDÝRIR OG GÓÐIR

# FLUGELDAR

ÍSLENSKA DÚNDRIÐ

## 37 ára reynsla

af innflutningi og sölu flugelda

**Sjáið vörurnar á**
**www.gullborg.com**

## 25 - 43% afsláttur

**af öllum vörum mismunandi eftir vörutegundum**

**jafngildir**

## 33 - 75% kaupauka




Gullborg

Alltaf jafn flott

**Tilboðspakki**
**kr 3.990**
**43% afsláttur**
(fullt verð kr 7.000)

**2 stk Flare 16 skota skotkökur**
**15 stk Thunder rakettur**
**50 stk Froskar**
**1 stk Kínverjabelti**
**10 stk Stjörnuljós, 50cm**
**10 stk Þyrlur**
**6 stk Party Flöskur**



**Tilboðspakki**
**kr 5.600**
**40% afsláttur**
(fullt verð kr 9.400)

**1 stk 20 skota skotkaka**
**4 stk 16 skota skotkaka**
**1 stk Gos**
**3 stk Rakettur**



**45 gerðir af skotkökum**

Gullborg

Bíldshöfða 18

Opnunartími
28., 29., og 30. desember kl 10-22
31. desember kl 10-16
4. & 5. janúar kl 14-18
6. janúar kl 12-18

Gullborg

Afsláttur gildir ekki af tilboðum



## ÖRUGG UM ÁRAMÓT

**Fylgja ætti** nokkrum góðum og gildum reglum þegar skotið er upp flugeldum.

- Geymið skotelda á öruggum stað.
- Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja flugeldum.
- Verið aldrei með flugelda í vasa.
- Notið hanska til að vernda hendur.
- Munið eftir hlífðargleraugum.
- Hallið ykkur aldrei yfir flugelda. Kveikið í með útréttri hendi.
- Forðið ykkur um leið og logi er kominn í kveikiþráðinn.
- Munið að áfengi og flugeldar fara ekki saman.
- Alls ekki má handleika flugelda eftir að kveikt hefur verið í þeim. Reynið aldrei að kveikja aftur í flugeldum.
- Hafið stöðuga undirstöðu undir rakettum, standblysum og skotkökum.
- Verjið eyrun og haldið góðri fjarlægð. Hávaði frá flugeldum getur skaðað heyrn.
- Bönnum börnum að taka í sundur flugelda.
- Brunasár á að kæla strax með vatni.

## HVAÐAN KOMA LITIRNIR Í FLUGELDUNUM?

**Flugeldar þróuðust** í Kína fyrir um þúsund árum í framhaldi af því að púðrið var fundið upp. Yfirleitt eru flugeldar búnir til úr tveimur aðskildum hylkjum. Annað er fyllt með grófu púðri sem er notað til að skjóta flugeldinum upp í loftið en í hinu er fíngert púður sem veldur sprengingu eftir að flugeldurinn er kominn á loft. Í seinna hylkinu eru einnig efni sem mynda liti þegar þau eru hituð upp. Litadýrð flugelda fæst með því að setja ýmiss konar málmflögur í púður þeirra. Í upphafi voru allir flugeldar hvítir á litinn og var þá sett duft af áli eða magnesíni út í púðrið. Þau efni verða mjög björt og glóandi þegar þau hitna. Síðar voru notaðar stál- eða járnflögur til að framkalla gula liti. Fyrir nítjándu öldina voru aðeins framleiddir flugeldar sem voru hvítir, gulir eða appelsínugulir á litinn. Á nítjándu öld var farið að búa til rauða og græna flugelda, en bláir og fjólubláir flugeldar þróuðust ekki fyrr en á tuttugustu öldinni. Nú á dögum er algengt að í flugeldum sé duft eða flögur úr áli, járni, stáli, sinki eða magnesíni. Þessi efni mynda mjög bjarta, glampandi og glitrandi neista. Auk þess eru oft notuð málmsölt eins og til dæmis koparklóríð, kalsínklóríð eða barínklóríð. Kopar gefur bláan lit, kalsín appelsínugulan lit og barín grænan. Efnið natrín gefur gulan lit og lítín rauðan.

*Heimild: visindavefur.is*








## SÍVINSÆLL FORRÉTTUR

**Rækjukokteill er** algengur áramótaforréttur. Hann er til í ýmsum útfærslum. Hér er ein.

### Sósa

**1 dl majónes**
**1 dl sýrður rjómi**
**2 msk. tómatsósa**
**1 skvetta tabasco-sósa**
**1 tsk. worchester-sósa**
**1 msk. sítrónusafi**
**Pipar**

*Öllu blandað saman.*

**300 g rækjur**
**1 mangó, vel þroskað**
**Smátt skorin rauð paprika**
**Salatblöð, til dæmis jökla- eða jólasalat**

*Salatið er rifið niður í há glös eða litlar skálar. Mangóið skorið í litla bita og blandað við rækjurnar. Sósunni hellt yfir. Skreytt með steinselju og sítrónusneið.*



ER ALLT KLÁRT Í
Verslaðu í einu sérhæfðu fluguveiðiverslun landsins
VEIÐINA 2015?
ÚTSALA
20-60 %
AFSLÁTTUR*
GUIDELINE
Flugustangir
breytir leiknum -
Fluguhjól
Einfaldlega yfirburða hjól frá snillingum Loop og Guideline.
Flugubarinn
Önnur eins gæði er erfitt að finna...
GUIDELINE LOOP - stóru merkin í Skandinavíu
VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR
Í 12 MÁN
Veiðiflugur
Langholtsvegi 111 | Sími: 527 1060

## BÍLAR & FARARTÆKI

HEIMS BÍLAR



**GÓÐ KAUP.**
SUBARU Justy s. Árgerð 2008, ekinn 155 Þ.KM bensín, 5 ,gírar, góð dekk. Verð 970þ. tilboð kr. 690þ visa/ euro raðgr. í boði uppl s. 567-4000, 6607575



**JEPPI Í TOPPSTANDI.**
HYUNDAI Terracan. Árg. 2003, ek 198 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur, krókur,33" breyttur. ný timar.bremsurör, nýtt í bremsum, o.fl. ásett v. 1290þ TILBOÐSV. 1.090þ uppl s 567-4000. 660-7575

**Heimsbílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2012, ekinn 49 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.390.000. Rnr.240223. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



TOYOTA Land cruiser 150 GX. Árgerð 2011, ekinn 72 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.890.000. Rnr.991042.



NISSAN Micra visia. Árgerð 2012, ekinn 40 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.890.000. Rnr.990778.



MERCEDES-BENZ E 220 bluetec. Árgerð 2014, ekinn 3 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.990.000. Rnr.990994.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



**2015 NÝJIR FORD F350**
Nýr og öflugri en áður, Dísel 440hö, Komdu og kynntu þér málið, erum að taka niður pantanir, Verð frá 8.650þkr m/VSK, Kíktu á síðuna okkar www.isband.is

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

100bílar.is bílasala



BMW 545i SMG. Árg 1/2004, ek128 Þ.KM, 334hö, SMG skipting, head up display, leður, lúga, hlaðinn aukabúnaði, Lítur út sem nýr, Verð 3.490.000. Rnr.118879. Er í salnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**0-600 STAÐGREITT**
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

### Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

### Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@ flytja.is

### Flug



**EINKAFLUGMANNSNÁM Í FLUGSKÓLA ÍSLANDS - HEFST 12. JANÚAR**
Láttu drauminn rætast! Fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmanni. Kvöldskóli - nám með vinnu. - Skemmtileg upplifun og frelsi - fylgir fluginu. Skráðu þig núna! Skráning á www. flugskoli.is.


Barnaheill
Save the Children á Íslandi


### Húsaviðhald







Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

### Spádómar

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
SPÁMIÐILL
-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR
Sími 618 3525
www.engill.is

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## KEYPT & SELT

### Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örykrja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA.**
**SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## HEILSA

### Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

### Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa með endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 47.500 á mán.
Rent a room price from 47.500 kr. per month.
**gsm 777 1315**
**leiga@leiguherbergi.is**


STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS
vísir
Félag Fasteignasala
Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!
VÍSIR FASTEIGNIR.IS


### Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**KAFFIHÚSIÐ 10 DROPAR Á LAUGAVEGI 27**
óskar eftir vaktstjóra með reynslu af kaffihúsi/bar og talar íslensku.

Okkur vantar líka 1-2 starfsmenn með reynslu af matreiðslu og tala íslensku.

Möguleiki á 100% vinnu.

Umsóknarfrestur er til 3 janúar.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
**Umsóknir berist til 10dropar@gmail.com**

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

Rauða Torgið
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Kaldalind 3 - 201 Kópavogur



Fallegt 214 m2 einbýlishús með innbyggðum bílskúr. Eignin skiptist í hjónaherbergi með fataherbergi, þrjú barnaherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, sjónvarpshol, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr. Gróinn og fallegur garður með veröndum. Hellulagt bílaplan og gönguleið í kringum húsið. Mjög fallegt útsýni er frá húsinu. **V. 76,9 m.**

## Glitvellir 7 - 221 Hafnarfjörður




Mjög glæsilegt 215,8 m2 einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Glitvelli 7 í Hafnarfirði. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús/geymslu, forstofu, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr. Flottar innréttingar og gólfefni. **V. 55,9 m.**

## Flugumýri 28 - 270 Mosfellsbær




Gott 275 m2 atvinnuhúsnæði. Um er að ræða vinnslusal með 2 stórum innkeyrsluhurðum og mikilli lofthæð. Milliloft sem skiptist í opið rými sem hægt er að nota sem skrifstofurými eða geymslurými, baðherbergi og kaffistofu. Gólfflötur er ca. 195 m2 og milliloft ca. 80,0 m2. Leiguverð 350.000 kr á mánuði.

## Álfkonuhvarf 21 - 201 Kóp




Björt og falleg 128,5 m2, 4ra herbergja endaíbúð á 2. hæð, ásamt bílastæði í bílakjallara í lyftuhúsi við Álfkonuhvarf 21 í Kópavogi. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla í kjallara. **V. 36,9 m.**

## Reykjavegur 54 - 270 Mos




80 m2, 4ra herbergja, íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt 26,8 m2 bílskúr við Reykjaveg 54 í Mosfellsbæ. Húsið er timburhús klætt með lituðu bárujárni. **V. 24,6 m.**

## Klapparstígur 14 - 101 Rvk




Falleg og björt 89,1 m2, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi. Fallegt útsýni. Stórir gólfsíðir gluggar sem gera íbúðina bjarta og skemmtilega. Húsið er byggt árið 2006. **V. 37,9 m.**

## Gerplustræti 25 -270 Mosfellsbær



Rúmgóð og falleg 123 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð með glæsilegu útsýni, ásamt bílastæði í bílakjallara. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Stór sérgeymsla í kjallara fylgir eigninni. **V. 33,9 m.**

## Álmholt 6 - 270 Mosfellsbær




236,1 m2 einbýlishús með tvöföldum bílskúr og aukaíbúð í kjallara við Álmholt í Mosfellsbæ. Um er að ræða 140,2 m2 einbýlishús á einni hæð ásamt 48,2 m2 tvöföldum bílskúr og 47,7 m2 aukaíbúð í kjallara. **V. 45,9 m.**

## Laxatunga 96 - 270 Mosfellsbær



Fallegt 182,1 m2 raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr við Laxatungu 96. Eignin skiptist í: Neðri hæð: Forstofa, gestasnyrting, geymsla, eldhús, stofa, borðstofa og bílskúr. Efri hæð: Þrjú svefnherbergi, hol, baðherbergi, þvottahús og yfirbyggðar svalir. Flottar innréttingar og gólfefni. Hellulagt bílaplan og afgirtur garður með verönd og heitum potti í suður. **V. 44,9 m.**

## Laxatunga 122 -270 Mosfellsbær



Fallegt 118,4 m2 raðhús á einni hæð við Laxatungu 122 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, baðherbergi, forstofu, þvottahús, geymslu, eldhús og stofu. Gott geymsluloft. Gott skipulag. Fallegar innréttingar og fallegar flísar á gólfum. Afgirtur garður með heitum potti.

**V. 37,8 m.**



# Skrifstofuhúsnæði til leigu







Um 680 fermetra skrifstofuhúsnæði í Grímsbæ til leigu í lengri eða skemmri tíma.

Nánari upplýsingar gefur Viktor í síma 696-9420.














| KL. 20:25
**Dulda Ísland**
Vandaðir nýir þættir í umsjón Jóns Óttars Ragnarssonar sem fer með okkur í ævintýraleiðangur um Ísland. Hann skoðar helstu perlur landsins ásamt góðum samferðarmönnum.

# Fjölbreytt mánudagskvöld

| KL. 21:15
**Peaky Blinders**
Vandaðir þættir sem gerast í Birmingham á Englandi árið 1919 og fjalla um harðsvírað glæpagengi sem ræður ríkjum.



| KL. 21:15
**Rush**
Dr. William Rush er spilltasti læknirinn í Los Angeles og hann er til í að gera ýmislegt fyrir ríka og fræga fólkið ef nógu vel er greitt fyrir.



| KL. 22:00
**Dreamhouse**
Spennumynd um fjölskyldu sem flytur inn í nýtt hús en kemst fljótt að því að það er eitthvað undarlegt á seyði.



| KL. 21:00
**The Glades**
Fjórða þáttaröðin af spennandi sakamálaþáttum sem segja frá lífi og starfi lögreglumannsins Jim Longworth í Flórída.



| KL. 21:40
**Mið-Ísland**
Sprenghlægilegir gamanþættir eins og þeir gerast bestir frá uppistandshópnum, Mið-Íslandi.




Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | 8 | 5 | | | | 7 | |
| | | 9 | | 3 | | | 4 | 8 |
| | | | 7 | | | 2 | 5 | |
| 9 | | | | 7 | 2 | | | |
| 3 | 2 | 5 | 1 | 9 | | | 8 | |
| 4 | 1 | | | 8 | | | | 3 |
| | 4 | 3 | 8 | | 7 | | | 5 |
| | | | | 5 | 6 | 8 | | 2 |
| | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 1 | 9 | | | | | 2 |
| 4 | | | | 2 | | | | |
| | | 2 | 3 | | 8 | | 4 | |
| | | 8 | 5 | 9 | 6 | 3 | | |
| 5 | | | | 1 | 3 | 8 | | |
| 6 | | | | | | | 1 | |
| 8 | | 5 | | | 7 | 6 | 9 | |
| | | | | | | | 3 | |
| 1 | 7 | | 2 | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | 5 | | | |
| | | 6 | | | | | 7 | 8 |
| | 1 | | 8 | | | | | |
| | 7 | | 2 | | | | 6 | 9 |
| | | 3 | 4 | | | 5 | | |
| | | | 5 | | 1 | | | 2 |
| | 2 | | | | | 6 | 4 | |
| 1 | | | 9 | | | | | |
| 8 | | | | 7 | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 7 | 9 | 5 | 8 | 3 |
| 3 | 7 | 8 | 2 | 5 | 1 | 9 | 4 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 3 | 6 | 4 | 2 | 5 | 1 |
| 2 | 3 | 1 | 5 | 9 | 7 | 8 | 6 | 4 |
| 5 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 | 7 | 3 | 9 |
| 6 | 1 | 4 | 9 | 8 | 5 | 3 | 7 | 2 |
| 8 | 2 | 7 | 6 | 1 | 3 | 4 | 9 | 5 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 4 | 2 | 6 | 1 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 7 | 8 | 4 | 3 | 1 | 6 | 9 | 2 |
| 2 | 9 | 1 | 5 | 7 | 6 | 4 | 8 | 3 |
| 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 2 | 1 | 7 | 5 |
| 4 | 1 | 7 | 3 | 8 | 9 | 2 | 5 | 6 |
| 9 | 5 | 2 | 7 | 6 | 4 | 3 | 1 | 8 |
| 6 | 8 | 3 | 1 | 2 | 5 | 7 | 4 | 9 |
| 8 | 3 | 9 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 | 4 |
| 7 | 2 | 5 | 6 | 4 | 8 | 9 | 3 | 1 |
| 1 | 6 | 4 | 9 | 5 | 3 | 8 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 4 | 9 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 |
| 6 | 7 | 9 | 3 | 5 | 8 | 4 | 1 | 2 |
| 2 | 8 | 3 | 1 | 4 | 7 | 5 | 6 | 9 |
| 7 | 3 | 5 | 2 | 1 | 9 | 6 | 4 | 8 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 3 | 5 | 2 | 7 | 1 |
| 1 | 2 | 8 | 6 | 7 | 4 | 9 | 5 | 3 |
| 8 | 4 | 2 | 7 | 6 | 3 | 1 | 9 | 5 |
| 3 | 5 | 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 8 | 6 |
| 9 | 6 | 7 | 5 | 8 | 1 | 3 | 2 | 4 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Hið sanna tákn um gáfnafar er ekki þekking heldur ímyndunarafl.“

*Albert Einstein*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** sót, **6.** klafi, **8.** útgerðarstaður, **9.** nudda, **11.** númer, **12.** yndi, **14.** gróðabrall, **16.** kallorð, **17.** hár, **18.** fiskur, **20.** samtök, **21.** lappi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** mælieining, **3.** átt, **4.** leiðbeining, **5.** dýrahljóð, **7.** dýrasjúkdómur, **10.** for, **13.** þvottur, **15.** útungun, **16.** rámur, **19.** Í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ösku, **6.** ok, **8.** ver, **9.** núa, **11.** nr, **12.** nautn, **14.** brask, **16.** hó, **17.** ull, **18.** áll, **20.** aa, **21.** sami.
**LÓÐRÉTT: 1.** tonn, **3.** sv, **4.** kennsla, **5.** urr, **7.** kúabóla, **10.** aur, **13.** tau, **15.** klak, **16.** hás, **19.** lm.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

Kristján Örn Elíasson (1831) lagði lævíslega gildru fyrir Björn Ívar Karlsson (2272) á Atskákmóti Skákklúbbs Icelandair – Íslandsmótinu í atskák.

**Hvítur á leik**



**1. Bxe6! fxe6??** (Björn Ívar gengur beint í gildruna. Eftir 1...Hc1+ 2. Kxb2 Hxd1! hefur svartur unnið tafl). **2. Hh8+ Kf7 3. H1h7+ Kf7 4 Hf8+** og Björn Ívar gafst upp enda mát í næsta leik. Héðinn Steingrímsson varð Íslandsmeistari í atskák.

**www.skak.is** Jólahraðskákmót TR í kvöld.




# ÚTSALAN ER HAFIN

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **www.IKEA.is**

# KRÓNAN – fyrst og fremst ódýr!

Jólalæri Krónunnar hálfúrbeinað



**1699 kr. kg**
Hátíðarlambalæri a la orange án mjaðmabeins

20% afsláttur

Fullmeyrnað



**3999 kr. kg**
Verð áður ~~4998~~ kr. kg
Nýsjálensk ungnautalund

Þú getur valið með kolagrillkryddi, New York, hvítlauk & rósmarín, pipar-hvítlauk & rósmarín, pipar-marinerað eða trönuberja- & eplamarinerað!



Hvítlaukur & rósmarín

Trönuberja- og eplamarinerað

**1598 kr. kg**
Lambalæri, kryddað



**1498 kr. kg**
Lambalæri, ókryddað



**3999 kr. kg**
Verð áður ~~4498~~ kr. kg
Lambafile með fituröndd



**2198 kr. kg**
Lambahryggur




**1499 kr. kg**
Holda kalkúnn, frosinn

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum




# FERSKT MEÐ FLUGI
# ALLA DAGA TIL JÓLA!

JÓLAGRÆNMETIÐ – JÓLABERIN – JÓLAKRYDDIÐ

Hafðu meðlætið með jólamatnum brakandi ferskt

NÝ UPPSKERA




**Ísfugl**

**Kalkúnabringur,** með amerískri fyllingu **3598 kr./kg**

**Kalkúnabringur,** fylltar með döðlum **3698 kr./kg**




Frönsk gæði á aðfangadag

**20% afsláttur**

**3199 kr. kg**

Verð áður ~~3998~~ kr. kg

**Franskar andabringur, berberi**




Jólaöndin 2014

**3598 kr. stk.**

**Julius önd, 2,6 kg**




# Leikhúsárið hefur verið dramatískt

Óhjákvæmilega fer árið 2014 í sögubækur: Öll atvinnuleikhúsin skipta um leikhússtjóra. En, sitt sýnist hverjum um hversu hátt þetta tímabil rís listrænt. Stjörnur ársins eru augljóslega Elma Stefanía, Snorri Engilbertsson og svo horfa menn til Þorvaldar Davíðs.

**Leikhús** 2014

Árið 2014 hlýtur að fara í sögubækurnar, þá í kaflann um íslenskt leikhúslíf, en leikhússtjórar allra þriggja atvinnuleikhúsa landsins luku keppni. Tinna Gunnlaugsdóttir hefur lokið sínum ráðningartíma og um áramót tekur Ari Matthíasson við, framkvæmdastjóri hússins og því þar öllum hnútum kunnugur. Nokkur spenna var um arftaka Tinnu en menntamálaráðherra tók sér góðan tíma í að skipa í stöðuna. Þá vakti það einnig athygli að stjórn BHM krafðist skýringa á því hvernig það gæti farið saman að Tinna væri ráðin til að fara með hlutverk í jólasýningu hússins, Sjálfstæðu fólki; skrifaði hún undir ráðningarsamning við sig sjálfa? Svar menntamálaráðherra var á þá leið að þetta gæti ekki talist óeðlilegt.

Ekki blés síður um yfirstjórnina í Borgarleikhúsinu. Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri, sem jafnframt átti sæti í stjórn RÚV ohf., sótti um stöðu útvarpsstjóra, en Páll Magnússon hvarf úr þeim stóli, og var Magnús Geir ráðinn. Þetta þýddi að laus til umsóknar var Borgarleikhússtjórastaðan og sú sem þótti hæfust á meðal umsækjenda þar var Kristín Eysteinsdóttir.




Og fyrir norðan hefur verið róinn lífróður til að bjarga því sem bjargað verður með hið fornfræga Leikfélag Akureyrar en þar hefur rekstur gengið illa. Unnið hefur verið að sameiningu við aðrar menningarstofnanir norðan heiða undir þaki menningarhússins Hofs. Þeirri siglingu hefur Ragnheiður Skúladóttir stýrt. Hennar ráðningarsamningur rennur út nú um áramótin, en Ragnheiður var helsti keppinautur Ara um stöðu Þjóðleikhússtjóra. Sá sem tekur við LA er leikstjórinn Jón Páll Eyjólfsson.

Þá er óhjákvæmileg spurning þessi: Hvernig er viðskilnaðurinn? Hvernig líður leiklistinni í öllum þessum umhleypingum? Leikhúsárið miðar reyndar við veturinn og telst 2014 til 2015. Hér verður einkum litið til þeirra sýninga sem voru á sviðinu í vetur en einnig horft til síðasta vors. Fréttablaðið ræddi við ýmsa sem fylgst hafa grannt með og er stuðst við það, þó ekki sé vitnað beint til þeirra. Ekki ber að líta á þetta yfirlit sem tæmandi lista yfir allt það sem rataði á íslenskt leiksvið á árinu.

**Þjóðleikhúsið kemur sterkt til baka**

Það er ekki hugmyndin að leggja mat á arfleifð Tinnu í þessu yfirliti en leikhústíðin 2014 í Þjóðleikhúsinu hlýtur að teljast með miklum ágætum. Tinna getur borið höfuðið hátt, ekki síst vegna þess að í upphafi árs blés ekki byrlega. Tinna horfði fram á tvær sýningar sem hreinlega floppuðu. Það hlýtur að teljast áfall. Þingkonurnar sem Benedikt Erlingsson setti upp og Maður að mínu skapi í leikstjórn Stefáns Jónssonar. Þessar sýningar féllu ekki í kramið.

Sýning ársins er Eldraun Millers, sem lítur til Aristótelesar og sýndi sig að klassíkin er klassík af því að hún er klassík. Þjóðleikhúsið sýndi styrk sinn. Svisslendingurinn Stefán Metz var fenginn til landsins, hann hafði áður




leikstýrt Krítarhringnum eftir Brecht 1999 og nú var það enn ein klassíkin. Metz reyndist happafengur, frábær leikstjóri en kannski má segja að hörgull sé á slíkum á Íslandi? Verkið var eins og skrifað inn í íslenskan samtíma: Undirlægjuháttur, sérhyggja og nornaveiðar voru til umfjöllunar og um var að ræða gríðarlega sterka sýningu. Hilmir Snær Guðnason sýndi enn og aftur að hann er með allra bestu leikurum og Elma Stefanía Ágústsdóttir var kynnt sem framtíðarstjarna hússins. Það sem helst einkenndi þessa sýningu var sérlega jafn og góður leikur.

Og áhorfendatölur í Þjóðleikhúsinu hafa verið með miklum ágætum. Konan við þúsund gráður er önnur sýning sem hlaut verulega góða dóma, Guðrún Gísladóttir blómstraði í sýningunni sem og áðurnefnd Elma Stefanía auk Snorra Engilbertssonar en þau tvö fóru á vegum Þjóðleikhússins til Washington og sýndu Harmsögu Mikaels Torfasonar við góðan orðstír: Sýningin hlaut afbragðs dóma í Washington Post. Hlýtur að teljast sigur fyrir Þjóðleikhúsið.

Önnur sýning sem nefna má og var gríðarlega vel heppnuð er svo Litli prinsinn, ákaflega falleg og sterk barnasýning en þar fór einmitt Snorri á kostum. Þá má nefna samstarf við leikhópinn Aldrei óstelandi sem setti upp Ofsa sem byggð er á bók Einars Kárasonar. Sýning sem fengið hefur góða dóma og horfa menn vongóðir til aukins samstarfs. Að auki má nefna aðra leikgerð, Karítas, sem byggð er á bók Kristínar Marju og hefur sú sýning fengið góða dóma.

Auður Ava, sem er einn besti rithöfundur landsins, reyndi sig við leikritaformið með Svanir skilja ekki – og á hún án efa eftir að ná betri tökum á dramatíkinni.

Þjóðleikhúsið fór svo laglega út af sporinu þegar það veðjaði á Magnús Scheving og Latabæ. Hvorki gagnrýnendur né áhorfendur litu svo á að þetta ætti erindi á svið Þjóðleikhússins. Og ef ekki væri fyrir Litla prinsinn þá var leikhús þjóðarinnar tekið í bólinu af helsta samkeppnisaðilanum; Borgarleikhúsinu, þá í keppni um yngstu áhorfendurna.

**Borgarleikhúsið stígur báruna**

Þótt Kristín Eysteinsdóttir geti ekki talist þurfa að standa reikningsskil á árinu sem er að líða, Magnús Geir hlýtur að hafa lagt línur, þá tilheyrði hún stjórnendateymi Borgarleikhússins og hefur væntanlega haft eitt og annað um þau verkefni að segja sem sáust á sviðinu. En, það skiptir kannski ekki öllu máli. Sýningarnar þar voru upp og ofan, og bera kannski þessum umhleypingum vitni. Eins og áður sagði tók Borgarleikhúsið Þjóðleikhúsið í bólinu með Línu Langsokki en Ágústa Eva Erlendsdóttir var sem fædd í hlutverkið. Leikhúsreynsla yngstu áhorfenda skiptir öllu máli fyrir framtíðina og þeir mæta og fylla Línu-sýningarnar.

Undarlegt háttalag hunds um nótt var formúluverk sem tekið var beint af West End. Hilmar Jónsson leikstýrði, gerði það fagmannlega. Leikritið sjálft var gallað en leikhópurinn, sem stóð sig vel, var ekki í stakk búinn til að skera. Sú sýning sætti engum tíðindum en Þorvaldur Davíð Kristjánsson stóð sig afbragðsvel, og verður að teljast einn allra flottasti leikari sinnar kynslóðar.

Borgarleikhúsið er svo trútt sinni hefð og sýnir nú við miklar vinsældir Beint í æð, farsa þar sem Hilmir Snær er potturinn og pannan og gengur sú sýning rífandi vel.

Leikárið í Borgarleikhúsinu hófst reyndar með nokkrum ólíkindum. Hamlet, takk fyrir. Sem telst misþroska

sýning. Umdeild. Ólafur Darri var frábær Hamlet, um það eru flestir sammála en fékk lítinn stuðning frá öðrum leikurum. Þetta hlýtur að skrifast á leikstjórann Jón Pál, sem nú er tekinn við hjá LA. En, í kjölfarið kom svo sýning sem var allrar athygli verð, sýning Bergs Þórs Ingólfssonar: Hamlet litli. Á Litla sviðinu. Bergur Þór sýndi hversu fínn leikhúsmaður hann er, en hann fór einmitt afbragðs vel með sitt í Undarlegu háttalagi.

Aðrar sýningar sem má nefna eru Kenneth Máni Björns Thors á Litla sviðinu sem kom ánægjulega á óvart, sem svo ekki er hægt að segja um Óskasteina Ragnars Bragasonar. Honum tókst því miður ekki að fylgja eftir athyglisverðri sýningu sinni, Gullregni, og féll sú sýning ekki í góðan jarðveg; ef til vill vegna þess að sagan var kjánaleg. En íslensk verk eru alltaf vel þegin og rúsínan í pylsuendanum, og fjöður í hatt hússins, er Bláskjár eftir Tyrfing Tyrfingsson. Allir þeir sem Fréttablaðið ræddi við eru sammála um að þar sé á ferð alveg einstaklega spennandi höfundur og má binda miklar vonir við hann. Ráð var fyrir gert að þetta yrðu fjórar sýningar en þær eru nú orðnar fjörutíu. Sýningunni var vel tekið af gagnrýnendum sem og áhorfendum – en það þarf ekki alltaf að fara saman.

**LA og annað fólk**

Leikfélag Akureyrar hefur átt erfitt uppdráttar um langt skeið, fátt hefur gengið, en þegar allar leiðir virtust lokaðar birtist sá ágæti leikstjóri Egill Heiðar Anton Pálsson. Og verkefnavalið hitti beint í mark fyrir norðan: Gullna hliðið eftir Davíð Stefánsson og leikhúsgestir leika nú við hvurn sinn fingur.

Ekki hefur mikið kveðið að frjálsum leikhópum á árinu sem er að líða. Á árinu 2013 setti Rúnar Guðbrandsson upp einkar athyglisverða sýningu: Stóru börnin eftir Lilju Sigurðardóttur kom inn á merkilegt fyrirbæri í mannlífsflórunni; fullorðið fólk sem er haldið því blæti að vilja vera ungbörn á bleyju. Sýnt var í Tjarnarbíói. Það hús hefur verið að reyna að koma undir sig fótunum, og hefur allt í það en ekki hefur tekist að fylgja þessari frumlegu sýningu Rúnars eftir; tvær sýningar fylgdu sem höfðu eitt og annað sér til ágætis en liðu fyrir stækan innbyggðan boðskap og rétttrúnað.

**Stjörnur ársins**

Að þessu sögðu eru stjörnur ársins 2014 augljóslega Elma Stefanía sem hefur komið með hvelli inn í íslenskt leikhúslíf. Snorri Engilbertsson er sömuleiðis vonarstjarna og svo horfa menn til Þorvaldar Davíðs, sem gaman var að sjá á íslensku leiksviði; en hann virðist hins vegar hafa meiri áhuga á kvikmyndinni.

Guðrún Gísladóttir sýndi auðinn sem býr í eldri kynslóðinni og Ólafur Darri og Hilmir Snær halda sínu sem viðurkenndir leikarar. Leikstjóri ársins verður að teljast Stefán Metz, leiksýningin er Eldraunin og leikskáld ársins, bjartasta vonin, er Tyrfingur Tyrfingsson.

Spennandi vetur er fram undan og bíða menn með eftirvæntingu eftir sýningum sem eru á leið á fjalirnar. Dúkkuheimili eftir Ibsen í Borgarleikhúsinu þykir lofa góðu, meðal þeirra sem til þekkja, en Harpa Arnardóttir, sem hefur verið að gera sig gildandi sem leikstjóri, stýrir. Þorleifur Örn, spútnikkinn í íslensku leikhúsi undanfarinna ára, er að frumsýna Sjálfstætt fólk – honum verður örugglega að ósk sinni; sú sýning mun án efa reynast umdeild. Stefán Metz er enn á ferðinni og verður spennandi að sjá hann takast á við íslenska klassík: Fjalla-Eyvind. Og svo eru tveir risar íslenskrar leikritunar, Birgir Sigurðsson og Sigurður Pálsson, með verk sem verið er að æfa og verða á fjölunum fljótlega. Það er ekki dónalegt.

Jakob Bjarnar


OFSI


KONAN VIÐ 1000°




## VIKAN Á FACEBOOK ROTNANDI RUSL OG SELFIE-STANGIR



**Þorsteinn Guðmundsson**
**26. desember**
Skærgræn norðurljósin dansa yfir Goðahverfinu og túristar reka upp fagnaðaróp. Yes!! Ég vissi að við værum enn þá best í einhverju!



**Margrét Eir**
**23. desember**
Það tekur á að vera í umferðinni … EN þetta mjakast allt saman.



**Sigríður Arnardóttir**
**26. desember**
Í kjölfar sjónvarpsfrétta af fólki með yfirfullar ruslatunnur, óþolinmótt með rotnandi rusl sem flæðir upp úr öskutunnum, vil ég bara benda á að ef maður flokkar þá leysist þessi vandi. Mandarínubörkur, melónur og annað lífrænt fer í tunnu/fötu/kassa til moltugerðar (og breytist í gróskumikla gróðurmold), pappinn fer í sérgám og plast í annan. Þetta má oft ganga með í næsta gám og vandinn leystur.



**Svavar Knútur**
**27. desember**
Horfandi á newsfeedið mitt núna, dagana eftir jól, þá hallast ég að því að selfie-stöngin sé jólagjöf ársins. Getur það verið?
Nota bene, þetta er ekki illa meint, bara ótrúlega mikið af svona selfie-stangamyndum.



**Bragi Valdimar Skúlason**
**26. desember**
Merkilegt með þennan guð. Trúað fólk er sífellt að leita að honum, meðan trúlausir sjá hann í hverju horni og láta hann fara í taugarnar á sér.

# Best klæddu mennirnir 2014

Það má með sanni segja að karlmennirnir hafi svo sannarlega verið flottir í tauinu þetta árið. Val á best klæddu mönnunum var heldur betur erfitt og komu fjölmargir til greina, enda er listinn alls ekki tæmandi. Þessir tíu stóðu upp úr á árinu, enda hver öðrum glæsilegri.



**TÖFFARI** Knattspyrnumaðurinn Daniel Sturridge átti góða spretti á árinu, bæði í fatavali og á vellinum.



**MYNDARLEGUR** Jared Leto kom svo sannarlega, sá og sigraði á Óskarsverðlaununum, var óaðfinnanlega klæddur og fór heim með gullstyttu.



**FETAR ÓTROÐNAR SLÓÐIR** Harry Styles úr One Direction var glæsilegur í röndóttum fötum frá Lanvin úr sumarlínunni fyrir árið 2015.



**VERÐUR BETRI MEÐ ÁRUNUM** Fyrrverandi fótboltastjarnan David Beckham var sérstaklega smart þetta árið.



**ERFÐI TÍSKUVITIÐ** Brooklyn, sonur Victoriu og Davids Beckham, hefur greinilega erft tískuvitið frá foreldrum sínum.



**FLOTTUR Í BLÁU** Burberry-fyrirsætan og leikarinn Eddie Redmayne sló vart feilnótu í fatavali á árinu.



**GLÆSILEGUR** Breska fyrirsætan David Gandy er alltaf flottur.



**FLOTTUR Í FRAKKLANDI** Íslandsvinurinn Ryan Gosling sló öllum öðrum við á Cannes-kvikmyndahátíðinni.



**STÓRGLÆSILEGUR** Draumaprins okkar allra, Benedict Cumberbatch, var óaðfinnanlegur í flauelsfötum.



**ALVEG MEÐ ÞETTA** Leikarinn Tom Hiddleston var flottur á British Fashion Awards.





Ferskur ananas
**279** kr./kg



H&G veislusalat, 100 g
**435** kr./pk.

## Mikið úrval af erlendum ostum



**NÝTT**
**Sérlagað ávaxtahlaup sem dregur fram það besta úr hverjum osti.**



**Folies ávaxtahlaup, 85 g**
Eplahlaup með chili tón fyrir Brie
Apríkósu- og kúmenhlaup fyrir Camembert
Bláberjahlaup með timjan fyrir aðra kúaosta
Peruhlaup með valhnetum og hunangi fyrir blámygluosta
**499** kr./stk.

*Gott ostakex*



Farmhouse ostakex, Cheese & Chive, 100 g
**429** kr./pk.



Bestir í kjöti
Úr kjötborði

# NÓATÚN
Við gerum meira fyrir þig

**17%** afsláttur

**Nóatúns hátíðarlambalæri 2014**
fyllt með villisveppum, trönuberjum og camembert
**2799** kr./kg
Verð áður: ~~3398 kr./kg~~

# VEISLUMATUR



15% afsláttur

Berberi andabringur
**3398** kr./kg
~~3998 kr./kg~~



Lambahryggur
**1999** kr./kg
~~2298 kr./kg~~

Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði



Ungnautalund
**5999** kr./kg
~~6998 kr./kg~~

Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði



17% afsláttur

Ísfugl, fersk kalkúnabringa
**2899** kr./kg
~~3498 kr./kg~~

Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði

Opið til miðnættis alla daga **8-24**

# NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# ÚTSALAN

SPJALDTÖLVUR • HEYRNARTÓL • RÝMI
BLU-RAY SPILARAR • ÞVOTTAVÉLAR • S
HÁRVÖRUR • LAGERHREINSUN • SÝNIN
SÍMAR • ÚTLITSGALLAÐAR VÖRUR • ÖRB
FERÐAHÁTALARAR • HEIMABÍÓ • HLJÓM
SOUNDBAR • AUKAHLUTIR • MYNDAV
MINNISLYKLAR • TÖLVUHÁTALARAR • S
LYKLABORÐ • DVD OG BLU-RAY MYND
UPPÞ

ELKO

PANTAÐU Í SÍMA 575-8115 SKIPTIBORÐ ELKO 544-4000 WWW.ELKO.IS

GRANDI–LINDIR–SKEIFAN–VEFVERSLUN

# ER HAFIN!

NGARSALA
KILAVÖRUR • TÖLVUR
IGARTÆKI • FRYSTITÆ
BYLGJUOFNAR
MTÆKI • BAÐVOGIR
VÉLAR • KÆLITÆKI
SJÓNVÖRP
DIR • KAFFIVÉLAR
• VOTTAVÉLAR

25% afsláttur

40% afsláttur

50% afsláttur

80% afsláttur





**LAWRENCE** Leikkonunni hefur vegnað vel á árinu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Lawrence söluhæst

Leikkonan Jennifer Lawrence er samkvæmt tímaritinu Forbes sá leikari ársins 2014 sem aflaði mestra miðasölutekna.

Þær kvikmyndir sem Lawrence lék í á árinu skiluðu 1,4 milljörðum Bandaríkjadala í miðasölu, Forbes telur þá tölu þó eiga eftir að hækka þar sem kvikmyndin The Hunger Games: Mockingjay er enn í sýningu.

Lawrence er einna þekktust fyrir hlutverk sitt sem Katniss Everdeen í Hungurleikamyndunum en Lawrence lék einnig í X-Men: Days of Future Past á árinu.

Á síðasta ári var það Dwayne „The Rock“ Johnson sem var efstur á sama lista með 1,3 milljarða Bandaríkjadala.

# Glimmer og glans um áramótin

Heiðdís Austfjörð Óladóttir, förðunarmeistari og eigandi vefsíðunnar Haustfjord.is, er líklega einn mesti aðdáandi glimmers á landinu. Hún sýnir hér hvernig gera má einfalda og fallega áramótaförðun með glimmeri.



**1** Ljós silfuraugnskuggi er settur á mitt augnlok. Í ytri og innri augnkrók er settur dekkri litur. Best er að nota flatan bursta til að setja augnskuggana á. Rennið dökka skugganum undir augun líka.



**2** Takið blöndunarbursta, sem er möndlulaga bursti með lengri og mýkri hárum. Notið léttar hringhreyfingar og mýkið öll samskeyti. Blandið dekkri litnum upp í augntóft og út á við.



**3** Því næst er penslinum dýft í glimmerfesti, hér er notaður Liquid Sugar frá EyeKandy. Penslinum er svo dýft í glimmerið og því þrýst á augnlokið.



**4** Til þess að spara tíma og svo farðinn verði sem fallegastur eru hann og hyljarinn settir eftir á, þar sem hætta er á að dökki augnskugginn hrynji niður.



**5** Notið sólarpúður til þess að skyggja og móta andlitið. Fallegt er að setja einhvers konar highlighter ofan á kinnbeinin til að draga þau fram.



**6** Fyllið í augabrúnir, setjið svartan blautan eyeliner meðfram augnháralínu. Gott er að líta upp og miða við neðri augnháralínu til að sjá hvernig eyelinerinn á að liggja. Bætið við maskara og gerviaugnhárum.



**7** Hér hefur Heiðdís bætt við nokkrum steinum, sem settir eru á með augnháralími. Best er að setja límið á með tannstöngli eða álíka, leyfa því að þorna í hálfa mínútu og tylla steininum á með plokkara.



**8** Fyrir þær sem vilja taka þetta alla leið er um að gera að sleppa hugmyndafluginu lausu og bæta við fleiri steinum.

FÉLAGSFUNDUR VM

VM heldur félagsfund í Reykjavík þriðjudaginn 30. desember



kl. 13:00 Vélstjórar á farskipum
kl. 17:00 Vélstjórar á fiskiskipum
Fundarstaður:
Stórhöfði 25, 3 hæð.

Nánari upplýsingar á heimasíðu VM
www.vm.is

VM-Félag vélstjóra og málmtæknimanna - Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800

Landsfélag í vél- og málmtækni



**GUÐLAUG** Ásamt barnabarni sínu, Þorgeiri Ás Sigmundssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Margt sem tengist læsi ekki beinn lestur

Lestrarkennsla er ær og kýr Guðlaugar Sjafnar Jónsdóttur sem hefur gefið út bók um læsi barna.

„Ég hef fundið fyrir áhuga hjá foreldrum sem hafa verið að spyrja mig. Mig langaði að koma á framfæri í bókinni að það er svo margt sem tengist læsi sem er ekki beinn lestur,“ segir Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir.

Hún gaf á dögunum út bókina Er þetta stafurinn minn: Handbók um læsi ungra barna og læsishvetjandi námsspilið Veiðirím.

Bókin er hugsuð fyrir foreldra barna sem eru að byrja að lesa. Guðlaug starfaði við kennslu á leik- og grunnskólastigi í tuttugu ár og er því reynsluni ríkari.

„Þetta er eins og að byggja hús. Ef þú ert að byggja hús þá leggur þú áherslu á góðan grunn og þú ert að leggja þennan grunn frá núll til sex ára, þar til börnin fara út í hinn eiginlega lestur.“ Hún segir umhverfið áhrifaþátt sem ekki megi vanmeta. „Ég hef alltaf sagt að það séu þrír kennarar, foreldrar, kennarinn og umhverfið. Börn sækja mikið af þekkingu í umhverfið ef það er í boði,“ segir hún. „Bestu meðmæli sem ég hef fengið eftir kennsludag er þegar barn er spurt: Hvað varst þú að gera í skólanum í dag? og það svarar að það hafi verið að leika sér,“ segir Guðlaug glöð í bragði en hún segir lestrarkennslu vera sínar ær og kýr.

> **Ég hef alltaf sagt að það séu þrír kennarar, foreldrar, kennarinn og umhverfið.**

Bók Guðlaugar fæst í verslunum Eymundsson og bókin og spilið fást í versluninni Spilavinir.

**- gló**

Bíldshöfða
Akureyri og
Selfossi

# INTERSPORT ÚTSALAN ER HAFIN!

30% afsláttur

50% afsláttur

70% afsláttur

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

Á ALVÖRU ÍÞRÓTTA-FATNAÐI

INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

# Leiðtoginn ég

**BAKÞANKAR**
Hauks Viðars Alfreðssonar



Fyrir nokkrum vikum ákvað ég í samvinnu við nokkra sprellikarla að reyna að koma af stað alheimsátaki um það að fella kvikmyndina The Shawshank Redemption af topplista vefsíðunnar IMDb.com — vinsælasta kvikmyndavef heims. Við lögðum til að almenningur myndi kjósa vísindatryllinn Starship Troopers í staðinn og í barnslegri einlægni taldi ég raunverulegan möguleika á að heimurinn myndi taka höndum saman og fella risann.

**ÞEGAR** þetta er skrifað hafa aðeins 350 smellt læki á Facebook-síðuna. Samt fór ég, leiðtoginn sjálfur, í viðtal á Rás 2, Mbl, skrifaði um átakið og ég fékk meira að segja eitt favorite á Twitter frá aðalleikara Starship Troopers. En afraksturinn olli mér sárum vonbrigðum.

**ÞRÁTT** fyrir að tilraunin hafi misheppnast berast núna fregnir af sambærilegu átaki sem hefur gengið töluvert betur. Netverjar keppast við að hífa upp einkunn kvikmyndarinnar The Interview á IMDb og í síðustu viku var hún með einkunnina 10. Hún hefur reyndar lækkað niður í 7,9 en á eflaust eftir að hækka á ný. Um er að ræða aulagrínmynd með þeim Seth Rogen og James Franco í aðalhlutverkum, sem gerir stólpagrín að Kim Jong–un, sjálfhverfum og veruleikafirrtum leiðtoga Norður–Kóreu. Átakið er augljóslega mótað eftir fyrirmynd minni.

**ÞÁ** eru Bandaríkin og Norður–Kórea komin í hár saman vegna myndarinnar, sem virðist einnig hafa kveikt í áður óþekktri uppreisnargirni hins almenna íbúa Norður–Kóreu. Íbúarnir eru margir hverjir svo spenntir fyrir kvikmyndinni að þeir eru tilbúnir að greiða allt að tífalt verð fyrir hana á DVD, að sjálfsögðu á svörtum markaði þar sem kvikmyndin var bönnuð í landinu um leið og af henni fréttist.

**ÞAÐ** er heldur snemmt að spá fyrir um málalok en við vonumst að sjálfsögðu til þess að kúgaður almenningur í Norður–Kóreu snúi endanlega baki við stjórnvöldum. Frelsið mun kosta sitt en þegar það fæst mun ég að sjálfsögðu eigna mér hluta af heiðrinum. Það var jú ég sem kom þessu öllu af stað.



**KJARTAN ARI PÉTURSSON** Þykir hönnunin á VHS-kápunum skemmtileg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Ekki ætlaðar börnum

Facebook-hópurinn Íslenzk myndbönd er tileinkaður nostalgískum VHS-kápum.

„Fjarsjóðsleit hjá hákörlum“, „Blóðrauða brúðkaupið“ og „Kung fu djöflarnir“ eru nokkrir kvikmyndatitlar sem grípa augað á hinum nýstofnaða Facebook-hóp Íslenzk myndbönd, sem tileinkaður er gömlum kápum á VHS-spólum.

„Ekki ætluð börnum – fékk SEX stjörnur hjá Extrablaðinu!“ segir á tveimur kápum, sem vekja án vafa nostalgíu hjá þeim sem muna enn eftir myndbandaleigunum og þessari úreltu en jafnframt sjarmerandi tækni.

„Ég er búinn að vera að safna síðan 1987,“ segir Kjartan Ari Pétursson myndlistarmaður, sem stofnaði hópinn. „Það er svo skemmtileg hönnun á þessum gömlu kápum sem ég er mjög hrifinn af, sérstaklega frá myndböndum Regnbogans, það er þetta einfalda form,“ segir Kjartan.

„Þessar fyrstu spólur frá Regnboganum eru teknar beint af filmunum sem voru sýndar í bíóinu, þær eru oft slitnar og rispaðar og það vantar í þær hljóðið stundum, þannig að þú ert að sjá það sem var sýnt til að byrja með í kvikmyndahúsinu.“

Mikið var gefið út af költ- og B-myndum á Íslandi á þessum tíma. „Eins og í Evrópu virðast þeir hafa verið að gefa út mikið af gömlum breskum hryllingsmyndum, „exploitation“-myndum frá Ítalíu og Frakklandi. Þetta lítur út fyrir að hafa verið mjög líflegt fyrstu árin áður en lögreglan fór í málið,“ segir Kjartan en eins og menn muna kannski eftir var lagt bann við „ofbeldiskvikmyndum“ árið 1982 í kjölfar „video nasty“-deilunnar í Bretlandi. Um var að ræða siðferðiskrísu þar sem ofbeldisfullar hryllingsmyndir voru ritskoðaðar og bannaðar og var því gerður alræmdur listi yfir svokallaðar „video nasties“.

Kjartan segist eiga nokkrar af spólunum sem voru á íslenska bannlistanum og eru þær sannkallaðir gullmolar úr kvikmyndasögunni.

thorduringi@frettabladid.is



**ÓGNVALDURINN (THE BLOOD BEAST TERROR)**



**ÁSTRÍÐUR EMMANÚELLAR (BLACK COBRA WOMAN)**


SAMBÍÓIN GLEÐILEG JÓL




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 2 - 5 - 8 - 11 | 12 |
| THE HOBBIT 3D | KL. 7:20 - 10:20 | 12 |
| THE HOBBIT 2D VIP | KL. 2 - 5 - 8 - 11 | VIP |
| LOVE, ROSIE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 2 - 3:20 - 4:20 - 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 8 | 7 |
| INTERSTELLAR | KL. 10:20 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 3:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1 | L |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3D | KL. 5 - 8 - 11 | 12 |
| LOVE, ROSIE | KL. 10:20 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL. 5:50 | L |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 3:40 | L |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 3D | KL. 2 | L |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1:30 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT HFR 3D | KL. 1 - 4 - 7 - 10 | 12 |
| THE HOBBIT 2D | KL. 12 - 3 - 6 - 9 | 12 |
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| EXODUS: GODS AND KINGS 3D | KL. 10:20 | 16 |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| LOVE, ROSIE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 3D | KL. 1 - 3:20 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 - 10:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1 - 3:20 | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| LOVE, ROSIE | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES 2 | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 3D | KL. 1 - 3:20 - 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 3:20 | L |
| FROSINN ÍSLTAL 2D | KL. 1 | L |

Gleðileg bíójól SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




GILDIR MÁNUDAGINN 29. OG ÞRIÐJUDAGINN 30. DES.




**SMÁRABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3 3D 48R | KL 1 – 4.30 – 6 – 8 – 9.30 – 11 | 12 |
| THE HOBBIT 3 LÚXUS 3D 48R | KL 1 – 4.30 – 8 – 11 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL 1 – 3.30 – 5.45 – 8 | L |
| EXODUS | KL 6 – 9.30 | 16 |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 10.20 | 12 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL | KL 1 – 3.30 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL | KL 1 – 3.30 | L |

**HÁSKÓLABÍÓ** 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE HOBBIT 3 3D | KL 2 – 5.45 – 6.45 – 9 – 10 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 3 | KL 2 – 4.30 – 6.45 – 10.45 | L |
| EXODUS | KL 9 | 16 |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 5 – 8 | 12 |
| DUMB AND DUMBER TO | KL 2 | 7 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL | KL 2 - 4.30 | L |

FJÖLSKYLDUPAKKINN
MINNST 4 MIÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-12 ÁRA
Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði
Miðasala á: eMiði

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ GLEÐILEG JÓL 5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HOBBIT 3 3D (48R) | 2, 4, 5, 7, 8, 10, 11 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | 1:50, 5, 8 | L |
| NIGHTCRAWLER | 10:10 | 16 |
| BIG HERO 6 2D | 2 | L |

Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.



BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | |
|---|---|
| Mommy .......... 17.30, 20.00 | Winter sleep .......... 20.00 |
| Turist .......... 17.45 | 20,000 days on earth .... 22.15 |
| París norðursins .......... 18.00 | SÍÐASTA SÝNING: |
| Whiplash .......... 20.00 | Clouds of Sils Maria ...... 22.30 |




ÚTSALA ÁRSINS
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
Nú fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum til allt að 12 mánaða með 3,5% lántökugjald og 390kr greiðslugjald af hverjum gjalddaga.
75% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM
RISA FLUGELDAPAKKI
FYLGIR NÝJUSTU ACER FARTÖLVUNUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
OPNUM 12:00
Í DAG ÚTSÖLU ÁRSINS
Tilboð gilda dagana 27-31 desember 2014 eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur
OPNUNARTÍMAR
Mánudag og þriðjudag
12:00 - 19:00
Gamlársdag
10:00-13:00
LOKAÐ 1 JAN 2015
OPNUM AFTUR 2. JAN KL 12:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

## Gylfi Þór mætir á Anfield



**FÓTBOLTI** Fyrri helmingi ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu lýkur í kvöld þegar Liverpool tekur á móti Gylfa Þór Sigurðssyni og félögum í lokaleik 19. umferðar. Liverpool komst aftur á sigurbraut í síðustu umferð þegar liðið lagði Burnley, en Swansea er búið að vinna tvo 1-0 sigra í röð í deildinni.

Gylfi Þór Sigurðsson var á skotskónum í síðasta leik þegar hann skoraði glæsilegt mark, beint úr aukaspyrnu, gegn Aston Villa, en hann hafði í þremur leikjum á undan því hvorki lagt upp né skorað mark. Hann er í heildina búinn að skora þrjú mörk og leggja upp átta og koma þannig með beinum hætti að ellefu mörkum liðsins af 23.

Brendan Rodgers, knattspyrnustjóri Liverpool, þekkir Gylfa auðvitað mæta vel, en hann gaf honum tækifærið hjá Reading og fékk hann til Swansea á láni fyrir tveimur árum. Leikurinn hefst klukkan 20.00 og verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 2 HD.

## Reykjavíkursigrar í deildabikarnum

**HANDBOLTI** Reykjavíkurliðin Valur og Fram fögnuðu sigri í deildabikar Flugfélags Íslands í handbolta sem fram fór í Strandgötu í Hafnarfirði um helgina.

Fram-stúlkur höfðu betur gegn Stjörnunni í úrslitaleik, 25-20, eftir að vera 14-9 yfir í hálfleik. Þær eru einnig taplausar á toppi deildarinnar.

Valur vann Aftureldingu í karlaflokki eftir æsispennandi leik sem fór alla leið í vítakastkeppni. Stephen Nielsen var hetja Vals en hann varði þrjú víti Mosfellinga. Allt um leikina má lesa á Vísi. - tom



**DRAMATÍK** Orri Gunnarsson lyftir bikarnum fyrir Val. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**BESTAR** Fram er á toppnum í deildinni og vann bikarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## ÚRSLIT

### ENSKA ÚRVALSDEILDIN

**TOTTENHAM - MAN. UTD 0-0**
**SOUTHAMPTON - CHELSEA 1-1**
1-0 Sadio Mané (17.), 1-1 Eden Hazard (45.).

**ASTON VILLA - SUNDERLAND 0-0**
**HULL - LEICESTER 0-1**
0-1 Riyad Mahrez (32.).

**MAN. CITY - BURNLEY 2-2**
1-0 David Silva (23.), 2-0 Fernandinho (33.), 2-1 George Boyd (47.), 2-2 Ashley Barnes (81.).

**QPR - CRYSTAL PALACE 0-0**
**STOKE - WEST BROM 2-0**
1-0 Mame Biram Diouf (51.), 2-0 Mame Biram Diouf (67.).

**WEST HAM - ARSENAL 1-2**
0-1 Santi Cazorla (41., víti), 0-2 Danny Welbeck (44.), 1-2 Cheikhou Kouyate (54.).

**NEWCASTLE - EVERTON 3-2**
0-1 Arouna Koné (5.), 1-1 Papiss Cissé (34.), 2-1 Ayoze Pérez (51.), 3-1 Jack Colback (68.), 3-2 Kevin Mirallas (84.).

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 19 | 14 | 4 | 1 | 41-14 | 46 |
| Man. City | 19 | 13 | 4 | 2 | 41-17 | 43 |
| Man. United | 19 | 10 | 6 | 3 | 33-19 | 36 |
| Southampton | 19 | 10 | 3 | 6 | 32-15 | 33 |
| Arsenal | 19 | 9 | 6 | 4 | 34-23 | 33 |
| West Ham | 19 | 9 | 4 | 6 | 30-23 | 31 |
| Tottenham | 19 | 9 | 4 | 6 | 24-24 | 31 |
| Swansea | 19 | 8 | 4 | 6 | 23-19 | 28 |
| Newcastle | 19 | 7 | 5 | 7 | 22-28 | 26 |
| Liverpool | 18 | 7 | 4 | 7 | 22-24 | 25 |
| Stoke City | 19 | 7 | 4 | 8 | 21-23 | 25 |
| Everton | 19 | 5 | 6 | 8 | 29-31 | 21 |
| Aston Villa | 19 | 5 | 6 | 8 | 11-22 | 21 |
| Sunderland | 19 | 3 | 11 | 5 | 16-27 | 20 |
| QPR | 19 | 5 | 3 | 11 | 21-34 | 18 |
| West Brom | 19 | 4 | 5 | 10 | 18-28 | 17 |
| Hull | 19 | 3 | 7 | 9 | 18-26 | 16 |
| Crystal Palace | 19 | 3 | 7 | 9 | 20-30 | 16 |
| Burnley | 19 | 3 | 7 | 9 | 14-29 | 16 |
| Leicester | 19 | 3 | 4 | 12 | 17-31 | 13 |

### ÚRSLITALEIKIR FÍ-BIKARSINS

**FRAM - STJARNAN 25-20 (14-9)**
**Fram - Mörk (skot):** Elísabet Gunnarsdóttir 7 (7), Ásta Birna Gunnarsdóttir 7 (8), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 4/1 (6/1), Steinunn Björnsdóttir 3 (7), Hulda Dagsdóttir 3 (9), Hekla Rún Ámundadóttir 1 (6), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir (2), Ragnheiður Júlíusdóttir (5).

**Varin skot:** Nadia Bordon 12 (31/2, 39%), Hafdís Lilja Torfadóttir 1 (2, 50%).

**Hraðaupphlaup:** 4 ( Ásta Birna Gunnarsdóttir 1, Steinunn Björnsdóttir 2, Hulda Dagsdóttir 1.).

**Utan vallar:** 6 mínútur.

**Stjarnan - Mörk (skot):** Þórhildur Gunnarsdóttir 7/2 (12/3), Sólveig Lára Kjærnested 3 (8), Guðrún Erla Bjarnadóttir 2 (4), Helena Rut Örvarsdóttir 2 (4), Hanna Guðrún Stefánsdóttir 2 (7), Sandra Sif Sigurjónsdóttir 1 (1), Tinna Laxdal 1 (2), Esther Viktoría Ragnarsdóttir 1 (3), Nataly Sæunn Valencia 1 (7).

**Varin skot:** Florentina Stanciu 17 (42/1, 40%),.

**Hraðaupphlaup:** 3 ( Sólveig Lára Kjærnested 2, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 1.)

**Utan vallar:** 8 mínútur.

**VALUR - AFTURELDING 34-33 (E. VÍTAK.)**
**Valur - Mörk (skot):** Ómar Ingi Magnússon 7 (10), Elvar Friðriksson 5 (6), Sveinn Aron Sveinsson 4 (5), Finnur Ingi Stefánsson 4 (6), Kári Kristján Kristjánsson 4/2 (9/4), Alexander Örn Júlíusson 4 (13), Vignir Stefánsson 3 (5), Bjartur Guðmundsson (1), Daníel Ingason (2).

**Varin skot:** Stephen Nielsen 20/1 (47/3, 43%), Kristján Ingi Kristjánsson 4 (8/1, 50%).

**Hraðaupphlaup:** 8 ( Elvar Friðriksson 1, Sveinn Aron Sveinsson 3, Finnur Ingi Stefánsson 2, Vignir Stefánsson 2.).

**Utan vallar:** 4 mínútur.

**Afturelding - Mörk (skot):** Böðvar Páll Ásgeirsson 7 (21), Jóhann Jóhannsson 5 (12/1), Jóhann Gunnar Einarsson 4 (7), Elvar Ásgeirsson 4 (8), Gunnar Þórsson 4/3 (8/3), Ágúst Birgisson 3 (4), Árni Bragi Eyjólfsson 2 (4), Hrafn Ingvarsson 1 (1), Birkir Benediktsson 1 (6).

**Varin skot:** Davíð Hlíðdal Svansson 14/1 (37/2, 38%), Bjarki Snær Jónsson 3/1 (11/2, 27%).

**Hraðaupphlaup:** 7 (Böðvar Páll Ásgeirsson 2, Jóhann Jóhannsson 1, Jóhann Gunnar Einarsson 1, Ágúst Birgisson 1, Árni Bragi Eyjólfsson 1, Hrafn Ingvarsson 1).

**Utan vallar:** 14 mínútur.

# Síðasti áratugur verið erfiður

Geir Sveinsson er á mikilli siglingu með Magdeburg í þýsku 1. deildinni, en hann fór í HM-fríið með sína menn í fjórða sæti deildarinnar. Íslendingaliðið hefur sótt í sig veðrið undanfarin ár eftir erfiða tíma.

**HANDBOLTI** „Maður getur ekki annað en verið ánægður – þetta hefur gengið svo ljómandi vel að undanförnu,“ segir Geir Sveinsson, þjálfari Magdeburg í þýsku 1. deildinni í handbolta, í viðtali við Fréttablaðið um gengi liðsins á fyrri hluta leiktíðar.

Geir er að gera frábæra hluti með liðið sem hann tók við síðasta sumar þegar hann var fenginn frá A1 Bregenz í Austurríki, en þetta mikla Íslendingalið og forna stórveldi í þýska boltanum fór í HM-fríið í fjórða sæti deildarinnar. Það er með 31 stig, stigi minna en Flensburg sem er sæti ofar.

„Það er mjög ánægjulegt að vera í fjórða sætinu þótt það sé auðvitað hellingur eftir. Deildin er mjög jöfn og liðin hafa sýnt að allir geta unnið alla,“ segir Geir.

### Lítill hópur gerir vel

Magdeburg er á miklum skriði í deildinni og er búið að vinna átta leiki í röð. Í síðasta leik fyrir hlé vann það gríðarlega sterkan þriggja marka útisigur á Frisch Auf! Göppingen, liðinu í fimmta sæti, og sleit sig þannig sjö stigum frá Göppingen og er þar með átta stigum á undan Melsungen sem er einu sæti frá Evrópusæti.

„Liðið hefur verið að spilast betur og betur til og náð góðum takti. Þegar lið finna taktinn gerast svona hlutir farið í gang, en það eru ýmsir aðrir hlutir sem spila inn í,“ segir Geir um sigurhrinuna og heldur áfram:

„Við höfum verið tiltölulega lausir við meiðsli og haldið hópnum þétt saman. Hann er ekki stór – byggist á þrettán leikmönnum – en hann er sterkur og góður.“

Geir segir nú komið að miklum óvissuþætti sem HM í handbolta er, en deildin hefst ekki aftur fyrr en 15. febrúar og mikið getur gerst á tveimur mánuðum.

„Ég er viðað alla landsliðsmenn af þessum þrettán þannig maður getur ekkert annað en vonað að þeir komi heilir til baka. Maður þekkir þetta sjálfur, þetta er auðvitað mikið álag. En ég verð líka að hugsa um þá fimm sem verða hérna. Þeir fá sitt frí fram í janúar og svo þarf ég að fylgjast með þeim sem eru á HM; hvað þeir spila mikið og hvernig álagið er á þeim,“ segir Geir.

### Komnir á beinu brautina

Magdeburg er stórveldi í þýskum handbolta og á að baki tólf Þýskalandsmeistaratitla og hefur þrisvar sinnum unnið Meistaradeildina. Síðast vann það deildina og Meistaradeildina 2001 og 2002 með Alfreð Gíslason í brúnni og Ólaf Stefánsson sem sinn besta mann.

Það drottnaði yfir þýskum handbolta á níunda áratug síðustu aldar og vann deildina átta sinnum á ellefu ára tímabili frá 1980-1991. Undanfarin ár hafa verið liðinu erfið, en það hefur mjakast rólega ofar í töflunni á hverju ári.

„Þetta er lið með mikla hefð, en það er alveg ljóst að síðustu tíu ár hafa verið klúbbnum erfið; þá sérstaklega fjárhagslega vegna aðstæðna sem sköpuðust á sínum tíma. En menn hafa verið að vinna sig út úr þessu smátt og smátt. Klúbburinn er kominn á beinu brautina og nú er hægt að einbeita sér að handboltanum,“ segir Geir.

Þrátt fyrir að menn hafi nú betri tök á peningahliðinni þýðir það ekki að Geir geti valið úr leikmönnum til að bæta við hópinn.

„Nei, alls ekki. Þetta er ýmsum römmum háð og ekkert endalaust til af fjármagni. Það heldur ekkert allt gefið með peningum. Maður vill aðallega fá týpur sem passa í hópinn. Þú getur verið fljótur að eyðileggja góðan hóp með leikmanni sem passar ekki í hópinn þótt hann sé góður í handbolta. En við fáum tvo nýja leikmenn allavega fyrir næsta tímabil og svo er að sjá hvort eitthvað bætist við það.“

### Evrópa freistar

Eins og staðan er núna í þýsku 1. deildinni er Magdeburg mun nær Meistaradeildarsæti en að missa af sæti í EHF-bikarnum. Það hefur komið sér þægilega fyrir í Evrópubaráttunni.

„Það er freistandi að horfa til Evrópukeppni á næsta tímabili en væntingarnar geta verið fljótar að fara upp á við og líka andskoti fljótar niður á við þegar eitthvað breytist. Við lögðum ekkert sérstakt upp fyrir tímabilið nema að gera betur en í fyrra sem var sjöunda sæti,“ segir Geir.

„Við ætlum okkur bara að vinna sem flesta leiki og allt fyrir ofan sjöunda sæti er jákvætt. Við þurfum bara að ná aftur upp þessum dampi eftir fríið og halda áfram að hala inn stig. Það eru alveg 30 stig eftir í pottinum.“ tomas@365.is



**SIGURGANGA** Geir Sveinsson stýrði Magdeburg til sigurs í átta leikjum í röð í þýsku 1. deildinni áður en deildin fór í langt og gott HM-frí. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Tískan kemur og tískan fer



Geir Sveinsson er einn af fjölmörgum íslenskum þjálfurum erlendis, en þjálfarar af klakanum virðast vera þeir heitustu í Evrópu um þessar mundir. Alfreð, Dagur og Geir eru í bestu deild heims, Dagur tekinn við Þýskalandi og Guðmundur stýrir því danska.

Dagur lætur svo af störfum næsta sumar og þá tekur Erlingur Richardsson við, en Berlínarrefirnir vildu fá Íslending rétt eins og Magdeburg.

Geir segist ekki hafa neina sérstaka skýringu á vinsældum íslenskra þjálfara síðustu misseri: „Er þetta ekki bara einhver tíska? Tískan kemur og tískan fer, en ég hef tekið eftir því að menn eru að spá í þessu,“ segir Geir, sem fagnar þó vitaskuld fjölda kollega sinna í Evrópuboltanum.

„Heldur betur. Það er gaman að vera með Dag hérna rétt hjá mér. Svo var virkilega gaman að sjá Erling fá starfið hjá Berlín. Ég samgleðst honum innilega. Hann hefur verið að gera alveg svakalega flotta hluti í Austurríki,“ segir Geir Sveinsson.

# City nýtti ekki hjálp Dýrlinganna

José Mourinho segir Sam Allardyce hafa komið af stað keðjuverkun í dómgæslu.

**FÓTBOLTI** Southampton gerði sér lítið fyrir og náði stigi af toppliði Chelsea þegar liðin skildu jöfn, 1-1, í 19. umferð ensku úrvalsdeildarinnar í gær, en umferðin markar lok fyrri helmings deildarinnar.

Sadio Mané kom Dýrlingunum yfir áður en Eden Hazard jafnaði, en í seinni hálfleik tækluðu lærisveinar Ronalds Koemans gestina frá Lundúnum í spað og uppskáru stig fyrir baráttu sína.

Chelsea-menn vildu fá vítaspyrnu þegar Cesc Fábregas var felldur í teignum, en hann fékk gult spjald fyrir dýfu eins og nokkrir aðrir leikmenn liðsins undanfarnar vikur.

„Ég skil ekki svona ákvörðun,“ sagði José Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, eftir leikinn og „þakkaði“ Sam Allardyce fyrir þessi gulu spjöld í síðustu leikjum.

„Allt í einu byrjar Allardyce að tala um að leikmenn Chelsea dýfi sér og aðrir stjórar taka undir. Í dag sleppir dómarinn svo vítaspyrnu og gefur mínum manni gult spjald,“ sagði Portúgalinn ósáttur í leikslok.

Manchester City hefði getað minnkað muninn á toppnum niður í eitt stig en tapaði þess í stað tveimur dýrmætum stigum gegn nýliðum Burnley. Afar óvænt. City komst í 2-0 en Burnley, sem var aðeins búið að skora tólf mörk fyrir leikinn í gær, setti tvö í beit og jafnaði leikinn.

„Þetta var fullkomið tækifæri til að ná í fleiri stig, en við spiluðum ekki vel í seinni hálfleik. Nú erum við með 43 stig og eigum seinni helming mótsins eftir,“ sagði Manuel Pellegrini. - tom



**FRÁBÆR** Eden Hazard skoraði gott mark og spilaði vel. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Fáðu þér áskrift! 365.IS

# ORIGAMI SUSHI VEISLUBAKKAR

TILVALIÐ Í PARTÍIÐ!

ORIGAMI SUSHI

## ÁRAMÓTABAKKINN, 60 BITAR

BÚIÐ TIL DAGLEGA



**5.999**

Rækju tempura, Surf and Turf, Peking önd, mangó, Piri Piri, Crunchy tuna, kjúklingur og grilluð paprika, kalkúnabringa og sæt kartafla, kjúklinga Teriyaki og Spicy krabbasalat.



40 bitar, ekkert hrátt
**5.499**



50 bitar, grænmetis
**4.999**



50 bitar, maki
**5.899**



50 bitar, maki, nigiri og sashimi
**5.899**



50 bitar, maki og nigiri
**5.899**

Panta þarf fyrir kl 16:00 þann 30. des. í síma **563 5225** eða senda tölvupóst á *origamisushi@origamisushi.is*

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

# NAUTALUND Í SMJÖRDEIGSSVEPPAHJÚP




## NAUTALUND Í SMJÖRDEIGSSVEPPAHJÚP (NAUT WELLINGTON)

**Sveppamauk**
2 box sveppir
2 stk portóbellósveppir
3 hvítlauksgeirar (skrældir)
4 skallotlaukar ( skrældir )

Setjið sveppina, portóbellósveppina, hvítlaukinn og skallotlaukinn í matvinnsluvél og vinnið saman í ca. 20 sek eða þar til allt er orðið smátt skorið. Hitið pönnu og setjið blönduna á þurra pönnuna og steikið þar til vökvinn er farinn úr þeim og þeir eru farnir að gyllast. Setjið blönduna inn í kæli í 30 mín.

**Nautalund**
800-1000 gr nautalund (fullhreinsuð)
1 plata smjördeig
1 msk dijonsinnep
10 sneiðar af hráskinku
sjávarsalt
svartur pipar úr kvörn
ólífuolía
1 stk eggjarauða

Hitið pönnu með ólífuolíu á og brúnið nautalundina allan hringinn. Penslið hana með dijonsinnepinu og kryddið með saltinu og piparnum. Leggið plastfilmu á eldhúsborðið sem er 40 x40 cm, gott er að leggja nokkrar filmur saman til að ná þessari stærð. Raðið hráskinkunni á plastfilmuna þannig að hún sé nógu stór til að hjúpa lundina. Smyrjið sveppamaukinu þétt yfir hráskinkuna og setjið svo nautalundina inn í miðjuna. Hjúpið nautalundina með skinkunni og sveppamaukinu með því að leggja plastfilmuna varlega yfir nautalundina og rúlla svo plastinu þéttingsfast utan um hana. Setjið rúlluna inn í ísskáp í 30 mín.

Á meðan takið þið smjördeigið og fletjið það út með kefli í stærð sem nær utan um lundina. Takið rúlluna út úr kælinum, setjið á mitt smjördeigið og hjúpið rúlluna með smjördeiginu. Lokið rúllunni í báða enda með smjördeiginu og setjið hana á bökunarplötu með smjörpappír á og passið að samskeytin á smjördeiginu séu undir rúllunni.
Penslið rúlluna með eggjarauðunni, skerið grunnar rendur í deigið með bakinu á litlum hníf – ath. ekki skera í gegnum deigið! Saltið vel yfir deigið og setjið inn í 200°C heitan ofninn í 25-30 mín eða þar til rúllan hefur náð 50°C í kjarnhita. Takið út úr ofninum og látið hvíla í 10-15 mín.



**Ekta ítalskur Gelato og Sorbet**




**Tonitto Il Panettone**
Ísfyllt Panettone beint frá Ítalíu. 1 kg.



**Flintstones drykkir**
Óáfengir freyðidrykkir.



Fæst í Smárlind, Kringlu, Akureyri og Garðabæ.

**Glow glös**
Helltu í glasið og sjáðu það lýsast upp, kláraðu drykkinn og glasið hættir að lýsa.



**Way Better**
Snakk úr spíruðum fræum.



**Ostakörfur fyrir áramótin**
5 stærðir.



NÝ UPPSKERA FRÁ SUÐUR AFRÍKU

FERSKT MEÐ FLUGI

- Blæjuber
- Kirsuber
- Trönuber
- Jarðarber
- Rifsber
- Brómber
- Hindber
- Bláber
- Vínber




Gildir til 31. desember á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**Stöð 2 kl. 18.54**
**Ísland í dag**
Umsjónarmenn fara yfir helstu tíðindi dagsins úr pólitíkinni, menningunni og mannlífinu.

## Í KVÖLD



### Stelpurnar
**GULLSTÖÐIN KL. 21.15** Frábærir sketsaþættir þar sem stelpurnar fara á kostum með óborganlegum leik og geggjað grín. Á meðal leikenda eru Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, Brynhildur Guðjónsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Katla Margrét Þorgeirsdóttir og Kjartan Guðjónsson.



### Vampire Diaries
**STÖÐ 3 KL. 21.45** Fimmta þáttaröðin um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.



### Bara grín
**GULLSTÖÐIN KL. 20.05** Sprenghlægilegur og stórskemmtilegur gamanþáttur þar sem Björn Bragi Arnarsson rifjar upp bestu gamanþættina úr sögu Stöðvar 2 með myndbrotum og viðtölum við þau sem komu að gerð þáttanna.

**Bylgjan kl. 10.00**
**Ívar Guðmunds**
Ívar Guðmunds er ferskur með þér til klukkan tólf á Bylgjunni.




# Bio-Kult

Öflug blanda mjólkursýrugerla sem bæta meltinguna




*„Bylting á heilsunni og hundurinn fær líka Bio Kult "*
**Þórunn G. Þórarinsdóttir**

*„Fann mikinn mun á meltingunni"*
**Margrét Kaldalóns**

*„Mæli með Bio Kult við mína skjólstæðinga"*
**Sigríður Jónsdóttir**


## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**07.01** **Waybuloo**
**07.20** **Villingarnir**
**07.40** **Loonatics Unleashed**
**08.05** **Wonder Years**
**08.30** **2 Broke Girls**
**08.50** **Mom**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The Doctors**
**10.15** **Fókus**
**10.45** **The Politician's Husband**
**11.45** **Falcon Crest**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **American Idol**
**13.45** **Grown Ups 2**
**15.35** **ET Weekend**
**16.20** **Villingarnir**
**16.45** **New Girl**
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Nágrannar**
**17.57** **Simpson-fjölskyldan**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Hátíðartónleikar Eimskips** Upptaka frá glæsilegum hátíðartónleikum sem haldnir voru í Eldborgarsal Hörpu í janúar í tilefni af 100 ára afmæli Eimskipafélags Íslands.
**20.25** **Dulda Ísland**
**21.20** **Peaky Blinders** Vandaðir þættir sem gerast í Birmingham á Englandi árið 1919 og fjalla um harðsvírað glæpagengi sem ræður þar ríkjum en það er glæpaforinginn Thomas Shelby sem fer þar fremstur í flokki.
**22.20** **Rush**
**23.05** **The Escape Artist**
**00.35** **The Escape Artist**
**02.05** **Captain Phillips**
**04.15** **Grown Ups 2**
**05.55** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT
*besta sætið*

**11.30** **Levante - Real Sociedad**
**13.10** **Barcelona - Cordoba**
**14.50** **Spænsku mörkin 2014/2015** Sýndar svipmyndir frá leikjunum í spænsku úrvalsdeildinni.
**15.20** **Derby - Chelsea**
**17.00** **League Cup Highlights**
**17.30** **Enski deildarbikarinn: Man. City - Sunderland**
**19.25** **The Association – Cleveland Cavaliers** Skemmtilegur heimildarþáttur frá NBA.
**19.50** **Klitschko** Heimildarmynd um bræðurna Vitali og Wladimir Klitschko sem hafa deilt öllum heimsmeistaratitlum í þungavigtarhnefaleikum, fyrstir bræðra í sögunni.
**21.45** **UFC Now 2014**
**22.30** **Box - Lemieux vs Rosado**

## SPORT 2
*enski boltinn*

**08.00** **Hull - Leicester**
**09.45** **QPR - Crystal Palace**
**11.30** **West Ham - Arsenal**
**13.10** **Man. City - Burnley**
**14.50** **Newcastle - Everton**
**16.30** **Southampton - Chelsea**
**18.10** **Tottenham - Man. Utd.**
**19.50** **Liverpool - Swansea** Beint
**22.00** **Messan**
**23.15** **Football League Show 2014/2015**
**23.45** **Liverpool - Swansea**
**01.25** **Messan**

## ÍNN

**20.00** Frumkvöðlar **20.30** Panorama **21.00** Fyrirtækjaheimsóknir **21.30** Stormað

## STÖÐ 3

**17.00** **Wipeout**
**17.45** **My Boys**
**18.10** **One Born Every Minutes UK**
**19.00** **The Amazing Race**
**19.50** **The Goodwin Games**
**20.15** **Mind Games**
**21.00** **The Glades**
**21.45** **Vampire Diaries**
**22.30** **Pretty little liar**
**23.15** **Treme**
**00.15** **Southland**
**01.00** **The Amazing Race**
**01.45** **The Goodwin Games**
**02.10** **Mind Games**
**02.50** **The Glades**
**03.35** **Vampire Diaries**
**04.20** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## Krakkastöðin

**07.00** Ofurhundurinn Krypto **07.22** Kalli á þakinu **07.47** Ævintýraferðin **08.00** Ben 10 **08.25** Lína langsokkur **08.47** Tommi og Jenni **08.54** Tommi og Jenni **09.00** Dóra könnuður **09.45** Rasmus Klumpur og félagar **09.50** Doddi litli og Eyrnastór **10.00** Áfram Diego, áfram! **10.24** Svampur Sveinsson **10.45** Mamma Mu **10.55** UKI **11.00** Ofurhundurinn Krypto **11.22** Kalli á þakinu **11.47** Ævintýraferðin **12.00** Ben 10 **12.25** Lína langsokkur **12.47** Tommi og Jenni **12.53** Tommi og Jenni **13.00** Dóra könnuður **13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.45** Rasmus Klumpur og félagar **13.50** Doddi litli og Eyrnastór **14.00** Áfram Diego, áfram! **14.24** Svampur Sveinsson **14.45** Mamma Mu **14.55** UKI **15.00** Ofurhundurinn Krypto **15.22** Kalli á þakinu **15.47** Ævintýraferðin **16.00** Ben 10 **16.25** Lína langsokkur **16.47** Tommi og Jenni **16.53** Tommi og Jenni **17.00** Dóra könnuður **17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.45** Rasmus Klumpur og félagar **17.50** Doddi litli og Eyrnastór **18.00** Áfram Diego, áfram! **18.24** Svampur Sveinsson **18.45** Mamma Mu **18.55** UKI **19.00** Pláneta 51 **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.15** **Um land allt**
**17.40** **Gulli byggir**
**18.10** **Matarást með Rikku**
**18.40** **Evrópski draumurinn**
**19.15** **Mér er gamanmál**
**19.45** **Gatan mín**
**20.05** **Bara grín**
**20.35** **Besta svarið**
**21.15** **Stelpurnar**
**21.40** **Mið-Ísland**
**22.10** **Steindinn okkar**
**22.35** **Ástríður**
**23.00** **Ástríður**
**23.30** **Spurningabomban**
**00.20** **Friends**
**00.45** **Modern Family**
**01.10** **Two and a Half Men**
**01.30** **Hannað fyrir Ísland**
**02.15** **Hið blómlega bú – hátíð í bæ**
**02.40** **Sælkeraferðin**
**03.00** **Um land allt**
**03.25** **Gulli byggir**
**03.50** **2 Broke Girls**
**04.15** **Matarást með Rikku**
**04.40** **Evrópski draumurinn**
**05.10** **Mér er gamanmál**

## BÍÓSTÖÐIN

**07.35** **Rumor Has It**
**09.10** **Playing For Keeps**
**10.55** **Jack the Giant Slayer**
**12.50** **The American President**
**14.45** **Rumor Has It**
**16.20** **Playing For Keeps**
**18.05** **Jack the Giant Slayer**
**20.00** **The American President**
**22.00** **Dream House**
**23.35** **Red**
**01.25** **Little Miss Sunshine**
**03.10** **Dream House**
**06.00** **You've Got Mail**

## RÚV

**07.00** **Morgunstundin okkar**
**07.01** **Kioka**
**07.08** **Ævintýri Berta og Árna**
**07.14** **Einar Áskell**
**07.27** **Stella og Steinn**
**07.38** **Babar og ævintýri Badou**
**08.00** **Friðþjófur Forvitni**
**08.22** **Litli prinsinn**
**08.43** **Kóala bræður**
**08.53** **Kúlugúbbarnir**
**09.17** **Kung Fú Panda**
**09.40** **Unnar og vinur**
**10.03** **Undraveröld Gúnda**
**10.30** **Dagfinnur dýralæknir**
**11.55** **Bráðskarpar skepnur**
**12.45** **Tónlistarhátíð í Hackney**
**13.45** **Framandi og freistandi**
**14.15** **Leikfang til að læra af**
**15.40** **Útúrdúr**
**16.30** **Landakort**
**16.35** **Skólaklíkur**
**17.20** **Tré-Fú Tom**
**17.42** **Spurt og sprellað**
**17.47** **Grettir**
**17.59** **Skúli skelfir**
**18.10** **Um hvað snýst þetta allt?**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Rétt viðbrögð í skyndihjálp**
**18.35** **Saga Bolungarvíkur** Leikinn heimildarþáttur um sögu staðarins frá landnámi fram á gullöld hans um 1970.
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Íþróttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.05** **Viðar Bragi – Ironman 1341**
**20.50** **Víkingarnir**
**21.35** **Hársbreidd frá heimsfrægð**
**23.05** **Shawshank-fangelsið**
**01.25** **Kastljós**
**01.50** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **The Talk**
**09.40** **America's Next Top Model**
**10.25** **America's Next Top Model**
**11.05** **Real Housewives of Orange County**
**11.45** **Real Housewives of Orange County**
**12.30** **Kitchen Nightmares**
**13.20** **Jane the Virgin**
**14.00** **Cheers**
**14.25** **Family Guy**
**14.50** **Top Chef**
**15.40** **Judging Amy**
**16.25** **Design Star**
**17.10** **The Good Wife**
**17.50** **Dr. Phil**
**18.30** **The Tonight Show**
**19.10** **The Talk**
**19.50** **Rules of Engagement**
**20.10** **Hotel Hell**
**21.00** **Hawaii Five-O**
**21.45** **CSI**
**22.30** **The Tonight Show**
**23.15** **The Good Wife**
**00.00** **Elementary**
**00.45** **Hawaii Five-O**
**01.30** **CSI**
**02.15** **The Tonight Show**
**03.05** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**09.10** **Íslandsmótið í höggleik**
**12.40** **Íslandsmótið í höggleik**
**15.50** **Herminator Invitational**
**16.20** **Herminator Invitational**
**17.00** **US Open 2014**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

Bílabúð Benna - notaðir bílar

# Tilboðsbílar

Þú finnur rétta bílinn á benni.is




**Chevrolet Orlando**

Bensín | Sjálfskiptur
Skráningarár 3/2013

**Ásett verð: ~~3.390.000 kr.~~**




**Mitsubishi Pajero**

Dísel | Sjálfskiptur
Skráningarár 1/2013

**Ásett verð: ~~7.690.000 kr.~~**




**MERCEDES-BENZ C230K SPORT**

Bensín | Sjálfskiptur
Skráningarár 11/2004

**Ásett verð: ~~1.990.000 kr.~~**




**VW Golf Trendline**

Bensín | Sjálfskiptur
Skráningarár 6/2012

**Ásett verð: ~~2.490.000 kr.~~**




**Chevrolet Spark**

Bensín | Beinskiptur
Skráningarár 6/2013

**Ásett verð: ~~1.590.000 kr.~~**




**Chevrolet Captiva**

Dísel | Sjálfskiptur
Skráningarár 2/2013

**Ásett verð: ~~4.390.000 kr.~~**




## Veglegur flugeldapakki með hverjum seldum bíl

Bílabúð Benna hefur verið traustur styrktaraðili Hjálparsveitar Skáta í Reykjavík til fjölda ára

Sölustaðir Hjálparsveita Skáta í Reykjavík

- Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
- Risaflugeldamarkaður HSSR - Malarhöfða 6
- Spöngin - Grafarvogi
- Grafarholt - við Húsasmiðjuna
- Mjóddin - Breiðholti
- Skátaheimili Skjöldunga - Sólheimum 21a
- Norðlingaholt - Elliðabraut

HJÁLPARSVEIT SKÁTA REYKJAVÍK




ergo

Fjármögnum það sem upp á vantar

Komdu við í Vagnhöfðanum, skoðaðu fjölbreytt úrval notaðra bíla og kynntu þér hagstæða fjármögnun hjá sölumönnum okkar.

**Reykjavík**
Vagnhöfða 27
Sími: 590 2035

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Opnunartímar:**
Virka daga 10-18
Laugardaga 12-16

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## ÁRAMÓTAHEITIÐ



**„Já, reyndar var ég með heit um það að reyna að vakna hálftíma fyrr á morgnana en ég geri venjulega til þess að ná betur utan um líf mitt. Held að það sé heillavænlegt að geta lesið blöðin í rólegheitum áður en stelpan vaknar. En ég sé þetta samt ekki gerast því miður og maðurinn minn hlær dátt þegar hann les þetta.“**

Helga Arnardóttir fjölmiðlakona.

# Mannfræðingur opnar snyrtiverslun á netinu

María Erlendsdóttir, mann- og ferðamálafræðingur, opnaði netverslun með lífrænar snyrtivörur.

„Fyrir nokkrum árum fór ég að skoða og spá í því sem ég set ofan í mig. Í framhaldinu fór ég að skoða snyrtivörurnar sem ég notaði og innihaldið í þeim og komst að því að þar leynast ýmis skaðleg efni. Ég fór því á stúfana að leita að hreinum vörum sem eru án allra aukaefna og afraksturinn eru þessar vörur sem sumar hverjar hafa slegið í gegn vestanhafs,“ segir María Erlendsdóttir, mann- og ferðamálafræðingur, sem opnaði á dögunum netverslunina Freyja Boutique, sem býður eingöngu upp á lífrænar og náttúrulegar snyrtivörur ásamt vörum fyrir hár og húðumhirðu.

„Ég hef fengið rosalega góðar viðtökur við þessu. Áhuginn er mikill hjá almenningi og innan förðunarbransans á svona snyrtivörum og greinilega verið mikil vöntun á svona vörum. Margir spá í hvað þeir setja ofan í sig og þá er eðlilegt næsta skref að skoða hvað þú setur á húðina,“ segir hún.

Meðal snyrtivaranna sem María býður upp á eru RMS beauty, en vörurnar voru meðal annars notaðar á fyrirsætur Victoria's Secret-undirfatasýningarinnar fyrr í mánuðinum.

„Það er trú margra að náttúrulegar vörur séu ekki eins góðar og þessar hefðbundnu. Hins vegar hefur verið mikil og hröð þróun í framleiðslu undanfarið og nú eru þær alveg fullkomlega sambærilegar öðrum vörum hvað gæði varðar,“ segir María. - asi



**FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR** María er hæstánægð með viðtökurnar og segir eftirspurnina greinilega hafa verið mikla. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**GUNNAR KARL MEÐ LAMBASTEIKINA** Segir vanta meiri fjölbreytni í gróðurhúsin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Spurði yfirlögreglustjóra út í grasgróðurlampana

Gunnar Karl Gíslason kokkur stendur í tilraunastarfsemi í grænmeti og jurtum á Dill.

„Núna erum við að reyna að hefja tilraunastarfsemi í grænmeti og jurtum í gróðurhúsi hérna. Það verður ákaflega spennandi að fylgjast með því og sjá hvernig gengur,“ segir Gunnar Karl Gíslason, matreiðslumaður og eigandi veitingastaðarins Dill.

„Við keyptum okkur gróðurlampa til að rækta á staðnum í ákaflega litlum mæli. Hugmyndin hjá okkur er að fá meiri fjölbreytni.“

Gunnar segir að veitingastaðurinn kaupi ógrynni af jurtum og salötum frá útlöndum, sem væri hins vegar hægt að rækta í gróðurhúsum hér á landi. Þá sé stundum litið niður á gróðurhús erlendis þar sem þau gangi oft fyrir jarðeldsneyti. „Okkar gróðurhús hljóta nú að teljast nokkuð vistvæn, án þess að ég sé sérfræðingur á því sviði, en þau hljóta að vera hreinni en þau sem ganga fyrir kolum og olíu,“ segir hann.

Í mánuðinum birtist viðtal við Gunnar og fleiri íslenska matreiðslumenn á Munchies, matarsíðu fjölmiðilsins Vice, sem ber yfirskriftina „Þessi íslenski kokkur hefur not fyrir marijúanagróðurlampana þína.“ Gunnar hafði nefnilega samband á sínum tíma við Stefán Eiríksson, þáverandi yfirlögreglustjóra, þegar lögreglurassíur gegn kannabisræktunum stóðu sem hæst, en eins og allir með græna fingur vita eru gróðurlamparnir það dýrasta við að rækta jurtir.

> **Ég tékkaði í rauninni á því hvort það væri hægt að kaupa ræktunarbúnað á uppboði en það var ekki vel séð.**

„Ég tékkaði í rauninni á því hvort það væri hægt að kaupa ræktunarbúnað á uppboði en það var ekki vel séð, skiljanlega kannski því að búnaðurinn er eiginlega alltaf stolinn skilst mér,“ segir Gunnar og skellir upp úr. thorduringi@frettabladid.is

## ÞURFUM MEIRA RAFMAGN

Í greininni á munchies.vice.com er einnig talað við Knút Rafn Ármann sem starfar hjá gróðurhúsinu Friðheimum á Selfossi. „Það væri ljúft að hafa aðgang að meira grænmeti, en það er takmarkað hvað við getum gert vegna rafmagnskostnaðar,“ segir Knútur Rafn. „Að sjálfsögðu er kostnaðurinn lægri en sums staðar í Evrópu en við erum staðsett norðar, þannig að við þurfum að nota meira rafmagn.“

Þá segir í greininni að lýsingin sé það dýrasta við grænmetisframleiðslu, eins og hver marijúanaræktandi veit. „Einu sinni hringdi ég í fyrrverandi yfirlögreglustjórann í Reykjavík af því að ég var alltaf að heyra um lögregluna að góma fólk fyrir að rækta marijúana,“ segir Gunnar Karl í greininni. „Þannig að ég hringdi til að athuga hvað þeir gerðu við þessa lampa. Hann sagði: „Hvað ertu að pæla í að gera?“ Ég vildi bara rækta jurtir í kjallaranum mínum. En í nánast öll skiptin sem lögreglan gómar ræktendur þá eru lamparnir stolnir.“

# Safna fyrir brettamerki á netinu

Hönnuðirnir Hugo Poge og Hulda Karlotta Kristjánsdóttir hanna fyrir MYNKA.

„Mig langar til þess að gera streetwear-merki þar sem ólíkir hönnuðir geta komið sinni hönnun á framfæri,“ segir Hugo Poge, grafískur hönnuður, sem ásamt Huldu Karlottu Kristjánsdóttur fatahönnuði stofnaði fatamerkið MYNKA.

Merkið sérhæfir sig í snjó- og hjólabrettafatnaði ásamt fylgihlutum. Þau Hulda og Hugo bíða nú eftir að geta fjármagnað framleiðsluna á vörunum á söfnunarsíðunni Karolina Fund, en allri hugmyndavinnu og sýnishornagerð er lokið. „Partur af verkefninu er að vinna með listamönnum og þeir auglýsi í rauninni verk sín á bolunum og brettunum frá okkur,“ segir Hulda.

Þau ætla að auglýsa eftir listamönnum sem vilja taka þátt í verkefninu og velja úr. Hugo, sem er frá Portúgal, þekkir snjó-, hjólaog brimbrettageirann vel. „Ég hef unnið í þessum bransa í fimmtán ár en ég byrjaði hjá Gordon and Smith sem er elsta merkið í þessu. Síðan þá hef ég unnið hjá K2 og Nikita, en þannig kynntist ég Íslandi og konunni minni sem er íslensk,“ segir hann.

Sjálfur hannaði hann stóran hluta af fyrstu línu MYNKA, þar á meðal þrjú snjóbretti með myndum sem hann tók á Íslandi. - asi



**FREISTANDI AÐ RENNA SÉR** Hugo með brettin sín úti í snjónum sem svo sannarlega er nóg af. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

PIPAR\TBWA - SÍA - 144215




SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Á undanförnum vikum og mánuðum hefur mikið mætt á björgunarsveitum landsins og kostnaður vegna útkalla verulegur. Þess vegna hefur Olís sem aðalstyrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar ákveðið að 5 krónur af hverjum lítra renni til félagsins. Landsmönnum gefst þannig tækifæri til að styrkja Slysavarnafélagið Landsbjörg með því að dæla krónum inn á reikning samtakanna um leið og dælt er á bílinn.

olís ÓB

# Epla verð

## Nýjar og notaðar vörur á frábæru verði

Neðangreindar vörur eingöngu seldar
í verslun Epli á Laugaveg 182



## Fartölvur

| Fjöldi | Vöruheiti | Verð |
|---|---|---|
| 1 | **MacBook 13'** 2.4GHz | 19.990 |
| 1 | **MacBook Air 13'** 128GB | 99.990 |
| 1 | **MacBook Air 11'** 128GB | 129.990 |
| 1 | **MacBook Air 11'** 128GB | 139.990 |
| 3 | **MacBook Air 11'** 256GB | 149.990 |
| 2 | **MacBook Pro 13'** 2,5GHz i5 | 169.990 |
| 5 | **MacBook Air 13'** 128GB | 169.990 |
| 1 | **MacBook Air 13'** 256GB | 199.990 |
| 1 | **MacBook Pro 15'** Retina 2,3GHz | 249.990 |
| 1 | **MacBook Pro 15'** Retina 2.7GHz | 269.990 |

## Borðtölvur

| | | |
|---|---|---|
| 2 | **Mac mini** 2.5GHz Dual i5 | 79.990 |
| 1 | **Mac mini** 2.3GHz Quad i7 | 99.990 |
| 2 | **Mac Mini** Server | 134.990 |
| 1 | **iMac 27'** 3.2GHz Quad-Core i5 | 289.990 |





## iPhone 5s

| | | |
|---|---|---|
| 1 | **iPhone 5s** 16GB Space Grey | 84.990 |
| 1 | **iPhone 5s** 32GB Gold | 94.990 |

## iPodar

| | | |
|---|---|---|
| 1 | **iPod Touch** (4G), 8GB | 14.990 |
| 1 | **iPod Touch** (4G), 8GB | 14.990 |
| 1 | **iPod touch** (Late 2009) 32GB-EU | 14.990 |
| 1 | **iPod nano** 16GB Purple | 19.990 |

## Hátalarar

| | | |
|---|---|---|
| 1 | **Libratone Loop,** Salty Grey | 59.990 |
| 1 | **Libratone Zipp** | 39.990 |
| 2 | **Libratone Beat** | 49.990 |
| 2 | **B&W Z2 hátalari m. Lightning - svartur** | 69.990 |
| 4 | **B&W Z2 hátalari m. Lightning - hvítur** | 69.990 |



Birt með fyrirvara um verðbreytingar og prentvillur.
Fyrir nánari upplýsingar um ástand vöru á tilboði, vinsamlegast hafið samband við sölumenn í verslun Epli.

# sprengjur

## iMac tilboð gilda til 31. des 2014



### iMac 21" 2014 módel

iMac 21' 1.4GHz Dual-Core i5 — **179.990**
Verð áður 199.990

iMac 21' 2.7GHz Quad-Core i5 — **219.990**
Verð áður 239.990

iMac 21' 2.9GHz Quad-Core i5 — **249.990**
Verð áður 279.990

### iMac 27" 2014 módel

iMac 27' 3.2GHz Quad-Core i5 — **299.990**
Verð áður 329.990

iMac 27' 3.4GHz Quad-Core i5 — **339.990**
Verð áður 369.990

## Allir aukahlutir **30%** afsláttur

Nema Apple aukahlutir





## Eldri Apple aukahlutir **50%** afsláttur



Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI

FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Glaðir fyrrverandi Verzlingar

Það var glatt á hjalla á Hótel Holti í fyrrakvöld þegar nokkrir fyrrverandi nemendur Verzlunarskóla Íslands voru saman komnir. Í hópnum voru meðal annars **Haukur Örn Birgisson**, forseti Golfsambands Íslands, Heiðar Örn Sigurfinnsson fréttamaður, Ragnar Jónasson rithöfundur, Hafsteinn Þór Hauksson, lektor við lagadeild Háskóla Íslands, Ágúst Bjarnason fjöllistamaður, Árni Sigurjónsson, yfirlögfræðingur Marel, og fleiri. Reiddar voru fram dýrindis kræsingar á Holtinu, en eitthvað þykir þjónustan þar fara versnandi með árunum.



- jhh

### Fimm egg í morgunmat

Langt og ítarlegt viðtal við hina margverðlaunuðu íþróttakonu **Annie Mist Þórisdóttur** birtist á vef breska dagblaðsins The Telegraph í gær. Í viðtalinu er farið yfir líf og feril íþróttakonunnar ásamt markmiðum hennar og matarvenjum. Annie Mist segir í viðtalinu að morgunmatur hennar samanstandi í flestum tilfellum af fimm eggjum ásamt sætri kartöflu, beikoni og appelsínusafa. Hún neyti áfengis aðeins einu sinni til tvisvar á ári en leyfi sér þó sætindi á laugardögum. Annie Mist segir einnig frá markmiði sínu að vinna heimsleikana í crossfit árið 2015. Hún vann leikana tvö ár í röð en gat ekki keppt árið 2013 vegna meiðsla.



- gló

### Mest lesið VÍSIR

1 Leitin að týndu flugvélinni stöðvuð tímabundið
2 Mýs leggjast á sauðfé í fjárhúsi og særa það til að komast í æti
3 Stendur fyrir maraþonsýningu á Hringadróttinssögu
4 Öxnadalsheiði lokuð og hálka víða
5 Tölvuþrjótar láku kortaupplýsingum




